

## I EES-STOFNANIR

## 1. EES-ráðið

## 2. Sameiginlega EES-nefndin

94/EES/57/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 01 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB frá 30. maí 1994 um vélrænan tengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og festingu hans við ökutækin..... 02
94/EES/57/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 62 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/26/EB frá 15. júní 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum..... 63
94/EES/57/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 66 Tilskipun ráðsins 94/29/EB frá 23. júní 1994 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir 86/362/EBE og 86/363/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum og matvælum úr dýrarikinu..... 67
94/EES/57/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 71 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3457/92 frá 30. nóvember 1992 um nákvæmar reglur um skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum til bandalagsins, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum..... 73 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 frá 22. desember 1992 um frestun á beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, með tilliti til innflutnings frá tilteknum þriðju löndum..... 76 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 468/94 frá 2. mars 1994 um breytingu á VI. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum..... 77 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 688/94 frá 28. mars 1994 um breytingu á framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 um frestun á beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, með tilliti til innflutnings frá tilteknum þriðju löndum..... 80

<b>94/EES/57/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 81 Tilskipun ráðsins 94/30/EB frá 23. júní 1994 um breytingu á II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum, og skrá yfir hámarks magn..... 82
<b>94/EES/57/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 99 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. júní 1994 um reglur um stjórn samstarfs um vísindalegar athuganir á sviði matvæla.....100
<b>94/EES/57/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....102 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 955/94 frá 28. apríl 1994 um breytingu á I. og II. viðauka reglugerðar ráðsins 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.....103
<b>94/EES/57/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....105 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/94 frá 22. júní 1994 um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.....106
<b>94/EES/57/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....109 Sautjándi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/32/EB frá 29. júní 1994 um aðlögun að tækniframförum á II., III., V., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur.....110
<b>94/EES/57/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....114 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu).....115 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til stafrænna þráðlausra fjarskipta í Evrópu (DECT).....118 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tal-símakröfum sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT)...120
<b>94/EES/57/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....123 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.....124
<b>94/EES/57/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....133 Ályktun ráðsins frá 16. júní 1994 um þróun samvinnu á sviði stjórnsýslu við framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri markaðinum.....134
<b>94/EES/57/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....137 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um sameiginlegar verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisamþykki.....138

<b>94/EES/57/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.....	146
<b>94/EES/57/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta.....	147
	<b>3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	<b>4. Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>	
	<b>2. Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
	<b>3. EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Ráðið</b>	
	<b>2. Framkvæmdastjórnin</b>	
	<b>3. Dómstóllinn</b>	

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/57/01

nr. 30/94

frá 15. desember 1994

### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

#### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB frá 30. maí 1994 um vélrænan tengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og festingu hans við ökutækin<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

#### ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 45q (tilskipun ráðsins 93/94/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„45r. **394 L 0020:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB frá 30. maí 1994 um vélrænan tengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og festingu

hans við ökutækin (Stjútíð. EB nr. L 195, 29. 7. 1994, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í I. viðauka bætist eftirfarandi við lið 3.3.4:

„12 fyrir Austurríki  
17 fyrir Finnland  
IS fyrir Ísland  
16 fyrir Noreg  
5 fyrir Svíþjóð“.

##### 2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

##### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

(<sup>1</sup>) Stjútíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjútíð. EB nr. L 195, 29. 7. 1994, bls. 1.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/20/EB

frá 30. maí 1994

### um vélrænan tengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og festingu hans við ökutækin(\*)

#### EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í stofnsáttmála Evrópubandalagsins <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir. Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir í þessu skyni.

Tæknilegar kröfur sem vélknúin ökutæki og eftirvagnar þeirra skulu uppfylla samkvæmt landslögum varða, meðal annars, vélrænan tengibúnað.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því ber nauðsyn til að öll aðildarríki samþykki sömu kröfur, annaðhvort til viðbótar gildandi reglum eða í stað þeirra, einkum til að unnt sé að hrinda í framkvæmd EBE-gerðarviðurkenningar- aðferðinni sem fjallað var um í tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(4)</sup>.

Þessi tilskipun er ein sértilskipana sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningaraðferðina sem um getur í tilskipun 70/156/EBE. Ákvæði tilskipunar 70/156/EBE um einstök kerfi í ökutækjum, íhluta og aðskildar tæknieiningar gilda þar af leiðandi í þessari tilskipun.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 195, 29. 7. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 134, 25. 5. 1992, bls. 36.

(2) Stjttíð. EB nr. C 313, 30. 11. 1992, bls. 10.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 29. október 1992 (Stjttíð. EB nr. C 305, 23. 11. 1992, bls. 115). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. september 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(4) Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/53/EBE (OJ nr. L 225, 10. 8. 1992, bls. 1.

Talið er mikilvægt, með það í huga að auka umferðaröryggi og auðvelda umskiptingu vélknúinna ökutækja og eftirvagna í millilandaumferð, að öll ökutæki sem mynda vagnlest eða eru liðtengd hafi staðlaðan og samhæfðan tengibúnað.

Æskilegt er að fylgja tæknilegum kröfum í ECE-reglugerð nr. 55 frá Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samræmd ákvæði um íhluta vélræns tengibúnaðar í samtengd ökutæki. Reglugerð nr. 55 er í viðauka við samkomulagið frá 20. mars 1958 um að innleiða samræmd skilyrði varðandi samþykki og gagnkvæma viðurkenningu á samþykki fyrir búnað og hluta fyrir vélknúin ökutæki.

Aðallega er stuðst við alþjóðlega staðla (ISO) varðandi samræmd mál vélræns tengibúnaðar til að umskipting einstakra ökutækja sem mynda vagnlest eða eru liðtengd geti átt sér stað og til að tryggja frjálsa vöruflutninga í aðildarríkjunum.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „ökutæki“: vélknúin ökutæki samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE, sem ætluð eru til aksturs á vegum, fullbúin eða ófullbúin, á fjórum eða fleiri hjólum og hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og öllum hreyfanlegum vélbúnaði,
- „gerð vélræns tengibúnaðar“: vélrænn tengibúnaður sem heimilt er að gerðarviðurkenna sem íhluta í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

##### 2. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að synja um:

- EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki eða banna sölu þess, að það sé skráð eða tekið í notkun vegna valfrjáls búnaðar þess með vélrænum tengibúnaði,
- EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu íhluta fyrir vélrænan tengibúnað eða banna

sölu eða notkun vélræns tengibúnaðar, ef kröfunum í viðaukunum er fullnægt.

**3. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan 18 mánaða frá því að hún var samþykkt. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Þau skulu beita þessum ákvæðum 18 mánuðum eftir að þessi tilskipun er samþykkt.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**E. KLEPSCH**

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

**TH. PANGALOS**

forseti

**SKRÁ YFIR VIÐAUKA**

- I. VIÐAUKI:** Gildissvið, skilgreining, umsókn um og veiting EBE-gerðarviðurkenningar, útvíkkun viðurkenningar, framleiðslusamræmi
- II. VIÐAUKI:** Dæmi um EBE-viðurkenningarmerkingu
- III. VIÐAUKI:** Upplýsingaskjal viðvíkjandi gerðarviðurkenningu vélræns tengibúnaðar
- IV. VIÐAUKI:** EBE-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir vélrænan tengibúnað
- V. VIÐAUKI:** Kröfur sem vélrænn tengibúnaður skal uppfylla
- VI. VIÐAUKI:** Prófun vélræns tengibúnaðar
- VII. VIÐAUKI:** Kröfur varðandi festingu vélræns tengibúnaðar við ökutæki
- VIII. VIÐAUKI:** Upplýsingaskjal viðvíkjandi gerðarviðurkenningu ökutækja
- IX. VIÐAUKI:** EBE-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki

## VIÐAUKI I

### 1. Gildissvið

- 1.1. Þessi tilskipun gildir um vélrænan tengibúnað fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og um festingu hans við ökutækin, eins og um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar.
- 1.2. Í þessari tilskipun er lýst kröfum sem vélrænn tengibúnaður fyrir samtengd ökutæki skal uppfylla til að unnt sé að tryggja:
- samhæfi þegar vélknúin ökutæki eru tengd við mismunandi gerðir eftirvagna,
  - að tenging ökutækja við allar notkunaraðstæður sé örugg,
  - að aðferðir við tengingu og aftengingu séu öruggar.
- 1.3. Tengibúnaður er flokkaður eftir gerðum, auk þess sem greinarmunur er gerður á:
- stöðluðum tengibúnaði (sjá lið 2.1.11), og
  - óstöðluðum tengibúnaði (sjá lið 2.1.12).

Eftirfarandi flokkun gildir:

- |          |                               |  |
|----------|-------------------------------|--|
| 1.3.1.   | A-flokkur:                    | Tengikúlur og dráttarfestingar (sjá 1. lið V. viðauka)   |
| 1.3.1.1. | A-flokkur, A 50-1 til A 50-3: | 50 mm staðaltengikúlur og dráttarfestingar með flöngsum  |
| 1.3.1.2. | A-flokkur, 50-X:              | 50 mm óstaðlaðar tengikúlur og dráttarfestingar  |
| 1.3.2.   | B-flokkur:                    | Tengihaus (sjá 2. lið V. viðauka)  |
| 1.3.2.1. | B-flokkur, 50-X:              | 50 mm óstaðlaðir tengihauser   |
| 1.3.3.   | C-flokkur:                    | Sjálfvirk dráttarbeislistengi  |
| 1.3.3.1. | C-flokkur, C 50:              | 50 mm dráttarbeislistengi  |
|          | C-flokkur, 50-1 til C 50-6:   | 50 mm staðaldráttarbeislistengi (sjá töflu 3. og 4. í 3. lið V. viðauka)                           |
| 1.3.3.2. | C-flokkur, 50-X:              | 50 mm óstaðlaðar dráttarbeislistengi   |
| 1.3.4.   | D-flokkur:                    | Dráttarbeislistaugu  |
| 1.3.4.1. | D-flokkur, 50:                | 50 mm dráttarbeislistaugu  |
|          | D-flokkur, 50-A:              | Staðaldráttarbeislistaugu, D 50, til málmsuðufestingar (sjá töflu 5, mynd 9, V. viðauka)           |
|          | D-flokkur, 50-B:              | 50 mm staðaldráttarbeislistaugu til skrúffestingar (sjá töflu 5, mynd 10, V. viðauka)              |
|          | D-flokkur, 50-C:              | Staðaldráttarbeislistaugu, D 50-C 1, til boltafestingar (sjá töflu 5, myndir 11 og 12, V. viðauka) |
| 1.3.4.2. | D-flokkur, 50-X:              | 50 mm óstöðluð dráttarbeislistaugu (sjá mynd 9, V. viðauka)  |



- |          |                  |  |
|----------|------------------|--|
| 1.3.5.   | E-flokkur:       | Óstöðluð dráttarbeisli   |
| 1.3.6.   | F-flokkur:       | Óstaðlaðir dráttarásar   |
| 1.3.7.   | G-flokkur:       | Dráttarstólstengi  |
| 1.3.7.1. | G-flokkur, 50:   | 50 mm staðaldráttarstólstengi (sjá töflu 7, mynd 15, V. viðauka) |
| 1.3.7.2. | G-flokkur, 50-X: | 50 mm óstöðluð dráttarstólstengi                                 |
| 1.3.8.   | H-flokkur:       | Dráttarstólstengipinnar  |
| 1.3.8.1. | H-flokkur, 50-X: | 50 mm óstaðlaðir dráttarstólstengipinnar                         |
| 1.3.9.   | J-flokkur:       | Óstaðlaðar uppsetningarplötur                                    |
| 1.3.10.  | S-flokkur:       | Margvíslegur óstaðlaður tengibúnaður.                            |

## 2. SKILGREININGAR

- 2.1. Vélrænn tengibúnaður milli vélknúinna ökutækja og eftirvagna er í öllum tilvikum hlutar og búnaður á grind, burðarhlutum yfirbyggingar og undirvagni ökutækis, sem tengir vélknúin ökutæki og ökutæki sem eru dregin. Hann samanstendur einnig af föstum hlutum eða hlutum sem hægt er að taka af sem þjóna þeim tilgangi að festa, stilla eða stjórna fyrirnefndum tengibúnaði.
- 2.1.1. Tengikúlur og dráttarfestingar, sem um getur í lið 1.3.1, eru vélrænn tengibúnaður, þar sem vélknúin ökutæki hefur kúlulaga búnað og festingar er tengist við eftirvagn með tengihausa.
- 2.1.2. Tengihausarnir, sem um getur í lið 1.3.2, eru vélrænn tengibúnaður á dráttarbeisli eftirvagna fyrir tengingu við tengikúlu á ökutækinu sem dregur.
- 2.1.3. Dráttarbeislistengi, sem um getur í lið 1.3.3, eru vélrænn tengibúnaður með kjálka og sjálfvirkum festi- og læsingarpinna á ökutækinu sem dregur til að tengja við eftirvagn með dráttarbeislisauga.
- 2.1.4. Dráttarbeislisaugu, sem um getur í lið 1.3.4, eru vélrænn tengibúnaður á dráttarbeisli eftirvagna með tilsvarende gati til að tengja við sjálfvirku dráttarbeislistengin.
- 2.1.5. Dráttarbeisli, sem um getur í lið 1.3.5, samanstanda af ágangsbúnaði og áþekktum búnaði sem er festur á framanverðu ökutæki sem er dregið eða við undirvagn ökutækis og er til að tengja við ökutækið sem dregur með dráttarbeislisaugum, tengihausum og áþekktum tengibúnaði.

Dráttarbeisli má festa við eftirvagn þannig að þau hreyfist óheft í lóðréttu plani og séu þannig ekki undir lóðréttu álagi, svokölluð liðdráttarbeisli, eða festa í lóðréttu plani þannig að þau geti verið undir lóðréttu álagi, svokölluð ósveigjanleg dráttarbeisli. Dráttarbeisli fest í lóðréttu plani geta annaðhvort verið ósveigjanleg eða fjaðrandi.

Dráttarbeisli geta einnig samanstaðið af fleiri en einum íhluta, verið stillanleg eða völt. Þessi tilskipun fjallar einungis um dráttarbeisli af þeirri gerð sem er sérstök eining, ekki hluti af undirvagni ökutækisins sem er dregið.

- 2.1.6. Dráttarásar, sem um getur í lið 1.3.6, eru allir hlutar og búnaður sem komið er fyrir milli tengibúnaðar, eins og tengikúlur og dráttarbeislistengi, og grindar (t.d. afturþverhluta), yfirbyggingar sem ber þunga eða undirvagns ökutækisins sem dregur.

- 2.1.7. Dráttarstólstengi, sem um getur í lið 1.3.7, eru plötulaga tengibúnaður á ökutækjum sem draga með sjálfvirkum tengilás sem dráttarstólstengipinnar, sem um getur í 1.3.8, tengjast.
- 2.1.8. Dráttarstólstengipinnar, sem um getur í 1.3.8, eru tengibúnaður í pinnaformi sem komið er fyrir á festivagni og tengist ökutækinu sem dregur með dráttarstólstengi.
- 2.1.9. Uppsetningarplötur, sem um getur í lið 1.3.9, eru allar hlutar og búnaður til að festa dráttarstólstengi við grind ökutækis sem dregur. Heimilt er að uppsetningarplötur geti færst til lárétt (þ.e. færanlegur dráttarstóll).
- 2.1.10. Stýriskíflar eru íhlutar sem komið er fyrir á festivögnum og stýra þeim jafnhliða dráttarstólstenginu.
- 2.1.11. Staðaltengibúnaður er flokkaður í lið 1.3 og er í samræmi við stöðluð mál og staðalforskriftir sem um getur í þessari tilskipun. Skipta má um hann innan þess flokks sem hann tilheyrir, óháð gerð og framleiðanda.
- 2.1.12. Óstaðlaður tengibúnaður er tengibúnaður í flokki A til J sem tilheyrir ekki flokki staðaltengibúnaðar en tengja má staðaltengibúnaði í viðkomandi flokkum.
- 2.1.13. Margvíslegur tengibúnaður til bráðabirgðanota eða nota í undantekningar-tilvikum, sem um getur í lið 1.3.10, er vélrænn tengibúnaður sem tilheyrir ekki flokkum A til J (t.d. tengibúnaður í samræmi við gildandi innlenda staðla eða fyrir þunga-flutninga).
- 2.1.14. Fjarstýring er búnaður sem gerir kleift, þegar um er að ræða óaðgengilegan tengibúnað, að stjórna tengibúnaði frá hlið ökutækis eða úr klefa ökumanns.
- 2.1.15. Fjarvísar eru búnaður sem gefur ökumanni til kynna í klefa hans að tenging hafi átt sér stað og öryggisbúnaður virki.
- 2.1.16. Gerð vélræns tengibúnaðar merkir búnað sem er ekki innbyrðis ólíkur í eftirfarandi grundvallaratriðum:
- 2.1.16.1. flokkur tengibúnaðar;
- 2.1.16.2. framleiðslumerki eða viðskiptaheiti;
- 2.1.16.3. ytri lögun eða helstu mál eða annar grundvallarmismunur í hönnun;
- 2.1.16.4. einkennandi gildi: D, S, V og U.
- 2.1.17. Með sjálfvirkri tengingu er átt við að unnt sé að tengja ökutækið sem dregur fullkomlega og rétt við eftirvagn einungis með því að bakka því að honum án utanað komandi hjálpar; þannig er sjálfvirk tenging tryggð og gefið er til kynna að öryggisbúnaður virki. Við sjálfvirka tengingu skal nota sjálfvirkan tengibúnað.
- 2.1.18. „D-gildið“ er fræðileg viðmiðunarstærð fyrir lárétta kraftinn milli ökutækisins sem dregur og eftirvagns.

D-gildið er grunnur fyrir lárétt álag í hreyfifræðilegum prófunum.

Fyrir vélrænan tengibúnað sem er ekki gerður til að yfirfæra lóðrétt álag er gildið:

$$D = g \times \frac{T \times R}{T + R} \text{ (kN)}$$

Fyrir vérlænan tengibúnað sem er gerður fyrir eftirvagn með miðlægum ási er gildið:

$$D_c = g \times \frac{T \times C}{T + C} \text{ (kN)}$$

Fyrir dráttarstólstengi á dráttar bifreiðum og sambærilegum ökutækjum er gildið:

$$D = g \times \frac{0,6 \times T \times R}{T + R + U} \text{ (kN)}$$

þar sem:

T = tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis sem dregur í tonnum (einnig dráttar bifreiðar), þar með talið, ef nauðsyn krefur, lóðrétt álag frá eftirvagni með miðlægum ási,

R = tæknilega leyfilegur hámarksmassi fullhlaðins eftirvagns, með dráttarbeisli sem getur hreyfst óheft í lóðréttu plani, eða festivagns í tonnum,

C = samanlagður áspungi eftirvagns með miðlægum ási, sem ber leyfilegan hámarksþunga, í tonnum (sjá lið 2.1.20),

U = lóðrétt álag á dráttarstól í tonnum,

S = lóðrétt kyrrstöðuálag (S) í kílógrömmum sem samsvarar þeim hluta massa eftirvagnsins með miðlægum ási sem færast yfir á tengipunkt í kyrrstöðu,

g = þyngdarhröðun (ákveðin 9,81 m/s<sup>2</sup>).

2.1.19. „V-gildið“ er fræðileg viðmiðunarstærð sveifluviddar lóðréttis álags milli ökutækis sem dregur og eftirvagns með miðlægum ási sem hefur hámarks massa yfir 3,5 tonn (sjá lið 2.1.21). V-gildið er grunnur fyrir lóðrétt prófunarálag í hreyfiprófunum:

$$V = a \cdot \frac{X^2}{l^2} \cdot C$$

þar sem:

a er jafngild lóðrétt hröðun í tengipunkti sem, allt eftir fjaðrabúnaði á afturáasi eða ásum ökutækisins sem dregur, sem felur í sér stöðugan þátt:

$a_1 = 1,8 \text{ m/s}^2$  fyrir ökutæki með loftfjöðrun eða sambærilega fjöðrun (skv. skilgreiningu í tilskipun 85/3/EBE)<sup>(1)</sup>,


$a_2 = 2,4 \text{ m/s}^2$  fyrir ökutæki með annars konar fjöðrun,

x er lengd álagssvæðis eftirvagns í metrum (sjá mynd 1),

l er viðmiðunarlengd dráttarbeislis, þ.e. fjarlægðin milli augnmiðju dráttarbeislis og ássmiðju í metrum (sjá mynd 1),

$\frac{X^2}{l^2} \geq 1,0$  (þar sem niðurstaðan er gildi undir 1,0 skal gildið vera minnst 1).

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 14.



*Mynd 1*

Mál eftirvagna með miðlægum ási

- 2.1.20. „Eftirvagn með miðlægum ási“ er ökutæki sem er dregið með togbúnað sem hreyfist ekki í lóðréttu stefnu (með hliðsjón af eftirvagni) og skal ási eða ásum komið fyrir nálægt þyngdarmiðju ökutækisins (með jafna hleðslu) þannig að aðeins lítið lóðrétt álag, ekki yfir 10% af hámarksmassa eftirvagns, þó mest 1 000 kg, færist yfir á ökutækið sem dregur.

Hámarksmassi eftirvagns með miðlægum ási sem miða skal við skal vera sá massi sem ás eða ásar hans flytja til jarðar þegar eftirvagninn er fullhlaðinn og tengdur ökutæki sem dregur.

- 2.1.2.1. Fara skal með ökutæki sem tilheyrja ekki greinilega neinum fyrrnefndra flokka eins og þá gerð sem þau líkjast mest.
- 2.1.22. „Gerð ökutækis“ er ökutæki sem eru eins í eftirfarandi meginatriðum: smíðalag, mál, löggun og efni hluta er varða uppsetningu tengibúnaðar ökutækisins sem dregur eða framhluta eftirvagns, eigi kröfur VII. viðauka við um þá.

### 3. EBE-GERÐARVIÐURKENNING ÍHLUTA

- 3.1. Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu
- 3.1.1. Framleiðandi skal sækja um EBE-gerðarviðurkenningu samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð vélræns tengibúnaðar.
- 3.1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjali er í III. viðauka.
- 3.1.3. Senda skal tækniþjónustunni sem sér um framkvæmd gerðarviðurkenningarprófana eftirfarandi:
- 3.1.3.1. dæmigerðan vélrænan tengibúnað fyrir viðkomandi gerð sem í venjulegum tilvikum á að vera ómálaður. Tækniþjónustan eða viðurkenningaraðili getur einnig óskað eftir aukatengibúnaði;
- 3.1.3.2. tækniþjónusta sem gerir gerðarviðurkenningarprófanir getur einnig óskað eftir sérstökum hlutum, eins og uppsetningarplötum eða dráttarfestingum, viðbótarteikningum eða sýnishornum af efnum sem eru notuð;
- 3.1.3.3. þegar um er að ræða vélrænan tengibúnað fyrir sérstaka gerð ökutækis skal framleiðandi tengibúnaðarins einnig senda uppsetningarleiðbeiningar sem framleiðandi ökutækisins útvegar í samræmi við tilskipun 92/21/EBE<sup>(1)</sup>; tækniþjónustan getur og óskað eftir að dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð verði einnig lagt fram.

<sup>(1)</sup> Stjóttíð. EB nr. L 129, 14. 5. 1992, bls. 1.

- 3.2. Merking sýnishorna
- 3.2.1. Merkja ber hvert sýnishorn tiltekinnar gerðar vélræns tengibúnaðar sem um getur í lið 3.1.1 og sótt hefur verið um EBE-gerðarviðurkenningu fhluta fyrir með:
- 3.2.2. verksmiðjumerki, viðskiptaheiti eða nafn framleiðanda (og vörumerki, ef við á);
- 3.2.3. gerð og útfærslu, ef við á;
- 3.2.4. hæfilega stór flötur skal vera fyrir EBE-viðurkenningarmerki og viðbótarupplýsingar í samræmi við lið 3.3.4.
- 3.3. EBE-gerðarviðurkenning veitt
- 3.3.1. Að viðeigandi kröfum uppfylltum skal veita EBE-gerðarviðurkenningu samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
- 3.3.2. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningavottorðinu er að finna í IV. viðauka.
- 3.3.3. Allar viðurkenndar gerðir vélræns tengibúnaðar skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð vélræns tengibúnaðar sama númeri.
- 3.3.4. Vélrænn tengibúnaður, sem er í samræmi við viðurkennda gerð vélræns tengibúnaðar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, skal hafa alþjóðlegt viðurkenningarmerki fest á áberandi og aðgengilegum stað eins og um getur í viðurkenningavottorðinu; merkið er:
- 1 fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland
  - 2 fyrir Frakkland
  - 3 fyrir Ítalíu
  - 4 fyrir Holland
  - 6 fyrir Belgíu
  - 9 fyrir Spán
  - 11 fyrir Breska konungsríkið
  - 13 fyrir Lúxemborg
  - 18 fyrir Danmörku
  - 21 fyrir Portúgal
  - IRL fyrir Írland
  - EL fyrir Grikkland.
- 3.3.4.1. Réttþyrningur sem umlykur bókstafinn „e“ með einkennistölu aðildarríkisins sem veitt hefur gerðarviðurkenningu á eftir.
- 3.3.4.2. Tveggja tölustafa tala, sem gefur til kynna raðtölu síðustu breytingar á tilskipuninni (raðtalan er 00 fyrir þessa tilskipun), og fjórði liður gerðarviðurkenningarnúmersins, eins og kemur

fram á EBE-gerðarviðurkenningarvottorðinu (sjá IV. viðauka), í námunda við réttthyrninginn með viðurkenningarmerkið.

3.3.4.3. Eftirfarandi viðbótarmerki rétt við réttthyrninginn:

- flokkur tengibúnaðar,
- leyfileg gildi fyrir D, S, V og U, ef við á.

3.3.5. Viðurkenningarmerkið skal vera óafmáanlegt og vel læsilegt, jafnvel þegar tengibúnaðurinn er festur við ökutækið.

3.3.6. Dæmi um EBE-viðurkenningarmerki er að finna í II. viðauka við þessa tilskipun.

3.4. Breyting á gerð vélræns tengibúnaðar og útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar íhluta

3.4.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun.

#### **4. EBE-GERÐARVIÐURKENNING ÖKUTÆKJA**

4.1. Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu

4.1.1. Framleiðandi skal sækja um EBE-gerðarviðurkenningu samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð ökutækis með tilliti til vélræns tengibúnaðar hennar.

4.1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í VIII. viðauka.

4.1.3. Senda ber tækniþjónustunni sem sér um framkvæmd gerðarviðurkenningarprófana eftirfarandi:

4.1.3.1. dæmigert ökutæki fyrir þá gerð sem getur haft tengibúnað sem hefur hlotið EBE-gerðarviðurkenningu;

4.1.3.2. hafi gerð ökutækisins upprunalegan vélrænan tengibúnað frá framleiðanda, gerð eða gerðir vélræns tengibúnaðar, meðal annars uppsetningarplötur eða dráttarfestingar, ef um slíkt er að ræða; þá skal leggja fram EBE-gerðarviðurkenningu fyrir tengibúnaðinn.

4.2. EBE-gerðarviðurkenning veitt

4.2.1. Veita skal EBE-gerðarviðurkenningu samkvæmt 3. og 4. mgr. 4. gr. tilskipunar tilskipunar 70/156/EBE hafi viðeigandi kröfum verið fullnægt.

4.2.2. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorðinu er að finna í IX. viðauka.

4.2.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.

4.3. Breyting á gerð ökutækis og útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar ökutækis

4.3.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun.

4.3.2. Handhafi EBE-gerðarviðurkenningar ökutækis getur sótt um að hún verði útvíkuð til að ná til annarra gerða eða flokka tengibúnaðar.

Lögbær yfirvöld munu samþykkja þessa útvíkkun með eftirfarandi skilyrðum:

- 4.3.2.1. EBE-gerðarviðurkenning íhluta hafi þegar verið veitt fyrir hina nýju gerð tengibúnaðar;
- 4.3.2.2. hún hafi þeirri gerð ökutækis sem sótt hefur verið um útvíkkun á EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis fyrir;
- 4.3.2.3. festing tengibúnaðarins við ökutækið sé í samræmi við þá festingu sem tilgreind var í umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta.
- 4.3.3. Þegar um er að ræða staðaltengibúnað í A-, C-, D- og G-flokki gildir EBE-gerðarviðurkenning ökutækis einnig um annan tengibúnað í sama flokki án þess að þörf sé frekari athugunar á uppsetningu og útvíkkunar EBE-gerðarviðurkenningar ökutækis.

## 5. KRÖFUR

- 5.1. Vélrænan búnað til að tengja vélknúin ökutæki við eftirvagna skal framleiða og setja upp í samræmi við góðar hönnunarvenjur og hann skal vera öruggur í notkun.
- 5.2. Einum einstaklingi skal kleift að tengja og aftengja ökutæki örugglega án þess að nota verkfæri. Einungis er heimilt að nota sjálfvirkan tengibúnað sem leyfir sjálfvirka tengingu til að tengja eftirvagna með hámarks massa yfir 3,5 tonn.
- 5.3. Vélrænan tengibúnað skal hanna og framleiða með þeim hætti að hann virki eðlilega við almenn notkunarskilyrði með hæfilegu viðhaldi, þar sem slitnum hlutum er skipt út tímanlega.
- 5.4. Uppsetningar- og notkunarleiðbeiningar skulu fylgja öllum tengibúnaði með fullnægjandi upplýsingum um hvernig til þess bær einstaklingur skal festa búnaðinn á ökutækið og nota á réttan hátt. Leiðbeiningar skulu vera á tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis þar sem bjóða á tengibúnaðinn til sölu. Þegar um er að ræða tengibúnað sem afhentur er til nota við raðsmíði ökutækja eða yfirbygginga eru ákvæðin um uppsetningar- og notkunarleiðbeiningar fyrir allar gerðir tengibúnaðar óþörf. Í slíkum tilvikum ber viðkomandi framleiðandi ökutækis eða yfirbyggingar ábyrgð á því að notandi ökutækisins fái í hendur nauðsynlegar upplýsingar til að geta notað tengibúnaðinn.
- 5.5. Heimilt er að nota efni með eiginleika við réttar notkunaraðstæður sem eru ákvarðaðir í staðli eða efni með eiginleika sem eru gefnir upp í upplýsingaskjölum í samræmi við lið 3.1.2 í þessum viðauka.
- 5.6. Allir hlutar vélræna tengibúnaðarins sem gætu valdið því að tvö ökutæki aftengdust ef þeir gæfu sig skulu gerðir úr stáli. Heimilt er að nota önnur efni hafi framleiðandi sýnt fram á jafngildi þeirra og viðkomandi tækniþjónusta viðurkennt það.
- 5.7. Öll vélræn tengi skulu hönnuð fyrir vélræna samtengingu og í lokaðri stöðu skulu þau hafa a.m.k. einfaldan öryggisbúnað með vélrænni samtengingu, nema frekari kröfur séu gerðar í V. viðauka.
- 5.8. Vélrænn tengibúnaður skal fullnægja kröfum V. viðauka.
- 5.9. Kröfur um álag
- 5.9.1. Vélrænn tengibúnaður er háður prófunum sem er lýst í VI. viðauka.
- 5.9.2. Prófanirnar skulu ekki valda sprungum, broti eða öðrum sýnilegum ytri skemmdum eða of mikilli varanlegri aflögun sem leiðir til þess að búnaðurinn starfar ekki eðlilega.

- 5.10. Uppsetning vélræns tengibúnaðar á ökutæki skal háð eftirliti samkvæmt kröfunum í VII. viðauka. Þetta á bæði við um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis þegar ökutæki fylgir upprunalegur vélrænn tengibúnaður frá framleiðanda og EBE-gerðarviðurkenningu vélræns tengibúnaðar, sem er hannaður fyrir sérstakar gerðir ökutækja.
- 5.11. Fyrirnefndar kröfur og kröfur V., VI. og VII. viðauka gilda einnig, eftir því sem við á, um margvíslegan tengibúnað (S-flokkur).


## **6. FRAMLEIÐSLUSAMRÆMI**

- 6.1. Almennt skal grípa til ráðstafana til að tryggja framleiðslusamræmi í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
- 6.2. Talið er eðlilegt að eftirlit lögbærs yfirvalds fari fram einu sinni ár hvert.




## VIÐAUKI II

**a) Fyrirmynd að EBE-viðurkenningarmerkingu fyrir dráttarbeislistengi**




Tengibúnaður með EBE-viðurkenningarmerkingu sem sýndur er hér að framan er óstaðlað dráttarbeislistengi í C-flokki 50-X með leyfilegt hámarksgildi D 130 kN, leyfilegt hámarksgildi D<sub>c</sub> 90 kN, leyfilegt lóðrétt hámarksburðarálág í kyrrstöðu 1 000 kg og leyfilegt hámarksgildi V 35 kN sem EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt fyrir í Sambandslýðveldinu Þýskalandi (e 1) með númerinu 0207. Fyrstu tveir tölustafirnir, 00, gefa til kynna að íhlutinn hafi verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði frumgerðar þessarar tilskipunar.

**b) Fyrirmynd að EBE-viðurkenningarmerkingu fyrir dráttarbeislistauga**




Tengibúnaður með EBE-viðurkenningarmerkingu sem sýndur er hér að framan er óstaðlað 50 mm dráttarbeislistauga í D-flokki 50-X til málmstöðufestingar með D-gildi 130 kN, D<sub>c</sub>-gildi 100 kN, leyfilegt lóðrétt hámarksburðarálág í kyrrstöðu 1 000 kg og leyfilegt hámarksgildi V 50 kN sem EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt fyrir í Sambandslýðveldinu Þýskalandi (e 1) með númerinu 1934. Fyrstu tveir tölustafirnir, 00, gefa til kynna að íhlutinn hafi verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði frumgerðar þessarar tilskipunar.

## c) Fyrirmynd að EBE-viðurkenningarmerkingu fyrir dráttarstólstengi




Tengibúnaður með EBE-viðurkenningarmerkingu sem sýndur er hér að framan er óstaðlað dráttarstólstengi í flokki G 50-X með leyfilegt hámarksgildi D 180 kN og leyfilegt hámarksálag á dráttarstól 26 tonn sem EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt fyrir í Sambandslýðveldinu Þýskalandi (e 1) með númerinu 0015. Fyrstu tveir tölustafirnir, 00, gefa til kynna að íhlutinn hafi verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði frumgerðar þessarar tilskipunar.

## d) Fyrirmynd að EBE-viðurkenningarmerkingu fyrir dráttarstólstengipinna




Tengibúnaður með EBE-viðurkenningarmerkingu sem sýndur er hér að framan er óstaðlaður dráttarstólstengipinni í flokki H 50-X með D-gildi 162 kN sem EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt fyrir í Sambandslýðveldinu Þýskalandi (e 1) með númerinu 1989. Fyrstu tveir tölustafirnir, 00, gefa til kynna að íhlutinn hafi verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði frumgerðar þessarar tilskipunar.

## e) Fyrirmynd að EBE-viðurkenningarmerkingu fyrir tengikúlu og dráttarfestingar




Tengibúnaður með EBE-viðurkenningarmerkingu sem sýndur er hér að framan er óstöðluð tengikúla og dráttarfestingar í flokki A 50-X með leyfilegt hámarksgildi D 18 kN og leyfilegt lóðrétt hámarksburðarág í kyrrstöðu 75 kg sem EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt fyrir í Sambandslýðveldinu Þýskalandi (e 1) með númerinu 0304. Fyrstu tveir tölustafirnir, 00, gefa til kynna að íhlutinn hafi verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði frumgerðar þessarar tilskipunar.

f) Fyrirmynd að EBE-viðurkenningarmerkingu fyrir tengihausa



Tengibúnaður með EBE-viðurkenningarmerkingu sem sýndur er hér að framan er óstaðlaður tengihausa í flokki B 50-X með D-gildi 18 kN og leyfilegt lóðrétt hámarksburðarálág í kyrrstöðu 75 kg sem EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt fyrir í Sambandslýðveldinu Þýskalandi (e 1) með númerinu 1993. Fyrstu tveir tölustafirnir, 00, gefa til kynna að íhlutinn hafi verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði frumgerðar þessarar tilskipunar.

g) Fyrirmynd að EBE-viðurkenningarmerkingu fyrir dráttarbeisli



Tengibúnaður með EBE-viðurkenningarmerkingu sem sýndur er hér að framan er dráttarbeisli fyrir efturvagn með miðlægum ási í E-flokki með leyfilegt hámarksgildi D 109 kN, leyfilegt lóðrétt hámarksburðarálág í kyrrstöðu 1 000 kg og leyfilegt hámarksgildi V 50 kN sem EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt fyrir í Sambandslýðveldinu Þýskalandi (e 1) með númerinu 0013. Fyrstu tveir tölustafirnir, 00, gefa til kynna að íhlutinn hafi verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði frumgerðar þessarar tilskipunar.

# VIÐAUKI III

## UPPLÝSINGASKJAL NR ...

### varðandi EBE-gerðarviðurkenningu íhluta vélræns tengibúnaðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (94/20/EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum kvarða og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef rafknúinn stjórnúnaður er á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um hvernig hann vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....
- 0.2. Gerð og verslunarheiti:.....  
.....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:.....  
.....
- 0.7. Staðsetning EBE-gerðarviðurkenningarmerkis og aðferð við áfestingu þess á íhluta og aðskildar tæknieiningar:  
.....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:.....  
.....
1. TENGINGAR MILLI ÖKUTÆKJA SEM DRAGA OG EFTIRVAGNA OG FESTIVAGNA
- 1.1. Nákvæm tæknilysing gerðar vélræns tengibúnaðar (m.a. teikningar og efnislýsingar):.....  
.....
- 1.2. Flokkur og gerð tengibúnaðar:.....
- 1.3. Hámarksgildi  $D^{(1)}$ :..... kN
- 1.4. Lóðrétt hámarksálág S við tengipunkt<sup>(1)</sup>: .....kg
- 1.5. Hámarksálág U við dráttarstólstengi<sup>(1)</sup>: .....tonn
- 1.6. Hámarksgildi  $V^{(1)}$ : .....kN
- 1.7. Fyrirmæli framleiðanda um festingu tengigerðarinnar við ökutækið og ljósmyndir og teikningar af festipunktum á ökutækinu; viðbótarupplýsingar sé notkun tengigerðarinnar takmörkuð við sérstakar gerðir ökutækja:.....  
.....  
.....
- 1.8. Upplýsingar um uppsetningu sérstakra dráttarfestinga eða uppsetningaplatna:.....  
.....  
.....

Dagsetning, skrá

<sup>(1)</sup> Ef við á.

# VIÐAUKI IV

## FYRIRMYND (a)

(hámarksstærð: A4 (210 X 297 mm))

### EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

Skýrsla varðandi:

- gerðarviðurkenningu <sup>(1)</sup>
- útvíkkun gerðarviðurkenningar <sup>(1)</sup>
- synjun gerðarviðurkenningar <sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar <sup>(1)</sup>

fyrir gerð íhluta með tilliti til tilskipunar 94/20/EBE.

EBE-gerðarviðurkenningarnúmer<sup>(2)</sup>:.....

Ástæður fyrir útvíkkun:.....

#### I. Þáttur

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....

0.2. Gerð og verslunarheiti:.....  
.....

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á íhlutanum<sup>(3)</sup>:.....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:.....

0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:.....  
.....

0.7. Þegar um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar, staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið á:.....

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:.....  
.....

#### II. Þáttur

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá I. viðbæti

2. Tækniþjónusta sem annast prófanir:.....  
.....

3. Dagsetning prófunarskýrslu:.....

<sup>(1)</sup> Stríkið yfir það sem á ekki við.  
<sup>(2)</sup> EBE-gerðarviðurkenningarnúmer í þessu skjali skal samstanda af öllum liðum sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/53/EBE. Auðkenna ber sjálfan íhlutann eins og lýst er í viðkomandi sértilskipun.  
<sup>(3)</sup> Innihaldi gerðarauðkenni tákns sem eru ekki lýsandi fyrir gerðir íhluta sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð gildir um skal setja táknið ‘?’ (t.d. ABC??123??) í stað viðkomandi tákns í upplýsingaskjalinu.

4. Númer prófunarskýrslu:.....
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá I. viðbæti.....
6. Staður:.....
7. Dagsetning:.....
8. Undirskrift:.....
9. Hjalögð er skrá yfir þau skjöl sem saman mynda möppu með upplýsingum og er varðveitt hjá því yfirvaldi sem veitti gerðarviðurkenninguna og fæst afhent ef þess er óskað.

**I. viðbætur**

**við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð nr...**

**varðandi EBE-gerðarviðurkenningu íhluta vélræns tengibúnaðar með tilliti til tilskipunar 94/20/EB**

- 1. Viðbótarupplýsingar
  - 1.1. Flokkur tengibúnaðar:.....
  - 1.2. Flokkar eða gerðir ökutækja sem búnaðurinn er hannaður fyrir eða notkun hans takmarkast við:.....  
.....
  - 1.3. Hámarksgildi D<sup>(1)</sup>: .....kN
  - 1.4. Lóðrétt hámarksálag S við tengipunkt<sup>(1)</sup>: .....kg
  - 1.5. Hámarksálag U við dráttarstólstengi<sup>(1)</sup>: .....tonn
  - 1.6. Hámarksgildi V<sup>(1)</sup>: .....kN
  - 1.7. Fyrirmæli framleiðanda um festingu tengigerðarinnar við ökutækið og ljósmyndir og teikningar af festipunktum á ökutækinu; viðbótarupplýsingar sé notkun tengigerðarinnar takmörkuð við sérstakar gerðir ökutækja:.....  
.....  
.....
  - 1.8. Upplýsingar um uppsetningu sérstakra dráttarfestinga eða uppsetningaplatna<sup>(1)</sup>:.....  
.....  
.....  
.....
- 5. Athugasemdir<sup>(2)</sup>:.....  
.....  
.....  
.....

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.  
<sup>(2)</sup> Þar með taldar upplýsingar um að hve miklu leyti dráttarstólstengi hæfa ekki jafnhliða stýringu.


## VIÐAUKI V

### Kröfur varðandi vélrænan tengibúnað

#### 1. TENGIKÚLUR OG DRÁTTARFESTINGAR

Kröfurnar í liðum 1.1 til 1.4 gilda um allar tengikúlur og dráttarfestingar í A-flokki. Í lið 1.5 eru taldar upp viðbótarkröfur sem 50 mm staðaltengikúlur og dráttarfestingar með flöngsum skulu uppfylla.

- 1.1. Tengikúlur í A-flokki skulu vera í samræmi við mynd 2 hvað lögun og mál varðar.
- 1.2. Lögun og mál dráttarfestinga skulu uppfylla kröfur framleiðanda ökutækisins að því er varðar festipunkta og viðbótaruppsetningarbúnað, ef nauðsyn krefur.
- 1.3. Þegar um er að ræða tengikúlur sem unnt er að fjarlægja skulu tengipunktur og læsing hönnuð fyrir vélræna samtengingu.
- 1.4. Tengikúlur og dráttarfestingar skulu standast prófanir sem um getur í lið 4.1 í VI. viðauka.




*Mynd 2*

(<sup>1</sup>) Kringingarradíus milli kúlu og kúluháls skal vera í snertingu við bæði kúluhálsinn og lægra lárétta yfirborð tengikúlunnar.

(<sup>2</sup>) Sjá ISO/R 468 og ISO 1302; hrfutalan N9 vísar til  $R_a$ -gildis 6,3mm.


- 1.5. Sérkröfur vegna staðaltengikúlna og dráttarfestinga með flöngsum í flokki A 50-1, A 50-2 og A 50-3.
  - 1.5.1. Mál tengikúlna og dráttarfestinga með flöngsum í flokki A 50-1 skulu vera þau sömu og á mynd 3 og í töflu 1. Uppfylla ber kröfuna um hreyfirými tengikúlna sem kemur fram á mynd 30 í VII. viðauka.
  - 1.5.2. Mál tengikúlna og dráttarfestinga með flöngsum í flokki A 50-2 og flokki A 50-3 skulu vera þau sömu og á mynd 4 og í töflu 1. Uppfylla ber kröfuna um hreyfirými tengikúlna sem kemur fram á mynd 30 í VII. viðauka.
  - 1.5.3. Tengikúlur og dráttarfestingar með flöngsum í flokki A 50-1, A 50-2 og A 50-3 skulu vera réttar og þær skal prófa með tilliti til þeirra einkennandi gilda sem um getur í töflu 2.





Mynd 3

Mál staðaltengikúlna og dráttarfestinga með flöngsum í flokki A 50-1 (mm) (sjá töflu 1)



Mynd 4

Mál staðaltengikúlna og dráttarfestinga með flöngsum í flokki A 50-2 og A 50-3 (mm) (sjá töflu 1)

TAFLA 1

Mál staðaltengikúlna og dráttarfestinga með flöngsum (mm)  
(sjá myndir 3 og 4)

	A 50-1	A 50-2	A 50-3	Athugasemdir
$e_1$	90	83	120	+ 0,5
$e_2$	-	56	55	± 0,5
$d_2$	17	10,5	15	H13
$f$	130	110	155	+ 6, -0
$g$	50	85	90	+ 6, -0
$c$	15	15	15	hámark
$l$	55	110	120	± 5
$h$	70	80	80	± 5

**TAFLA 2**

Einkennandi gildi fyrir staðaltengikúlur og dráttarfestingar með flöngsum

D = hámarksgildi D (kN)

S = lóðrétt hámarksálag í kyrrstöðu (kílógrömm)

	A 50-1	A 50-2	A 50-3
D	17	20	30
S	120	120	120

**2. TENGIHAUSAR**

2.1. Hanna skal tengihausa í flokki B 50 þannig að unnt sé að nota þá örugglega með tengikúlum sem lýst er í 1. þætti þessa viðauka og þau viðhaldi þeim forskriftum sem mælt er fyrir um.

Hanna skal tengihausa þannig að tenging sé örugg um leið og tekið er tillit til slits tengibúnaðarins.

2.2. Tengihausar skulu standast prófanir sem um getur í lið 4.2 í VI. viðauka.

2.3. Viðbótarbúnaður (t.d. hemlar, stöðugleikabúnaður, o.s.frv.) skal ekki hafa skaðleg áhrif á vélræna tengingu.

2.4. Þegar tengikúlan er ekki fest við ökutækið skal tengihausinn geta snúist lárétt a.m.k. 90° til hvorrar hliðar miðað við miðlínu tengikúlu og dráttarfestinga eins og lýst er í 1. þætti þessa viðauka. Um leið skal gera ráð fyrir óheftri lóðréttari hreyfingu 20° ofan og neðan við lárétt plan. Enn frekar skal jafnhliða 90° láréttum snúningi gera ráð fyrir 25° veltingi beggja vegna láréttis áss. Gera skal ráð fyrir samtímis hreyfingu sem hér segir:

- ± 15° lóðréttur halli með ± 25° veltingi um ás
- ± 10° veltingur um ás með ± 20° lóðréttum halla

við öll lárétt snúningshorn.

**3. DRÁTTARBEISLISTENGI**

Kröfurnar í liðum 3.1 til 3.8 gilda um öll dráttarbeislistengi í flokki C 50. Í lið 3.9 eru taldar upp viðbótarkröfur sem staðaldráttarbeislistengi í flokki C 50-1 til C 50-6 skulu uppfylla.

3.1. Kröfur varðandi álag

Öll dráttarbeislistengi skulu standast prófanir sem um getur í lið 4.3 í VI. viðauka.

3.2. Viðeigandi dráttarbeislistaugu

Dráttarbeislistengi í flokki C 50 skulu nothæf með öllum dráttarbeislistaugum í flokki D 50 og tengjum með séreinkennum.

3.3. Sjálfvirkni

Dráttarbeislistengi skulu vera sjálfvirk (sjá lið 2.1.17 í I. viðauka).

## 3.4. Kjálki

Dráttarbeislistengi í flokki C 50 skulu hafa kjálka sem er hannaður þannig að viðeigandi dráttarbeislistenga er stýrt inn í tengið.

Geti kjálkinn, eða kjálkastoð, snúist um lóðréttan ásinn skal hann með sjálfvirkum hætti fara í eðlilega stöðu og haldast, með tengipinnann opinn, tryggilega í þessari stöðu til að stýra dráttarbeislistenganu örugglega meðan tenging á sér stað.

Geti kjálkinn, eða kjálkastoð, snúist um þverásinn skal liðurinn sem gerir snúninginn mögulegan haldast í eðlilegri stöðu með kraftvæglæslingu. Kraftvægið skal duga til að koma í veg fyrir að 200 N lóðréttur kraftur sem þrýstir efri hluta kjálkans upp á við breyti stefnu liðsins úr eðlilegri stöðu hans. Unnt skal vera að færa kjálkann í eðlilega stöðu með handafli. Kjálka sem snýst um þverásinn skal aðeins viðurkenna fyrir lóðrétt burðarálag S sem er allt að 50 kg og V-gildi sem er allt að 5 kN.

Snúist kjálki, eða kjálkastoð, um lengdarásinn skal hindra snúninginn með að minnsta kosti 100 Nm kraftvæglæslingu.

Lágmarksstærð kjálkans er háð D-gildi tengisins:

	D-gildi	$\leq 18 \text{ kN}$ :	vídd 150 mm, hæð 100 mm
18 kN <	D-gildi	$\leq 25 \text{ kN}$ :	vídd 280 mm, hæð 170 mm
25 kN <	D-gildi		vídd 360 mm, hæð 200 mm

Ytri horn kjálkans geta verið ávöl.

Heimilt er að nota minni kjálka fyrir dráttarbeislistengi í flokki C 50-X, en aðeins fyrir eftirvagna með miðlægum ási sem hafa allt að 3,5 tonna leyfilegan hámarks massa eða ef ógerlegt er að nota kjálka samkvæmt töflunni hér að framan af tæknilegum ástæðum og enn fremur ef sérstök skilyrði, eins og sjónræn hjálparkæki, eru fyrir hendi til að tryggja sjálfvirka tengingu með öruggum hætti og ef viðurkennt notkunarsvið er takmarkað samkvæmt ákvæðum III. viðauka.

## 3.5. Lágmarkshreyfisvið tengds dráttarbeislistenga

Tengt dráttarbeislistenga skal geta snúist lárétt  $\pm 90^\circ$  um lóðréttan ás út frá lengdarási ökutækisins (sjá mynd 5). Tengt dráttarbeislistenga skal geta snúist lóðrétt  $\pm 20^\circ$  um þverás út frá láréttu plani ökutækisins (sjá mynd 6). Ef sérstakur liður gerir hreyfinguna mögulega (aðeins á dráttarbeislistengjum í flokki C 50-X) skal viðurkennd notkun samkvæmt ákvæðum III. viðauka takmarkast við þau tilvik sem um getur í lið 2.3.7 í VII. viðauka. Tengt dráttarbeislistenga skal geta snúist um ás  $\pm 20^\circ$  um lengdarásinn út frá láréttu plani ökutækisins (sjá mynd 7).

Uppgefin snúningshorn gilda um dráttarbeislistengi sem eru ekki fest við ökutækið.

## 3.6. Lágmarkshorn fyrir tengingu og aftengingu

Einnig skal vera unnt að tengja og aftengja dráttarbeislistenga þegar lengdarási þess, með tilliti til miðlínu kjálkans, er:

- 3.6.1. snúið lárétt  $50^\circ$  til hægri eða vinstri;
- 3.6.2. snúið lóðrétt  $6^\circ$  upp eða niður;
- 3.6.3. snúið um ás  $6^\circ$  til hægri eða vinstri.

### 3.7. Læsing sem kemur í veg fyrir óviljandi aftengingu

Þegar tengipinni er í lokaðri stöðu skal treysta hann með tvenns konar öryggisbúnaði með vélrænni samtengingu sem hvor um sig skal virka ef hinn gefur sig.

Vélrænn búnaður skal gefa skýrt til kynna að utanverðu að tenging sé í lokaðri og traustri stöðu. Unnt skal vera að sannreyna þá stöðu sem neminn gefur til kynna með þreifingu, t.d. í myrkri.

Vélræni búnaðurinn skal gefa til kynna lokaða stöðu beggja læsinga (AND-skilyrði).

Samt sem áður nægir að lokuð staða annarrar læsingarinnar sé aðeins gefin til kynna ef seinni læsingin í lokaðri stöðu er fólgin í hönnun búnaðarins.

### 3.8. Handföng

Hönnun handfanga skal vera með þeim hætti að þau séu auðveld í notkun og með ávalan enda. Engar skarpar brúnir skulu vera á tenginu eða hvassir oddar nálægt handfanginu sem kynnu að valda meiðslum þegar tengt er eða aftengt. Kraftur til að losa tengið, mældur án dráttarbeislisaugans, skal ekki vera yfir 250 N hornrétt á handfangið í þá stefnu sem það er hreyft.

### 3.9. Sérkröfur vegna staðaldráttarbeislislistengja í flokki C 50-1 til C 50-6


3.9.1. Sveifluhreyfing dráttarbeislisaugans um þverásinn skal verða fyrir tilverknað kúlulögunar tengipinnans (og ekki fyrir tilverknað liðar, sjá mynd 6).

3.9.2. Að flokki C 50-1 undanskildum skal gera ráð fyrir fjöður og/eða höggdeyfum til að draga úr tog- og þrýstihöggum eftir lengdarásnum sem rekja má til hreyfirymsins milli tengipinnans og dráttarbeislisaugans.

3.9.3. Fara ber eftir þeim málum sem koma fram í mynd 8 og töflu 3.

3.9.4. Tengin skulu hæfa þeim einkennandi gildum sem um getur í töflu 4 og vera prófuð með tilliti til þeirra.


3.9.5. Opna skal tengið með handfangi sem er við tengið (fjarstýring er óheimil).



Lengdarás ökutækis sem dregur


#### Mynd 5

Láréttur lágmarkssnúningur tengds dráttarbeislisauga  $\pm 90^\circ$  um lóðréttan ás út frá lengdarási ökutækisins




Mynd 6

Lóðréttur lágmarkssnúningur tengs dráttarbeislisauga  $\pm 25^\circ$  um þverás út frá láréttu plani ökutækisins



Mynd 7

Lágmarkssnúningur tengs dráttarbeislisauga um ás  $\pm 25^\circ$  um lengdarás út frá láréttu plani ökutækisins



Mynd 8

Mál staðaldráttarbeislitengs (í millímetrum) (sjá töflu 3)

TAFLA 3

Mál staðaldráttarbeislistengis (í millímetrum) (sjá mynd 8)

	C 50-1	C 50-2	C 50-3	C 50-4	C 50-5	C 50-6	Athugasemdir
$e_1$	83	120	140	160			$\pm 0,5$
$e_2$	56	55	80	100			$\pm 0,5$
$d_1$	-	54	74	84	94		hámark
$d_2$	10,5	15	17	21			H13
f	110	155	180	200			+6,-0
g	85	90	120	140			$\pm 3$
a	100	170	200	200	200		+20,-0
b	150	280	360	360	360		+20,-0
c	20	24	30	30			hámark
h	150	190	265	265	265		hámark
$l_1$	-	150	250	300	300		hámark
$l_2$	150	300	330	330	330		hámark
$l_3$	100	160	180	180	180		$\pm 20$
T	-	15	20	35	35		hámark

TAFLA 4

Einkennandi gildi fyrir staðaldráttarbeislistengi:

- D = hámarksgildi D (kN)  
 $D_c$  = hámarksgildi D (kN) fyrir eftirvagna með miðlægum ási  
 S = lóðrétt hámarksburðarálág í kyrrstöðu (kg)  
 V = hámarksgildi V (kN)

	C 50-1	C 50-2	C 50-3	C 50-4	C 50-5	C 50-6
D	18	25	70	100	130	190
$D_c$	18	25	50	70	90	120
S	200	250	650	900	1 000	1 000
V	12	10	18	25	35	50

#### 4. DRÁTTARBEISLISAUGU

Kröfurnar sem um getur í lið 4.1 gilda um dráttarbeislistengingu í flokki D 50.

Í lið 4.2 til 4.5 eru taldar upp viðbótarkröfur sem staðaldráttarbeislistengingu skulu uppfylla.

##### 4.1. Almennar kröfur varðandi dráttarbeislistengingu

Öll dráttarbeislistengingu skulu standast prófunina sem um getur í lið 4.4 í VI. viðauka.

Dráttarbeislistengingu í flokki D 50 ber að nota með dráttarbeislistengjum í flokki C 50. Dráttarbeislistengingu mega ekki snúast eins og ás (þar eð tilheyrandi tengi geta snúist).

Hafi dráttarbeislistengingu í flokki D 50 múffur skulu þær vera í samræmi við málin á mynd 12 (nema flokkur D 50-C) eða mynd 13.

Ekki skal sjóða múffurnar fastar í dráttarbeislisaugun.

Dráttarbeislisaugu í flokki D 50 skulu hafa sömu mál og á mynd 9 (nema annað sé tekið fram í lið 4.2, 4.3 eða 4.4). Lögum dráttarbeislisauðnskankans í flokki D 50-X er ekki tilgreind en hæðin „h“ og breiddin „b“ í 210 mm fjarlægð frá miðju augans skal vera innan þeirra marka sem tilgreind eru í töflu 6.

4.2. Sérkröfur varðandi dráttarbeislisaugu í flokki D 50-A

Dráttarbeislisaugu í flokki D 50-A skulu hafa sömu mál og sýnd eru á mynd 9.

4.3. Sérkröfur varðandi dráttarbeislisaugu í flokki D 50-B

Dráttarbeislisaugu í flokki D 50-B skulu hafa sömu mál og sýnd eru á mynd 10.

4.4. Sérkröfur varðandi dráttarbeislisaugu í flokki D 50-C

Dráttarbeislisaugu í flokki D 50-C skulu hafa sömu mál og sýnd eru á mynd 11.

Dráttarbeislisaugu í flokki D 50-C skulu hafa múffurnar sem sýndar eru á mynd 13.

4.5. Álagsgildi fyrir staðaldráttarbeislisaugu

Staðaldráttarbeislisaugu og festingar þeirra skulu hafa þeim álagsgildum sem um getur í töflu 5 og vera prófuð með tilliti til þeirra.

**TAFLA 5**

Einkennandi gildi fyrir staðaldráttarbeislisaugu:

D = hámarksgildi D (kN)

$D_c$  = hámarksgildi D (kN) fyrir eftirvagna með miðlægum ási

S = lóðrétt hámarksburðarálág í kyrrstöðu (kg)


V = V-gildi (kN)

Flokkur	D	$D_c$	S	V
D 50-A	130	90	1 000	30
D 50-B	130	90	1 000	25
D 50-C	190	120	1 000	50

**TAFLA 6**

Mál fyrir dráttarbeislisaugu í flokki D 50-A og D 50-X, (sjá mynd 9)


Flokkur	h (í millímetrum)	b (í millímetrum)
D 50-A	$65^{+2}_{-1}$	$60^{+2}_{-1}$
D 50-X	hámark 67	hámark 62



A-A  
(Sýnt án múffu)

Mynd 9

Mál dráttarbeislisauga í flokki D 50-A og D 50-X (sjá töflu 6)




Dráttarbeislisauga

Dráttarbeislissæti

Mynd 10


Mál dráttarbeislisauga í flokki D 50-B (mál sem vantar eru á mynd 9)






Mynd 11

Mál dráttarbeislisuga í flokki D 50-C1 (mál sem vantar eru á mynd 9)



Mynd 12

Raufuð múffa fyrir dráttarbeislisugu í flokki D 50



Mynd 13

Múffa án raufa fyrir dráttarbeislisugu í flokki D 50-C

## 5. DRÁTTARBEISLI

- 5.1. Dráttarbeisli í E-flokki skulu standast prófanir sem um getur í lið 4.5 í VI. viðauka.
- 5.2. Fyrir tengingu við ökutæki sem dregur geta dráttarbeisli annaðhvort verið búin tengihausum eins og um getur í 2. þætti eða dráttarbeislisaugum eins og um getur í 4. þætti þessa viðauka. Tengihausa og dráttarbeislisaugu má skrúfa, bolta eða sjóða.
- 5.3. Dráttarbeisli með liðamótum skulu ekki snerta jörð. Þau skulu ekki falla neðar en 200 mm frá jörðu þegar þau eru leyst úr lárétrri stöðu.
- 5.4. Hæðarstillibúnaður fyrir dráttarbeisli með liðamótum
  - 5.4.1. Dráttarbeisli með liðamótum skulu hafa búnað til að stilla dráttarbeislið í sömu hæð og tengibúnað eða kjálka. Þessi búnaður skal gerður með þeim hætti að einn maður geti stillt dráttarbeislið án verkfæra eða annarrar hjálpar.
  - 5.4.2. Með hæðarstillibúnaði skal vera hægt að stilla dráttarbeislisaugu eða tengikúlur að minnsta kosti 300 mm upp eða niður frá lárétrri stöðu fyrir ofan jörð. Innan þessa svigrúms skal vera hægt að stilla dráttarbeislið án fyrirstöðu eða mest í 50 mm þrepum, mælt við dráttarbeislisaugað eða tengikúluna.
  - 5.4.3. Hæðarstillibúnaðurinn skal ekki hindra frjálsa hreyfingu dráttarbeislisins að tengingu lokinni.
  - 5.4.4. Hæðarstillibúnaðurinn skal ekki hindra ágangshemlun.
- 5.5. Þegar um er að ræða dráttarbeisli sem tengd eru ágangshemlum skal fjarlægðin frá miðju dráttarbeislisauga að þeim enda dráttarbeislisaugnskankans sem er frjáls ekki vera minni en 200 mm í hemlunarstöðu. Þegar dráttarbeislisaugnskankinn er fullfestur skal fjarlægðin ekki vera minni en 150 mm.
- 5.6. Dráttarbeisli fyrir eftirvagna með miðlægum ási skulu a.m.k. hafa helmingstregðu gegn hliðarkröftum samanborið við tregðu gegn lóðréttum kröftum.

## 6. UPPSETNINGARGRINDUR

- 6.1. Uppsetningargrindur skulu henta til að festa þann tengibúnað sem um er að ræða við viðeigandi ökutæki.
- 6.2. Óheimilt er að sjóða uppsetningargrindur við undirvagn, yfirbyggingu eða aðra hluta ökutækis.
- 6.3. Uppsetningargrindur skulu standast prófanir sem um getur í lið 4.3 í VI. viðauka.

## 7. DRÁTTARSTÓLSTENGI OG STÝRISKÍLAR

Kröfurnar í lið 7.1 til 7.9 gilda um dráttarstólstengi í flokki G 50.

Í lið 7.10 eru taldar upp viðbótarkröfur sem staðaltengibúnaður skal uppfylla.


Stýriskílar skulu uppfylla kröfurnar sem taldar eru upp í lið 7.9.

- 7.1. Hentugir dráttarstólstengipinnar

Hanna skal dráttarstólstengi í flokki G 50 með þeim hætti að unnt sé að nota þau með tengipinum í flokki H 50 og að þau skapi ásamt þeim þá eiginleika sem eru tilgreindir.

- 7.2. Sjálfvirkni
- Dráttarstólstengi skulu vera sjálfvirk (sjá lið 2.1.17 í I. viðauka).
- 7.3. Stýringar
- Dráttarstólstengi skulu hafa stýringu sem tryggir örugglega og tryggilega að tengipinninn fari í virka stöðu. Inngangur stýringarinnar skal vera a.m.k. 350 mm á breidd.
- 7.4. Óheft lágmarkshreyfisvið dráttarstólstengis með tengipinna í virkri stöðu (en án þess að dráttarstólstengið sé fest við uppsetningarplötu eða ökutæki)
- Þegar tengipinninn er í virkri stöðu skulu dráttarstólstengi gera snúning hans mögulegan í akstursstöðu, samanber eftirtalin gildi:
- 7.4.1.  $\pm 90^\circ$  um lóðrétta ásinn (á ekki við um dráttarstólstengi með jafnhliða stýringu) og á sama tíma,
- 7.4.2.  $\pm 12^\circ$  um lárétta ásinn þvert á akstursstefnu. Með þessu horni er ekki nauðsynlega tekið tillit til aksturs utan vega.
- 7.4.3. Leyfður er snúningur um lengdarásinn allt að  $\pm 3^\circ$ . Heimilt er samt sem áður að auka horn á dráttarstólstengi sem getur snúist til fulls, að því tilskildu að læsing geri kleift að takmarka snúninginn um  $\pm 3^\circ$ .
- 7.5. Læsing sem kemur í veg fyrir að dráttarstólstengi aftengist
- Læsing á tenginu skal tryggja örugga stöðu tengipinnans með tvenns konar virkum hætti; seinni læsingin má virka á þá fyrri. Fyrri læsingin skal vera sjálfvirk þegar tengt er. Sé seinni læsingin handvirk skal aðeins hægt að setja hana á eftir að fyrri læsingin virkar fullkomlega. Sé seinni læsingin sjálfvirk skal lokuð staða beggja læsinga vera sýnileg.
- 7.6. Notkunarbúnaður
- Í lokaðri stöðu skal notkunarbúnaður tryggður gegn því að við honum sé hreyft í ógáti.
- 7.7. Yfirborðsáferð
- Yfirborð tengiplötu og tengilæsingar skal vera fullnægjandi með tilliti til notkunar og vandlega fræsað, eldsmíðað, mótað eða pressað.
- 7.8. Kröfur varðandi álag
- Öll dráttarstólstengi skulu standast prófanir sem um getur í lið 4.6 í VI. viðauka.
- 7.9. Stýriskílar
- Merkja skal tengi í flokki G 50-X sem hæfa ekki jafnhliða stýringu á viðeigandi hátt.
- 7.9.1. Mál stýriskíla fyrir jafnhliða stýringu festivagna skulu vera sömu og á mynd 15.
- 7.9.2. Stýriskíll skal gera trausta og örugga samtengingu mögulega. Stýriskíll skal vera áfestur með fjöður. Fjöðrunarstyrkur skal valinn með tilliti til þess að unnt sé að tengja óhlaðinn festivagn og að stýriskíllinn snerti hliðar tengisins örugglega þegar ekið er og festivagninn er fullhlaðinn. Unnt skal vera að aftengja dráttarstólinn bæði með festivagn hlaðinn og óhlaðinn.

- 7.10. Sérkröfur varðandi staðaldráttarstólstengi
- 7.10.1. Mál staðaldráttarstólstengja skulu vera sömu og á mynd 14 og í töflu 7.
- 7.10.2. Staðaldráttarstólstengi skulu hæfa D-gildinu 150 kN og U-gildinu 20 tonn og vera prófuð með tilliti til þeirra.
- 7.10.3. Opna skal tengið með handfangi sem er við tengið.
- 7.10.4. Staðaldráttarstólstengi skulu hæfa jafnhliða stýringu festivagna með hjálp stýriskíla (sjá lið 7.9).




**Mynd 14**  
Mál staðaldráttarstólstengja (sjá töflu 7)

(\*) Ef gera á ráð fyrir notkun stýriskíla er viðmiðunarmál, k = 138 ±3 mm, tekið 18 mm neðan við efsta yfirborð í 200 mm fjarlægð.

**TAFLA 7**

Mál staðaldráttarstólstengja (í millímetrum) (sjá mynd 14)

	G 50-1	G 50-2	G 50-3	G 50-4	G 50-5	G 50-6
H	140 - 159	160 - 179	180 - 199	200 - 219	220 - 239	240 - 260




Mynd 15  
Mál stýriskíla sem eru áfestir með fjöður

- (1) Gildir aðeins fyrir sverari stýriskíla en 60 mm.
- (2) Þetta mál á aðeins við um nýtanlegt yfirborð; sjálfur stýriskíllinn getur verið lengri.

## 8. DRÁTTARSTÓLSTENGIPINNAR

- 8.1. Mál dráttarstólstengipinna í flokki H 50 (ISO 337) skulu vera þau sömu og á mynd 16.
- 8.2. Tengipinnarnir skulu standast prófanir sem um getur í lið 4.8 í VI. viðauka.



Mynd 16  
Mál dráttarstólstengipinna í flokki H 50

- (\*) valfrjálst snið  $2\frac{1}{2} \times 45^\circ$

**9. UPPSETNINGARPLÖTUR**

- 9.1. Uppsetningarplötur í J-flokki fyrir dráttarstólstengi skulu hafa göt sem eru staðsett í samræmi við mynd 14, eigi að nota þær fyrir staðaldráttarstólstengi.
- 9.2. Uppsetningarplötur fyrir staðaldráttarstólstengi skulu hæfa jafnhliða stýringu festivagna (með stýriskílum). Uppsetningarplötur fyrir óstöðluð dráttarstólstengi sem ekki hæfa jafnhliða stýringu skal merkja á viðeigandi hátt.
- 9.3. Uppsetningarplötur fyrir dráttarstólstengi skulu standast prófanir sem um getur í lið 4.7 í VI. viðauka.

**10. FJARVÍSI- OG FJARSTÝRIBÚNAÐUR**

## 10.1. Almennar kröfur

Fjarvísi- og fjarstýribúnaður er heimilaður á sjálfvirkum tengibúnaði í flokki C, 50-X og G, 50-X.

Fjarvísi- og fjarstýribúnaður skal ekki koma í veg fyrir óhefta hreyfingu tengds dráttarbeislisauga eða tengds festivagns. Búnaðurinn skal vera fastengdur við ökutækið.

Allur fjarvísi- og fjarstýribúnaður er háður prófunum og viðurkenningu eins og tengibúnaðurinn og einnig allir hlutar stjórn- og tengibúnaðar.

## 10.2. Fjarvísir

10.2.1. Þegar um sjálfvirka tengingu er að ræða skal fjarvísibúnaður gefa til kynna með sýnilegum hætti að tenging sé lokuð og tvílæst í samræmi við lið 10.2.2 og/eða 10.2.3.

10.2.2. Grænt ljósmerki gefur breytingu úr opinni í lokaða og tvílæsta stöðu til kynna.

10.2.3. Rautt ljósmerki gefur opna og/eða ólæsta stöðu til kynna.

10.2.4. Gefi búnaðurinn til kynna að sjálfvirk tenging hafi átt sér stað skal fjarvísirinn tryggja að tengipinninn sé í tvílæstri endastöðu.

10.2.5. Bilun í fjarvísibúnaði má ekki hafa í för með sér að lokuð og læst staða sé gefin til kynna meðan tenging á sér stað, hafi endastöðu ekki verið náð.

10.2.6. Ef önnur læsingin virkar ekki skal græna ljósmerkið hverfa og/eða rauða ljósmerkið birtast.

10.2.7. Vélrænir vísar skulu vera beint við tengibúnaðinn.

Fjarvísibúnaðurinn skal fara í gang með sjálfvirkum hætti í hvert sinn sem tenging á sér stað.

10.2.8. Gera skal ráð fyrir að unnt sé að slökkva á fjarvísibúnaðinum til að trufla ekki ökumann við eðlilegan akstur.

10.2.9. Setja skal stýrihnappa og vísa fjarvísibúnaðarins upp innan sjónsviðs ökumanns og þeir skulu merktir með varanlegum og skýrum hætti.

## 10.3. Fjarstýring

10.3.1. Ef nota á fjarstýringu skal einnig hafa fjarvísibúnað eins og lýst er í lið 10.2; þessi búnaður skal einnig gefa opna stöðu tengisins til kynna.

- 10.3.2. Sérstakur rofi skal vera til staðar (þ.e. höfuðrofi, handfang eða loki) til að unnt sé að opna tengið eða loka því með fjarstýringu. Ef höfuðrofinn er ekki í klefa ökumanns skal staðsetja hann þar sem óviðkomandi einstaklingar geta ekki haft frjálsan aðgang að honum eða hafa hann læsanlegan. Einungis skal unnt að stjórna tengingu úr klefa ökumanns ef stýring í ógáti er útilokuð (t.d. með báðum höndum).
- Unnt skal vera að ganga úr skugga um hvort tengið hafi opnast með sjálfstýringu eða ekki.
- 10.3.3. Sé fjarstýring háð því að tengið sé opnað með utanaðkomandi afli skulu ökumanni gefin til kynna, á viðeigandi hátt, þau skilyrði sem hafa áhrif á að það verkar á tengið. Þetta á ekki við ef hið utanaðkomandi afl virkar aðeins um leið og fjarstýringin.
- 10.3.4. Ef búnaðinum sem opnar tengið með fjarstýringu er komið fyrir á ökutækinu utanverðu skal unnt að hafa yfirsýn yfir svæðið milli hinna tengdu ökutækja, en ekki ber nauðsyn til, samt sem áður, að komast að svæðinu til að stjórna honum.
- 10.3.5. Tengið skal ekki opnast af slysi í venjulegum akstri á vegum vegna einstakra mistaka við stjórn búnaðarins eða einstakra bilana í honum. Bilanir í búnaðinum skulu vera greinanlegar með beinum hætti eða koma strax í ljós við næstu aðgerð, t.d. sem truflun á eðlilegri starfsemi.
- 10.3.6. Bili fjarstýring skal í neyðartilvikum vera unnt að opna tengið með að minnsta kosti einum öðrum hætti. Þurfi til þess verkfæri skal það að finna í verkfærakassa ökutækisins. Kröfurnar í lið 3.8 í V. viðauka gilda ekki um handföng sem einungis skal nota til að opna tengið í neyðartilviki.
- 10.3.7. Stýrihnappar og vísar fjarstýribúnaðarins skulu ávallt vera merktir með varanlegum og skýrum hætti.

# VIÐAUKI VI

## PRÓFUN VÉLRÆNS TENGIBÚNAÐAR

### 1. ALMENNAR PRÓFUNARKRÖFUR

- 1.1. Prófa skal eintök af tengibúnaði; prófa skal bæði styrkleika og með hvaða hætti búnaðurinn virkar. Viðkomandi tækniþjónusta er samt sem áður heimilt að fella styrkleikaprófun niður geri einföld hönnun íhluta fræðilega prófun mögulega. Fræðilegar prófanir skulu tryggja eins öruggar niðurstöður og hreyfi- eða kyrrstöðuprófun. Í vafatilvikum skulu niðurstöður hreyfiþrófana gilda. Tækniþjónustan sem sér um framkvæmd prófana skal ákveða hvaða prófanir verði gerðar.
- 1.2. Þegar um er að ræða tengibúnað skal sannreyna styrk með hreyfiþrófunum (þolprófun). Í sumum tilvikum kunna viðbótarkyrrstöðuprófanir að vera nauðsynlegar (sjá 4. lið).
- 1.3. Framkvæma skal hreyfiþrófun með sínusferilsálagi sem er nærri lagi (breytilegt og/eða með slætti) með fjölda spennuhringja sem hæfir efninu. Engar sprungur eða brot skulu koma fram.
- 1.4. Þær kyrrstöðuprófanir sem mælt er fyrir um skulu aðeins leiða til smávægiegrar varanlegrar aflögunar. Formaflögun eftir að álagi er aflétt skal ekki vera meiri en 10% af hámarksaflögun.
- 1.5. Áætlað álag í hreyfiþrófunum er byggt á láréttum kröftum í lengdarási ökutækisins og lóðréttum kröftum. Ekki er reiknað með láréttum kröftum þvert á lengdarás ökutækisins og kraftvægi að því tilskildu að þessir þættir séu veigalitlir.

Tækniþjónustan getur krafist viðbótarpófana ef hönnun tengibúnaðar, áfesting við ökutækið eða áfesting viðbótarbúnaðar (eins og stöðugleikabúnaðar, hraðtengibúnaðar, o.s.frv.) leiðir af sér viðbótarkrafta eða kraftvægi.

Fræðilega ákvarðaður viðmiðunarkraftur, D-gildið, eins og það er skilgreint í lið 2.1.18 í I. viðauka stendur fyrir láréttan kraft í lengdarási ökutækisins. Lóðrétt burðarálag í kyrrstöðu, S, við tengipunkt og áætlað lóðrétt álag, V, eins og það er skilgreint í lið 2.1.19 í I. viðauka eða lóðrétt burðarálag í kyrrstöðu, U, þegar um er að ræða dráttarstólstengi, standa fyrir lóðréttan kraft, þar sem við á.

- 1.6. Hin einkennandi gildi D, S, V og U sem prófanirnar byggjast á skal taka úr umsókn framleiðanda um EBE-gerðarviðurkenningu.

### 2. PRÓFUNARADFERÐIR

- 2.1. Þegar um er að ræða hreyfi- og kyrrstöðuprófanir skal setja prófunareintak í viðeigandi prófunarbúnað þar sem unnt er að beita viðeigandi krafti með þeim hætti að engir viðbótarkraftar eða kraftvægi beinist að því nema sá kraftur sem notaður er við prófunina. Þegar um er að ræða breytilegar prófanir skal stefna kraftsins ekki víkja umfram  $\pm 1^\circ$  frá tilgreindri stefnu. Í sláttar- eða kyrrstöðuprófunum skal hornið vera sama og um hámarkskraft sé að ræða. Venjulega er liður á þeim punkti þar sem krafturinn verkar (þ.e. í tengipunkti) nauðsynlegur við þessar aðstæður og annar liður í hæfilegri fjarlægð.
- 2.2. Prófunartíðni skal ekki fara yfir 35 Hz. Velja skal prófunartíðni sem er vel aðgreind frá meðsvæflunartíðni prófunarsamstæðunnar, einnig þess búnaðar sem verið er að prófa. Við ósamhæfðar prófanir skal tíðni frávik kraftanna tveggja vera frá um það bil 1% til 3% í hæsta lagi. Fjöldi spennuhringja fyrir stáltengibúnað er  $2 \times 10^6$ . Meiri fjöldi spennuhringja kann að vera nauðsynlegur fyrir búnað úr öðrum efnum en stáli. Við sprunguprófun skal beita litsmygniaðferð eða sambærilegri aðferð.



- 2.3. Þegar um er að ræða breytilega prófunarkrafta (þætti) er meðalkrafturinn núll. Í sláttarprófunum jafngildir prófunarkrafturinn hámarkskrafti; lágmarkskraftur getur verið allt að 5% af hámarkskrafti, nema annað sé tekið fram í hinum tilteknu prófunarkröfum.
- 2.4. Í kyrrstöðuprófunum, öðrum en sérprófunum sem krafist er samkvæmt lið 4.2.3, skal beita prófunarkrafti með jöfnum og fljótvirkum hætti í að minnsta kosti 60 sekúndur.
- 2.5. Venjulega skal koma tengibúnaði sem prófa á fyrir í prófunarbúnaði á eins traustan hátt og frekast er unnt í sömu stöðu og hann verður notaður á ökutækinu. Festingarbúnaður skal vera sá sem framleiðandi eða umsækjandi tilgreinir og er ætlaður til festingar við ökutækið og/eða skal hafa sömu vélrænu eiginleika.
- 2.6. Æskilegt er að tengi séu prófuð við raunverulegar aðstæður sem eru fyrirsjáanlegar við akstur á vegum. Að mati framleiðanda og með samþykki tækniþjónustunnar er heimilt að sleppa sveigjanlegum fhlutum, ef það er nauðsynlegt vegna prófunaraðferðarinnar og það gefur ekki tilefni til að efast um áreiðanleika niðurstaðna.

Meðan prófun stendur yfir er heimilt að skipta um sveigjanlega fhluta sem virðast ofhitna af völdum þessarar hraðvirku prófunar. Heimilt er að beita prófunarálagi með sérstökum slakalausum búnaði.

### 3. TÁKN OG SKILGREININGAR Í VI. VIÐAUKA

- $A_v$  = leyfilegt hámarksálag á stýrðan ás í tonnum
- $C$  = massi eftirvagns með miðlægum ási í tonnum (sjá lið 2.1.18 í I. viðauka)
- $D$  = D-gildi í kN ((sjá lið 2.1.18 í I. viðauka)
- $R$  = heildarmassi eftirvagns (sjá lið 2.1.18 í I. viðauka)
- $T$  = massi ökutækis sem dregur í tonnum (sjá lið 2.1.18 í I. viðauka)
- $F_A$  = lyftikraftur í kyrrstöðu í kN
- $F_h$  = láréttur prófunarkraftur beitt á lengdarás ökutækis í kN
- $F_s$  = lóðréttur prófunarkraftur í kN
- $F_q$  = láréttur prófunarkraftur þvert á lengdarás ökutækis í kN
- $F_{hs\ res}$  = heildarprófunarkraftur  $F_h$  og  $F_s$  í kN
- $F_{hq\ res}$  = heildarprófunarkraftur  $F_h$  og  $F_q$  í kN
- $S$  = lóðrétt kyrrstöðuálag í kílógrömmum
- $U$  = lóðrétt álag á dráttarstól í tonnum
- $V$  = V-gildi í kN (sjá lið 2.1.19 í I. viðauka)
- $a$  = jafngild lóðrétt hröðun í tengipunkti eftirvagna með miðlægum ási sem fer eftir fjaðrabúnaði á afturási eða ásum ökutækisins sem dregur
- $e$  = lóðrétt fjarlægð milli tengipunkts tengikúlna sem unnt er að taka af og lóðréttis plans festipunkta (sjá mynd 21 og 25) í millímetrum

- f = lóðrétt fjarlægð milli tengipunkts tengikúla sem unnt er að taka af og lárétts plans festipunkta (sjá mynd 21 og 25) í millímetrum
- g = þyngdarhröðun, ákveðin  $9,81 \text{ m/s}^2$
- l = fræðileg lengd dráttarbeislis frá miðju dráttarbeislisauga til ássmiðju í metrum
- n = fjarlægð milli dráttarbeislisauga og miðlínu stýrðs áss í millímetrum
- r = rúlluradíus (fjarlægð, í plani vegar, milli miðlínu stýrisboltans og miðjuplans hjólsins) í millímetrum
- s = sporvidd í millímetrum
- x = hleðslulengd eftirvagns með miðlægum ási í metrum

Atriðaskrá:

- O = hámarkskraftur
- U = lágmarkskraftur
- w = breytilegur
- h = láréttur
- s = lóðréttur

#### 4. SÉRSTAKAR PRÓFUNARKRÖFUR

##### 4.1. Tengikúlur og dráttarfestingar

###### 4.1.1. Vélrænn tengibúnaður fyrir tengikúlur má vera af eftirfarandi gerðum:

- heilar tengikúlur, meðal annars búnaður með kúlum sem hægt er að taka af en ekki skipta út (sjá mynd 20),
- tengikúlur sem samanstanda af hlutum sem unnt er að aðskilja hvern frá öðrum (sjá mynd 21, 22 og 23),
- dráttarfestingar (sjá mynd 24).

###### 4.1.2. Grunnprófunin er þolprófun með breytilegum prófunarkrafti. Prófunareintak er tengikúlan, kúluhálsinn og nauðsynlegar festingar á ökutækis. Festa skal tengikúluna og dráttarfestingarnar tryggilega í prófunarbúnaðinn sem getur myndað breytilega krafta; festa skal hlutina í sömu stöðu og við raunverulegar notkunaraðstæður.

###### 4.1.3. Framleiðandi ökutækis tilgreinir staðsetningu festipunkta fyrir uppsetningu tengikúlnnar og dráttarfestinganna (sjá lið 1.2 í VII. viðauka).

###### 4.1.4. Búnaðurinn sem prófa á skal hafa alla hönnunarhluta sem kunna að hafa áhrif á styrkleikaviðmið (t.d. plata fyrir rafmagnsinnstungur, allar merkingar, o.s.frv.). Ytri prófunarmörk eru festingar eða festipunktar. Framleiðandi ökutækisins skal gefa upp í prófunarskýrslu rúmfræðilega staðsetningu tengikúlnnar og festipunkta tengibúnaðarins með tilliti til viðmiðunarlinunnar. Framleiðandi dráttarþreifreiðarinnar skal veita framleiðanda dráttarþreifreiðarinnar allar nauðsynlegar

upplýsingar um staðsetningu festinga með tilliti til viðmiðunarlínunnar og skal prófunin ná til allra þessara staða.

4.1.5. Prófa skal þær einingar sem komið er fyrir á prófunarþekk með prófunartæki sem gefur breytilegan þrýsting eða tog (t.d. meðsvæiflúsláttarbúnaði).


Prófunarálag skal vera breytilegur kraftur og því skal beitt á tengikúluna undir  $15^\circ \pm 1^\circ$  horni eins og fram kemur á mynd 17 og/eða 18.

Liggi miðja kúlunnar ofan línu, sem er samsíða viðmiðunarlínunni sem er sýnd á mynd 19, og á er hæsti af þeim festipunktum sem næstir eru skal framkvæma prófunina undir horninu  $\alpha = -15^\circ \pm 1^\circ$  (sjá mynd 17). Liggi miðja kúlunnar neðan línu, sem er samsíða viðmiðunarlínunni, eins og fram kemur á mynd 19, og á er hæsti af þeim festipunktum sem næstir eru skal framkvæma prófunina undir horninu  $\alpha = +15^\circ \pm 1^\circ$  (sjá mynd 18).


Þetta horn er valið til að unnt sé að taka tillit til lóðrétts kyrrstöðu- og hreyfiálags. Þessi prófunaraðferð gildir aðeins um leyfilegt stöðuálag sem er mest:

$$S = \frac{120 \times D}{g}$$


Sé stöðuálag yfir  $120 \times D$  nauðsynlegt skal stækka prófunarhornið í  $20^\circ$ . Hreyfiprófun skal framkvæma með eftirfarandi prófunarkrafti:




Mynd 17  
Prófunarbúnaður I



Mynd 18  
Prófunarbúnaður II



Mynd 19  
Viðmið fyrir prófunarhorn



**Mynd 20**  
Heil tengikúla

4.1.6. Prófunaraðferðin gildir um ólíkar gerðir tengibúnaðar (sjá lið 4.1.1) samanber eftirfarandi:


4.1.6.1. heilar tengikúlur, meðal annars búnaður sem hægt er að taka af en ekki skipta út (sjá mynd 20).

Frankvæma ber styrkleikaprófun á búnaðinum sem er á mynd 20 í samræmi við kröfurnar í lið 4.1.5;


4.1.6.2. tengikúlur sem samanstanda af hlutum sem unnt er að skilja hvern frá öðrum.

Eftirfarandi flokkar eru skilgreindir:


- dráttarfesting og kúla (sjá mynd 21),
- dráttarfesting og kúla á heilli undirstöðu (sjá mynd 22),
- dráttarfesting og kúla (sjá mynd 23),
- dráttarfesting án kúlu (sjá mynd 24).




**Mynd 21**  
Dráttarfesting og kúla



**Mynd 22**  
Dráttarfesting og kúla á heilli undirstöðu



**Mynd 23**  
Dráttarfesting og kúla



**Mynd 24**  
Dráttarfesting

Framkvæma ber styrkleikaprófun á búnaðinum sem er á mynd 21 til 23 í samræmi við kröfurnar í lið 4.1.5. Mál  $e$  og  $f$ , með framleiðslufrávikum  $\pm 5$  mm, skulu koma fram í prófunarskýrslunni.

Framkvæma ber prófun á dráttarfestingu (sjá mynd 24) með áfestri kúlu (á undirstöðu). Aðeins skal taka tillit til niðurstaðna varðandi dráttarfestinguna milli festipunkta og uppsetningarflatar undirstöðu kúlunnar.

Framleiðanda tengibúnaðarins ber að tilgreina mál  $e$  og  $f$ .

4.1.6.3. Tengibúnaður með breytileg mál  $e$  og  $f$  fyrir tengikúlur sem hægt er að taka af og skipta um.

4.1.6.3.1. Framkvæma ber styrkleikaprófanir á slíkum dráttarfestingum (á mynd 25) í samræmi við kröfurnar í lið 4.1.5.

4.1.6.3.2. Ef framleiðandi og viðkomandi tæknipjónusta geta komið sér saman um skilgreiningu á verstu hugsanlegu stöðu, nægir að prófa þessa stöðu einvörðungu. Að öðrum kosti ber að prófa ólíkar stöður kúlunnar samkvæmt einfaldaðri prófunaráætlun í samræmi við lið 4.1.6.3.3.


4.1.6.3.3. Þegar um einfaldaða prófunaráætlun er að ræða skal  $f$ -gildið vera milli skilgreinds gildis  $f_{\min}$  og gildis  $f_{\max}$  sem er ekki yfir 100 mm. Kúlan skal vera í 130 mm fjarlægð ( $e_{\max}$ ) frá undirstöðunni. Til að prófunin nái yfir allar hugsanlegar stöður kúlunnar í sviðinu sem lárétt fjarlægð frá uppsetningarflatinum og lóðréttu sviðinu ( $f_{\min}$  til  $f_{\max}$ ) myndar skal prófa tvö sett af búnaði:

- annað með kúluna í efstu stöðu ( $f_{\max}$ ), og
- hitt með kúluna í lægstu stöðu ( $f_{\min}$ ).

Ef lína samsíða viðmiðunarlínu deilir sviðinu sem kúlan getur verið í í öllum hugsanlegum stöðum (sjá mynd 25c) eru prófunarhornin:

- a fyrir kúluna ofan við og + a fyrir kúluna neðan við þá viðmiðunarlínu (samanborið við mynd 19).


a)  $f_{max}$  neðan við prófunarhorn línu sem er samsíða viðmiðunarlínu: +a



Mynd 25a

Dráttarfesting og undirstaða fyrir ólíkar stöður kúlunnar


b)  $f_{min}$  ofan við prófunarhorn línu sem er samsíða viðmiðunarlínu: -a



Mynd 25b

Dráttarfesting og undirstaða fyrir ólíkar stöður kúlunnar

c)  $f_{max}$  ofan við línusamsíða viðmiðunarlínu  
 $f_{min}$  ofan við línusamsíða viðmiðunarlínuhorn: +a og -a




Mynd 25c

Dráttarfesting og undirstaða fyrir ólíka stöðu kúlunnar

## 4.2. TENGIKÚLUR

- 4.2.1. Grunnprófunin er þolprófun með breytilegum prófunarkrafti og kyrrstöðuprófun (lyftiprófun) á hverju prófunareintaki.
- 4.2.2. Framkvæma ber hreyfiprófunina með tengikúlu í A-flokki af hæfilegum styrkleika. Koma skal tengi og tengikúlu fyrir í prófunarbúnaðinum samkvæmt fyrirmælum framleiðandans og á þann hátt sem samsvarar festingu þeirra við ökutækið. Útiloka skal að utanaðkomandi kraftar verki á prófunareintakið auk prófunarkraftsins. Beita skal prófunarkrafti eftir línu sem gengur gegnum miðju kúlunnar og með  $15^\circ$  halla niður á við og aftur með (sjá mynd 26). Framkvæma ber þolprófun á prófunareintakinu með eftirfarandi prófunarkrafti:

$$F_{hs\ res\ w} = 0,6 D$$



Mynd 26  
Hreyfiprófun


- 4.2.3. Einnig ber að framkvæma lyftiprófun í kyrrstöðu. Þvermál tengikúlunnar sem notuð er í prófuninni skal vera:

$$\begin{array}{r} + 0,13 \\ 49 \quad \text{mm} \\ - 0 \end{array}$$

til að líkjast slitinni tengikúlu. Auka skal lyftikraftinn  $F_A$  jafnt og hratt í

$$g \left( c + \frac{S}{1000} \right)$$

og viðhalda honum í 10 sekúndur (sjá mynd 27). Tengihausinn skal ekki skiljast frá kúlunni og engin varanleg aflögun skal koma fram í honum sem gæti haft neikvæð áhrif á hæfni hans til að gegna hlutverki sínu.



Mynd 27  
Lyftiprófun

#### 4.3. Dráttarbeislistengi og dráttarásar

4.3.1. Framkvæma ber þolprófun á prófunareintakinu. Tengibúnaðurinn skal hafa allar nauðsynlegar festingar til að festa hann við ökutækið. Prófa ber allan uppsetningarbúnað milli dráttarbeislistengja og grindar ökutækisins (þ.e. dráttarása) með sömu kröftum og tengið. Þegar dráttarásar sem eru ætlaðir fyrir staðaldráttarbeislistengi eru prófaðir skal beita lóðréttu álagi úr lengdarfjarlægð frá lóðréttu plani festipunktanna sem jafngildir stöðu samsvarandi staðaltengis.

4.3.2. Dráttarbeislistengi fyrir dráttarbeisli með liðamótum ( $S = 0$ )

Framkvæma ber hreyfiþrófun með breytilegum láréttum krafti,  $F_{hw} = 0,6 D$ , sem er beitt eftir línu samsíða jörðu og í lengdarmiðjuplanu ökutækisins sem dregur, gegnum miðju tengipinnans.

4.3.3. Dráttarbeislistengi fyrir eftirvagna með miðlægum ási ( $S > 0$ )

4.3.3.1. Eftirvagnar með miðlægum ási með leyfilegum massa allt að 3,5 tonn

Prófa ber dráttarbeislistengi fyrir eftirvagna með miðlægum ási sem að heildarmassa eru allt að 3,5 tonn á sama hátt og tengikúlur og dráttarfestingar sem lýst er í lið 4.1 í þessum viðauka.

4.3.3.2. Eftirvagnar með miðlægum ási með leyfilegum massa yfir 3,5 tonn

Prófunarálagi er beitt lárétt og lóðrétt á prófunareintakið í ósamhæfðri þolprófun. Lárétta kraftinum skal beitt samsíða jörðu og í lengdarmiðjuplanu ökutækisins sem dregur, gegnum miðju tengipinnans. Lóðréttu kraftinum skal beitt hornrétt á jörð og í lengdarmiðjuplanu ökutækisins sem dregur, gegnum miðju tengipinnans (sjá mynd 28).

Festa skal dráttarbeislistengið og dráttarbeisli sagað á prófunarbekkinn með sama hætti og fyrirhugað er að festa þau við ökutækið í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.

Beita skal eftirfarandi prófunarálagi á tengipunktinn:


Prófunarálag	Meðalgildi (kN)	Sveifluviðd (kN)
Lárétt álag	0	$\pm 0,6 D$
Lóðrétt álag	$\frac{g \cdot S}{1000}$	$\pm 0,6 V$

Prófunarkrafturinn er rúmfræðileg summa lóðréttra og láréttra krafta. Unnt er að ná þessu fram með uppsetningu í prófunarbekk eins og kemur fram á mynd 28. Lóðréttir og láréttir kraftar skulu vera sínusferilsлагаðir og beita skal þeim á ósamhæfðan hátt, þar sem mismunur á tíðni þeirra er á bilinu 1 til 3%, þannig að niðurstöður fáið með tilliti til prófunarkrafta í allar áttir.

4.3.4. Kyrrstöðuprófun á læsingu fyrir tengipinna

Þegar um er að ræða dráttarbeislistengi er einnig nauðsynlegt að prófa lokun og læsingar með kyrrstöðukrafti  $0,25 D$  sem beitt er í sömu átt og opnað er. Prófunin skal ekki leiða til þess að búnaðurinn opnast og ekki valda skemmdum. Þegar um er að ræða sívala tengipinna nægir prófunarkrafturinn  $0,1 D$ .





Mynd 28

Prófunarbúnaður fyrir dráttarbeislistengi (dæmi)

## 4.4. Dráttarbeislistaugu

4.4.1. Framkvæma ber sömu hreyfiprófanir á dráttarbeislistaugum og dráttarbeislistengjum. Beita skal breytilegu álagi á dráttarbeislistaugu, eins og lýst er í lið 4.3.2, sem einungis eru notuð á eftirvagna með dráttarbeislistaugu með liðamótum, sem gera óhefta lóðréttu hreyfingu mögulega. Prófa skal dráttarbeislistaugu sem einnig eru ætluð til nota á eftirvagna með miðlægum ási á sama hátt og kúlutengi (liður 4.2) fyrir leyfðan massa eftirvagns, C, allt að 3,5 tonn og á sama hátt og dráttarbeislistengi (liður 4.3.3.2) fyrir eftirvagna með miðlægum ási með yfir 3,5 tonna massa C.

4.4.2. Prófun dráttarbeislistaugna skal fara fram með þeim hætti að hið breytilega álag komi einnig á þá hluta sem eru notaðir til að festa dráttarbeislistauga við dráttarbeislið. Festa skal alla sveigjanlega milliáhluta með klemmu.

## 4.5. Dráttarbeisli

4.5.1. Prófa ber dráttarbeisli á sama hátt og dráttarbeislistaugu (sjá lið 4.4). Tækniþjónustunni er heimilt að fella þolprófun niður ef einföld hönnun íhluta gerir fræðilega styrkleikaprófun mögulega. Taka ber hönnunarálag vegna fræðilegrar sannprófunar dráttarbeisli eftirvagna með miðlægum ási með massa C, sem er allt að 3,5 tonn úr ISO-staðli 7641/1 (1983). Reikna skal hönnunarálag vegna fræðilegrar sannprófunar dráttarbeisla eftirvagna með miðlægum ási með yfir 3,5 tonna massa C á eftirfarandi hátt:

$$F_{sp} = \frac{g \times S}{1000} + V$$

þar sem sveifluvídd krafts, V, er sama og kemur fram í lið 2.1.19 í I. viðauka.

Leyfileg spenna sem er byggð á hönnunarálagi eftirvagna með heildarmassa C, sem er yfir 3,5 tonn, skal vera í samræmi við málsgrein 5.3 í ISO-staðli 7641/1. Þegar um er að ræða sveigð dráttarbeisli (t.d. álfarháls) og dráttarbeisli fullhlaðinna eftirvagna skal taka mið af lárétta kraftinum  $F_{hp} = 1,0 \times D$ .

4.5.2. Þegar um er að ræða dráttarbeisli fyrir fullhlaðna eftirvagna með óhefta hreyfingu í lóðréttu plani skal, auk þolprófunar eða fræðilegrar styrkleikasannprófunar, sannprófa sveigjutregðu annaðhvort með fræðilegum útreikningi með hönnunarálagi  $3,0 D$  eða sveigjuþrófun með hönnunarálagi  $3,0 \times D$ . Leyfileg spenna, ef um útreikning er að ræða, skal vera í samræmi við málsgrein 5.3 í ISO-staðli 7641/1.

- 4.5.3. Þegar um er að ræða stýrða ása skal sannprófa sveigjutregðu með fræðilegum útreikningi eða sveigjuprófun. Beita skal kyrrstöðukrafti lárétt frá hlið á miðju tengipunkts. Velja ber styrkleika kraftsins þannig að kraftvægið  $0,6 \times A \times g$  (kNm) komi gegnum miðju framássins. Leyfileg spennan skal vera í samræmi við málsgrein 5.3 í ISO-staðli 7641/1.
- 4.6. Dráttarstólstengi
- 4.6.1. Grunnstyrkleikaprófanir eru hreyfiprófun og kyrrstöðuprófun (lyftiprófun). Framkvæma ber viðbótarkyrrstöðuprófun (sveigjuprófun) á dráttarstólstengjum fyrir jafnhliða stýringu festivagna. Vegna prófunarinnar skal dráttarstólstengið búið öllum nauðsynlegum festingum til að festa það við ökutækið. Uppsetningaraðferðin skal vera sú sama og notuð er síðar á sjálfu ökutækinu.
- 4.6.2. Kyrrstöðuprófanir
- 4.6.2.1. Prófa skal staðaldráttarstólstengi sem eru hönnuð fyrir stýriskil eða áþekkan búnað fyrir jafnhliða stýringu festivagna (sjá lið 7.9 í V. viðauka) með tilliti til nægjanlegs styrkleika með sveigjuprófun í kyrrstöðu á því svæði þar sem stýribúnaðurinn vinnur um leið og dráttarstólsálagi er beitt. Beita skal leyfilegu hámarksdráttarstólsálagi,  $U$ , lóðrétt á tengið í virkri stöðu með harðri plötu sem er hæfilega stór til að þekja tengið fullkomlega.

Endanlegur kraftur þess álags sem er beitt skal fara gegnum miðju lárétts liðar dráttarstólstengisins.

Um leið skal beita láréttum hliðarkrafti, sem jafngildir nauðsynlegum krafti fyrir jafnhliða stýringu festivagnsins, á hliðar stýringar tengipinnans. Velja ber styrkleika kraftsins og þá stefnu sem hann verkar í þannig að kraftvæginu  $0,75 \text{ m} \times D$  sé beitt umhverfis miðju tengipinnans. Beita ber kraftvæginu með krafti sem verkar á  $0,5 \text{ m}$  langan arm. Heimil er varanleg (form) aflögun allt að 5% fyrir öll nafnmál. Engar sprungur skulu koma fram.


- 4.6.2.2. Framkvæma ber lyftiprófun í kyrrstöðu á öllum dráttarstólstengjum. Þegar lyftikrafti sem er allt að  $F_A = g \times U$  er beitt skal engin meiriháttar varanleg sveigja koma fram í tengiplötunni sem er yfir 2% af breidd hennar.

Þegar um er að ræða staðaldráttarstólstengi í flokki G 50 og sambærileg tengi fyrir tengipinna með sama þvermál skal tengipinninn ekki skiljast frá tenginu við lyftikraft sem er:

$$F_A = g \times 2,5 \times U$$

Beita ber kraftinum með stöng sem þrýstir á annan enda tengiplötunnar og reisir hinn enda hennar í  $1,0$  til  $1,5 \text{ m}$  fjarlægð frá miðju tengipinnans (sjá mynd 29).

Stangarmurinn skal mynda  $90^\circ$  horn við inngangsstefnu tengipinnans í tengið. Komi verstu hugsanlegu aðstæður greinilega upp ber að prófa þær. Komi þessar aðstæður ekki greinilega upp skal tækniþjónustan ákvarða hvora hlið ber að prófa. Ekki er krafist annarra prófana.



Mynd 29

Lyftiprófun dráttarstólstengja

## 4.6.3. Hreyfiprófun

Beita ber breytilegu álagi á dráttarstólstengið í prófunarbúnaði (ósamhæfð hreyfiprófun) með láréttum breytilegum krafti og lóðréttum slætti samtímis.

## 4.6.3.1. Þegar um er að ræða dráttarstólstengi sem eru ekki ætluð fyrir jafnhliða stýringu festivagna skal beita eftirfarandi kröftum:

$$\text{Lárétt:} \quad F_{hw} = \pm 0,6 \times D$$

$$\text{Lóðrétt:} \quad F_{sO} = g 1,2 \times U$$

$$F_{sU} = g 0,4 \times U$$

Beita skal þessum tveimur kröftum á ökutækið í lengdarmiðjuhlani þess með  $F_{sO,U}$  gegnum miðju liðamóta tengisins.

Lóðrétti krafturinn  $F_{sO,U}$  er breytilegur milli markandi gildanna

$$+ 1,2 \times U \text{ og } + 0,4 \times U$$

og lárétti krafturinn milli

$$+ 0,6 \times D \text{ og } - 0,6 \times D.$$

## 4.6.3.2. Þegar um er að ræða dráttarstólstengi fyrir jafnhliða stýringu festivagna skal nota eftirfarandi krafta:

$$\text{Lárétt:} \quad F_{hw} = \pm 0,675 \times D$$

$$\text{Lóðrétt:} \quad F_{sO,U} \text{ eins og í lið 4.6.3.1}$$

Þær línur sem kröftunum er beint eftir koma fram í lið 4.6.3.1.

4.6.3.3. Þegar hreyfiprófun dráttarstólstengja fer fram skal setja hæfilegt smurefni milli tengiplötunnar og eftirvagnsplötunnar þannig að hámarksnúningsstuðull verði  $m = 0,15$ .

## 4.7. Uppsetningarplötur fyrir dráttarstólstengi

Framkvæma ber hreyfiprófun dráttarstólstengja sem lýst er í lið 4.6.3 og kyrrstöðuprófanir sem lýst er í lið 4.6.2 með viðeigandi hætti á uppsetningarplötum. Þegar um er að ræða uppsetningarplötur nægir að framkvæma lyftiprófun á annari hlið einvörðungu. Grundvalla skal prófunina á uppgefni hámarksuppsetningarhæð fyrir tengið, uppgefni hámarksbreidd og uppgefni lágmarkslengd uppsetningarplötunnar. Prófunin er óþörf ef uppsetningarplatan er þynnri og/eða lengri og heildarhæð hennar minni en plötu sem þessi prófun hefur þegar farið fram á, en eins að öðru leyti.

## 4.8. Dráttarstólstengipinnar fyrir festivagna

## 4.8.1. Framkvæma ber hreyfiprófun með breytilegu álagi á prófunareintaki í prófunarbúnaði. Ekki skal blanda prófun tengipinna saman við prófun dráttarstólstengis. Framkvæma ber prófunina þannig að álagið komi einnig á festingar sem eru nauðsynlegar til að festa tengipinnann við festivagninn.

- 4.8.2 Framkvæma ber hreyfiprófun með láréttu álagi  $F_{hw} = \pm 0,6 \times D$  á tengipinnanum í virkri stöðu. Kraftinum skal beint gegnum miðju sívala hluta tengipinnans, sem er 50,8 mm í þvermál í flokki H 50, þar sem þvermál hans er minnst (sjá mynd 16 í V. viðauka).

## VIÐAUKI VII

### KRÖFUR VARÐANDI GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKISINS MEÐ TILLITI TIL VALFRJÁLSSRAR UPPSETNINGAR VÉLRÆNS TENGIBÚNAÐAR Á ÞAÐ


#### 1. ALMENNAR KRÖFUR

- 1.1. Framleiðandi ökutækis skal tilgreina hvaða gerðir og flokka tengibúnaðar sé heimilt að festa við ökutækisgerðina og gefa upp gildin D, V<sup>(1)</sup>, S eða U (ef við á) sem eru byggð á smíði ökutækisgerðarinnar í tengslum við þá gerð eða gerðir tengibúnaðar sem nota á. Einkennandi gildin D, V, S eða U fyrir tengibúnaðinn sem er samþykktur í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar skulu vera jöfn eða stærri en tilsvareandi gildi fyrir viðkomandi samtengd ökutæki.
- 1.2. Festa ber tengibúnaðinn við ökutækið í samræmi við uppsetningarleiðbeiningar framleiðandans í samráði við framleiðanda tengibúnaðarins og tæknipjónustuna. Framleiðandi ökutækisins skal tilgreina viðeigandi festipunkta fyrir tengibúnaðinn á ökutækinu og, ef nauðsyn krefur, uppsetningarfestingar, uppsetningarplötur, o.s.frv. sem festa á við viðkomandi ökutækisgerð.
- 1.3. Einungis skal nota sjálfvirkan tengibúnað, sem gerir kleift að tengja vélknúid ökutæki með sjálfvirkum hætti, til að tengja eftirvagna með yfir 3,5 tonna hámarks massa.
- 1.4. Við uppsetningu tengibúnaðar í B-, D-, E- og H-flokki skal taka mið af gildi sem er 32 tonn fyrir hámarks massa ökutækisins sem dregur, T, þegar D-gildið er reiknað út. Ef D-gildi tengibúnaðarins nægir ekki fyrir T = 32 tonn skal tilgreina takmörkun sem af því leiðir á massanum T fyrir ökutækið sem dregur eða massanum fyrir viðkomandi samtengd ökutæki í EBE-gerðarviðurkenningarvottorði eftirvagnsins (IX. viðauki).

#### 2. SÉRKRÖFUR

- 2.1. Festing tengikúlna og dráttarfestinga
  - 2.1.1. Festa skal tengikúlur og dráttarfestingar við ökutæki í flokki M1, M2 undir 3,5 tonnum og flokki N1 á þann hátt sem er í samræmi við þau gildi fyrir hreyfirými og hæð sem koma fram á mynd 30. Þessi krafa gildir ekki um torfærutæki samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun 92/53/EBE.

(<sup>1</sup>) V-gildi aðeins fyrir ökutæki með tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu yfir 3,5 tonn.



Mynd 30

Hreyfirými fyrir tengikúlu

Velja ber þau atriði sem eru ekki uppgefin með viðeigandi hætti.

Nota ber viðeigandi verkfæri til að yfirfara mál og horn.


- 2.1.2. Framleiðandi ökutækisins skal leggja fram uppsetningarleiðbeiningar fyrir tengikúlu og dráttarfestingar og taka fram hvort nauðsyn beri til að styrkja svæðið þar sem festingar eru.
- 2.1.3. Þá skal vera hægt að tengja kúlutengi og aftengja þegar lengdarás kúlutengisins er, með tilliti til miðlínu tengikúlunnar og uppsetningar:
- lárétt  $b = 60^\circ$  til hægri eða vinstri (sjá mynd 30);
  - lóðrétt  $a = 10^\circ$  upp eða niður (sjá mynd 30);
  - snúið um ás  $10^\circ$  til hægri eða vinstri.
- 2.1.4. Uppsett skal tengikúla ekki skyggja á númeraplötu að aftan, að öðrum kosti ber að nota tengikúlu sem unnt er að taka af án sérstakra verkfæra.

## 2.2. Festing tengihausa

- 2.2.1. Leyfilegt er að nota tengihausa í B-flokki fyrir eftirvagna með hámarks massa sem er allt að 3,5 tonn. Þegar eftirvagninn er í láréttri stöðu og ber leyfilegan hámarksásþunga skulu tengihauser festir með þeim hætti að tengipunktur eftirvagnsins sé  $430 \pm 35$  mm ofan við lárétt plan sem hjól eftirvagnsins standa á (sjá mynd 31).

Þegar um er að ræða hjólhýsi og eftirvagna fyrir vöruflutninga merkir lárétt staða að gólf eða hleðsluflötur sé láréttur. Þegar um er að ræða eftirvagna án slíks viðmiðunarflatar (t.d. bátaeftirvagna eða áþekka eftirvagna) skal framleiðandi eftirvagnsins gefa upp viðeigandi viðmiðunarlínu sem skilgreinir lárétta stöðu. Kröfur um hæð gilda aðeins um eftirvagna sem tengja á við ökutæki sem um getur í lið 2.1.1.

- 2.2.2. Unnt skal vera að stýra tengihausunum örugglega í hreyfirýminu kringum tengikúluna sem kemur fram á mynd 30.




*Mynd 31*  
Uppsetningarhæð tengihauss

## 2.3. Festing dráttarbeislistengja og uppsetningarblakka

- 2.3.1. Uppsetningarmál fyrir staðaldráttarbeislistengi

Eigi að festa gerðir staðaldráttarbeislistengja við ökutækið skal fara eftir þeim uppsetningarmálum sem koma fram á mynd 32 og í töflu 8.



*Mynd 32*  
Uppsetningarmál fyrir staðaldráttarbeislistengi (sjá töflu 8)

### 2.3.2. Þörf fyrir fjarstýrð tengi

Nota ber tengi með fjarstýribúnaði sem lýst er í lið 10.3 í V. viðauka ef ekki er unnt að fara eftir einni eða fleiri eftirfarandi reglum um auðveldu og örugga notkun (liður 2.3.3), aðgengi (liður 2.3.4) eða hreyfirými handfangs (liður 2.3.5).

### 2.3.3. Auðveld og örugg notkun tengibúnaðar

Festa ber dráttarbeislistengi við ökutæki þannig að notkun þeirra sé auðveld og örugg.

Í þessu felst auk opunar (og lokunar, ef við á) að gengið sé úr skugga um stöðu vísis fyrir lokaða og örugga stöðu tengipinnans (á sjónrænan hátt og með snertingu).

Á svæðinu þar sem sá einstaklingur sem stýrir tenginu skal standa skulu engir staðir vera samkvæmt hönnun búnaðarins sem geta reynst hættulegir eins og skarpar brúnir, horn, o.s.frv. ella ber að verja þá til að draga úr slyshættu.

Áfestir hlutir skulu ekki takmarka eða loka undankomuleið af svæðinu til beggja handa.

Notandi búnaðarins skal geta tekið sér rétta stöðu til að stýra tengingunni óhindraður af varnarbúnaði hennar.

### 2.3.4. Aðgengi

Bilið milli miðju tengipinnans og aftari brúnar yfirbyggingar ökutækisins skal ekki vera meira en 420 mm.

Þó má bilið vera meira en 420 mm ef unnt er að sýna fram á tæknilega nauðsyn þess:

1. allt að 650 mm fyrir ökutæki með steypipalli eða áfestan búnað að aftan;
2. allt að 1 320 mm ef frjáls hæð er a.m.k. 1 150 mm;
3. fyrir bílaflutningaökutæki með a.m.k. tvö hleðsluplön þegar eftirvagninn er ekki aðskilinn frá ökutækinu sem dregur við venjulega flutninga,

að því tilskildu að ekki sé erfitt um vik að stýra dráttarbeislistenginu auðveldlega og örugglega.

### 2.3.5. Hreyfirými fyrir handfang

Hæfilegt hreyfirými skal vera umhverfis handfangið til að unnt sé að stýra dráttarbeislistengjunum örugglega.

Hreyfirýmið sem kemur fram á mynd 33 er talið nægja. Ef festa á breytilegar gerðir staðaldráttarbeislistengja við ökutækið skal hreyfirýmið einnig nægja til að fullnægja skilyrðum fyrir stærstu gerð tengja í viðeigandi flokki sem fjallað er um í 3. lið V. viðauka.

Málin sem eru uppgefin gilda og um dráttarbeislistengi með handföngum sem vísa niður eða dráttarbeislistengi af annarri gerð.

Hreyfirými skal einnig vera innan tilgreinds lágmarkshorns fyrir tengingu og aftengingu sem kemur fram í lið 3.6 í V. viðauka.

### 2.3.6. Hreyfirými fyrir frjálsa hreyfingu dráttarbeislistengis

Dráttarbeislistengi fest við ökutæki skal hafa a.m.k. 10 mm frjálst rými frá öllum öðrum hlutum ökutækisins með tilliti til allra hugsanlegra rúmfræðilegra staða í samræmi við ákvæði V. viðauka.



Ef festa á breytilegar gerðir staðaldráttarbeislistengja við ökutækið skal hreyfirýmið einnig nægja til að fullnægja skilyrðum fyrir stærstu hugsanlegu gerð tengja í viðeigandi flokki sem fjallað er um í 3. lið V. viðauka.


2.3.7. Lögmæti dráttarbeislistengja með sérstökum lóðréttum liðamótum

Tengi með sívölum pinna og sérstökum liðamótum sem valda lóðréttum snúningi tengds dráttarbeislistauga eru aðeins heimil í tilvikum þar sem unnt er að sýna fram á tæknilega nauðsyn þeirra. Þetta getur t.d. átt við um ökutæki með steypipalli þegar tengihaussinn skal hafa liðamót eða þegar um er að ræða tengi fyrir þungaflutningsökutæki, þegar notkun sívals tengipinna er nauðsynleg vegna styrkleika.

TAFLA 8

Uppsetningarmál fyrir staðaldráttarbeislistengi

	C 50-1	C 50-2	C 50-3	C 50-4	C 50-5	C 50-6	Athugasemdir
$e_1$	83	120	140	140	160	160	$\pm 0,5$
$e_2$	56	55	55	80	100	100	$\pm 0,5$
$d_1$	-	54	75	85	95	95	+ 1/-0,5
$d_2$	-	10,5	15	17	21	21	H13
T	-	15	20	35	35	35	hámark
F	-	120	165	190	190	210	lágmark
G	-	95	100	130	130	150	lágmark
$L_1$	-	200	300	300	300	300	400 lágmark



Mynd 33

Hreyfirými fyrir handfang

2.4. Festing dráttarbeislistaugna og dráttarbeisla við eftirvagna

2.4.1. Dráttarbeisli fyrir eftirvagna með miðlægum ási skulu hafa stoðir með hæðarstilli, ef lóðrétt burðarálág við dráttarbeislistauga eftirvagnsins er yfir 50 kg, þegar eftirvagninn er jafnt hlaðinn að tæknilega leyfilegum hámarks massa.

2.4.2. Þegar dráttarbeislistaugu og dráttarbeisli eru fest við eftirvagna með miðlægum ási með hámarks massa C, sem er yfir 3,5 tonn, og fleiri en einum ási skulu þeir hafa búnað til að jafna áþunga.

- 2.5. Festing dráttarstólstengja, uppsetningarplatna og tengipinna við ökutæki
- 2.5.1. Dráttarstólstengi í flokki G 50 skal ekki festa beint á grind ökutækisins nema framleiðandi þess leyfi það. Þau skal festa við grindina með uppsetningarplötu í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda ökutækisins eða tengibúnaðarins.
- 2.5.2. Festivagnar skulu hafa stoðir eða annan búnað sem gerir kleift að aftengja þá og leggja þeim. Hafi festivagnar búnað sem gerir kleift að hafa áhrif á samtengingu tengibúnaðar, rafkerfa og hemlakerfa með sjálfvirkum hætti skal vagninn hafa stoðir sem lyftast sjálfvirkt frá jörðu eftir að hann hefur verið tengdur.
- 2.5.3. Festa skal dráttarstólstengipinnann við uppsetningarplötuna á festivagninum eins og leiðbeiningar framleiðanda ökutækisins eða dráttarstólstengisins segja fyrir um.
- 2.5.4. Ef festivagn er búinn stýriskíflum skulu þeir uppfylla kröfurnar sem er lýst í lið 7.9.1 og 7.9.2 í V. viðauka.

## VIÐAUKI VIII

### UPPLÝSINGASKJAL NR ...

#### samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE varðandi EBE-gerðarviðurkenningu ökutækja með tilliti til festingar vélræns tengibúnaðar (94/20/EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum kvarða og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef rafknúinn stjórnúnaður er á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um hvernig hann vinnur.

#### 0. ALMENNT

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....  
.....
- 0.2. Gerð og verslunarheiti:.....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu<sup>(b)</sup>:.....  
.....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:.....
- 0.4. Flokkur ökutækisins (sjá II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE):.....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:.....  
.....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:.....

#### 1. ALMENN SMÍÐAEINKENNI ÖKUTÆKISINS

- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:.....
- 1.4. Undirvagn (ef um slíkt er að ræða) (yfirlitsteikning):.....
- 1.5. Efni notað í langbita<sup>(d)</sup>:.....

#### 2. MASSI OG MÁL(e) (í kílógrömmum og millímetrum) (vísað er til teikninga þar sem við á)

- 2.2. Þegar um er að ræða ökutæki sem draga
- 2.2.1. Dráttarstólslögn (hámark og lágmark)<sup>(\*)</sup>:.....
- 2.2.2. Hámarkshæð dráttarstóls (stöðluð)<sup>(b)</sup>:.....
- 2.4.2. *Fyrir undirvagna með yfirbyggingu*
- 2.4.2.5. Útskögungun að aftan<sup>(a)</sup>:.....

Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/53/EBE.

Liðum sem eiga ekki við þessa tilskipun er sleppt.

- 2.6. Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs og með yfirbyggingu eða massi undirvagns með húsi ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu á (þ.á.m. kælivökvi, olía, eldsneyti, varahjól og ökumaður)(o) (hámark og lágmark fyrir hverja gerð):  
.....  
.....
- 2.6.1. Dreifing þessa massa á ása og, þegar um er að ræða festivagna eða eftirvagna með miðlægum ási, álag á tengipunktinn (hámark og lágmark fyrir hverja gerð):  
.....  
.....
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilgreint hann (hámark og lágmark fyrir hverja gerð)(<sup>1</sup>):.....  
.....
- 2.8.1. Dreifing þessa massa á ása og, þegar um er að ræða festivagna eða eftirvagna með miðlægum ási, álag á tengipunktinn (hámark og lágmark fyrir hverja gerð):  
.....  
.....
- 2.9. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á hvern ás og, þegar um er að ræða festivagna eða eftirvagna með miðlægum ási, álag á tengipunktinn eins og framleiðandi hefur tilgreint það:  
.....  
.....
- 2.10. Hámarksmassi eftirvagna sem heimilt er að tengja: .....
- 2.10.1. Eftirvagna, annarra en með miðlægum ási:.....
- 2.10.2. Festivagna:.....
- 2.10.3. Eftirvagna með miðlægum ási:.....
- 2.10.3.1. Hæsta hlutfall milli útskögunar tengisins(<sup>P</sup>) og hjólhafs:.....
- 2.10.3.2. Hámarksgildi V: ..... (kN)(<sup>1</sup>)
- 2.10.4. Hámarksmassi samtengdra ökutækja:.....
- 2.10.6. Hámarksmassi eftirvagns án hemla:.....
- 2.11. Lóðrétt hámarksálag:.....
- 2.11.1. Á tengipunkt ökutækisins fyrir eftirvagn:.....
- 2.11.2. Á dráttarbeisli eftirvagns:.....

## 9. YFIRBYGGING

- 9.1. Gerð yfirbyggingar:.....
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir:.....

## 11. SAMTENGING MILLI ÖKUTÆKIS SEM DREGUR OG EFTIRVAGNA OG FESTIVAGNA

- 11.1. Flokkur og gerð tengibúnaðar(<sup>2</sup>):.....  
.....
- 11.2. Hámarksgildi D..... (kN)(<sup>2</sup>)

(<sup>1</sup>) Ef við á.

(<sup>2</sup>) Þegar um er að ræða óstöðluð tengi skal einnig tilgreina gerðarviðurkenningarnúmer.

- 11.3. Fyrirmæli um hvernig festa beri viðkomandi gerð tengis við ökutækið og ljósmyndir eða teikningar af festipunktum á ökutækinu sem framleiðandi tilgreinir; viðbótarupplýsingar ef notkun tengigerðarinnar er takmörkuð við sérstakar gerðir ökutækja:.....  
 .....  
 .....
- 11.4. Upplýsingar um uppsetningu sérstakra dráttarfestinga eða festingu uppsetningarplatna<sup>(1)</sup>:  
 .....  
 .....

Dagsetning, skrá

<sup>(1)</sup> Þegar um er að ræða óstöðluð tengi skal einnig tilgreina gerðarviðurkenningarnúmer.

# VIÐAUKI IX

## FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 X 297 mm))

### EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stípill yfirvalds

Skýrsla varðandi:

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- útvíkkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- synjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

fyrir gerð ökutækis með tilliti til tilskipunar 94/20/EB.

EBE-gerðarviðurkenningarnúmer:.....

Ástæður fyrir útvíkkun:.....

#### I. Þáttur

##### 0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....

0.2. Gerð og verslunarheiti:.....  
.....

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu<sup>(2)</sup>:.....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:.....

0.4. Flokkur ökutækis<sup>(3)</sup>:.....

0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:.....  
.....

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:.....  
.....

#### II. Þáttur

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá I. viðbæti

2. Tækniþjónusta sem annast prófanir:.....  
.....

3. Dagsetning prófunarskýrslu:.....

<sup>(1)</sup> Stríkið yfir það sem á ekki við.  
<sup>(2)</sup> Innihaldi gerðarauðkenni tákni sem eru ekki lýsandi fyrir gerðir íhluta sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð gildir um skal setja táknið '?' (t.d. ABC??123??) í stað viðkomandi tákni í upplýsingaskjalinu.  
<sup>(3)</sup> Samanber skilgreiningu í II.viðauka A við tilskipun 92/53/EBE.

4. Númer prófunarskýrslu:.....
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá I. viðbæti
6. Staður:.....
7. Dagsetning:.....
8. Undirskrift:.....
9. Hjalögð er skrá yfir þau skjöl sem saman mynda möppu með upplýsingum og er varðveitt hjá því yfirvaldi sem veitti gerðarviðurkenninguna og fæst afhent ef þess er óskað.

## I. viðbætur

við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...  
varðandi EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til tilskipunar 94/20/EB

### 1. Viðbótarupplýsingar

- 1.1. Smíði ökutækisins, yfirbygging/undirvagn:.....
- 1.1.1. Efni sem er notað:.....
- 1.2. Flokkur eða gerð tengibúnaðar<sup>(1)</sup>:.....
- 1.3. Notkun dráttarfestinga eða uppsetningarplatna; leiðbeiningar um uppsetningu gerðar tengis:  
.....
- 1.4. EBE-gerðarviðurkenning ökutækis er útvíkkuð og gildir um eftirfarandi gerð(ir) tengibúnaðar og flokk(a):.....
- 1.5. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilgreint hann (hámark og lágmark fyrir hverja gerð: ..... tonn
- 1.6. Hámarksmassi eftirvagns sem heimilt er að tengja
- 1.6.1. Eftirvagna, annarra en með miðlægum ási: ..... tonn<sup>(2)</sup>
- 1.6.2. Festivagna: .....tonn<sup>(2)</sup>
- 1.6.3. Eftirvagna með miðlægum ási: .....tonn<sup>(2)</sup>
- 1.6.3.1. Hámarksgildi V: .....kN
- 1.6.4. Hámarksmassi samtengdra ökutækja: .....tonn
- 1.7. Lóðrétt hámarksálág S eða dráttarstólsálág U<sup>(3)</sup> á gerð ökutækisins samfara uppsetningu tengibúnaðar ..... kg/tonn
- 1.8. Hámarksgildi D: ..... kN:
- 1.9. Hámarksmassi ökutækisins sem dregur (T) eða hámarksmassi samtengdra ökutækja (ef T er minna en 32 tonn)
5. Athugasemdir<sup>(4)</sup>:.....  
.....  
.....  
.....

<sup>(1)</sup> Þegar um er að ræða óstöðluð tengi skal einnig tilgreina gerðarviðurkenningarnúmer.

<sup>(2)</sup> Ef við á.

<sup>(3)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

<sup>(4)</sup> Þar með taldar upplýsingar um það hvort dráttarstólstengi hæfi jafnhliða stýringu.



**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****94/EES/57/02****nr. 31/94  
frá 15. desember 1994****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/94 frá 28. október<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/26/EB frá 15. júní 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 7a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB) í X. kafla II. viðauka við samninginn:

„7b. **394 L 0026:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/26/EB frá 15. júní 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum (Stjtíð. EB nr. L 157, 24. 6. 1994, bls. 33).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/26/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB nr. L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB nr. L 157, 24. 6. 1994, bls. 33.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/26/EB

frá 15. júní 1994

### um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum(\*)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum <sup>(1)</sup>, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/196/EBE frá 6. febrúar 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/487/EBE <sup>(3)</sup>, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að aðlaga innihald I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE að tækniframförum með því að taka upp fimm nýja Evrópustaðla sem Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) hafa nýlega samið.

Með tilliti til tækniframfara sem hafa orðið er nauðsynlegt að aðlaga inntak samhæfðu staðlana sem um getur í I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE.

Með tilliti til eðlis þess búnaðar sem um er að ræða verður að ákveða bráðabirgðafyrirkomulag til að gera iðnaðinum kleift að laga sig nægilega að þeim breytingum sem eru gerðar á stöðlunum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi

við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með rafföng til notkunar á sprengihættustöðum.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í stað I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE komi viðauki við þessa tilskipun.

##### 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 1995 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Fram að 30. júní 2003 skulu aðildarríkin halda áfram að beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 76/117/EBE að því er varðar búnað þar sem samræmi við samhæfða staðla, sem getið er um í tilskipun 79/196/EBE, í útgáfu frá 17. september 1990, er vottað með samræmisvottorðinu sem um getur í 8. gr. tilskipunar 76/117/EBE, að því tilskildu að þetta vottorð sé gefið út fyrir 1. mars 1996.

##### 3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. júní 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 157, 24. 6. 1994, bls. 33, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 45.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 43, 20. 2. 1979, bls. 20.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 270, 2. 10. 1990, bls. 23.

# VIÐAUKI

## „ I. VIÐAUKI

### SAMHÆFDIR STAÐLAR

Samhæfðu staðlarnir sem búnaður verður að samræmast, eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópustaðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

#### Evrópustaðlar

(samdir af Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC), 35 Rue de Stassart, B-1050 Bruxelles)

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50014	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: almenn ákvæði	1	Mars 1977
	- 1. breyting		Júlí 1979
	- 2. breyting		Júní 1982
	- 3. og 4. breyting		Desember 1982
	- 5. breyting		Febrúar 1986
EN 50015	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: olíufylling „o“	1	Mars 1977
	- 1. breyting		Júlí 1979
EN 50016	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: yfirþrýstingsumlykja „p“	1	Mars 1977
	- 1. breyting		Júlí 1979
EN 50017	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“	1	Mars 1977
	- 1. breyting		Júlí 1979
EN 50018	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“	1	Mars 1977
	- 1. breyting		Júlí 1979
	- 2. breyting		Desember 1982
	- 3. breyting		Nóvember 1985

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50019	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“	1	Mars 1977
	- 1. breyting		Júlí 1979
	- 2. breyting		September 1983
	- 3. breyting		Desember 1985
	- 4. breyting		Október 1989
	- 5. breyting		Ágúst 1990
EN 50020	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“	1	Mars 1977
	- 1. breyting		Júlí 1979
	- 2. breyting		Desember 1985
	- 3. breyting		Maí 1990
	- 4. breyting		Maí 1990
	- 5. breyting		Maí 1990
EN 50028	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: innsteipt útfærsla „m“	1	Febrúar 1987
EN 50039	- Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: rafkerfi fyrir sjálftrygga útfærslu „i“	1	Mars 1980
EN 50050	- Handverkfæri til stöðurafmagnssprautunar	1	Janúar 1986
EN 50053 (1. hluti)	- Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á málningu með hámarksorku 0,24 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Febrúar 1987(*)
EN 50053 (2. hluti)	- Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á dufti með hámarksorku 5 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Júní 1989(*)
EN 50053 (3. hluti)	- Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á ull með hámarksorku 0,24 mJ eða 5 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Júní 1989(*)

(\*) Hér er einungis átt við þær greinar sem fjalla um smíði tækja sem eru tilgreind í stöðlunum EN 50053, 1. 2. og 3. hluta.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****94/EES/57/03****nr. 32/94****frá 15. desember 1994****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 94/29/EB frá 23. júní 1994 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir 86/362/EBE og 86/363/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum og matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **394 L 0029:** Tilskipun ráðsins 94/29/EB frá 23. júní 1994 (Stjttíð. EB nr. L 189, 23. 7. 1994, bls. 67).“.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **394 L 0029:** Tilskipun ráðsins 94/29/EB frá 23. júní 1994 (Stjttíð. EB nr. L 189, 23. 7. 1994, bls. 67).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/29/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 189, 23. 7. 1994, bls. 67.

**TILSKIPUN RÁÐSINS 94/29/EB****frá 23. júní 1994****um breytingu á viðaukunum við tilskipanir 86/362/EBE og 86/363/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og matvælum úr dýraríkinu(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum <sup>(1)</sup>, einkum 11. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu <sup>(2)</sup>, einkum 11. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur fengið umboð með hliðsjón af tilskipunum 86/362/EBE og 86/363/EBE til að gera skrá yfir varnarefnaleifar og hámarksmagn þeirra sem ráðinu ber að samþykkja.

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði vísinda og tækni og þeirra krafna sem eru gerðar í tengslum við almannaeilbrigði og landbúnað ber að auka við II. viðauka við ofangreindar tilskipanir með því að bæta við ákvæðum varðandi aðrar varnarefnaleifar í

kornvörum og matvælum úr dýraríkinu, þ.e. damínósíð, lambda-sýalótrín, etefón, própírókónasól, karbófúran, karbósúlfan, benfúrakarb, fúraþíókarb, sýflútrín, metalaxýl, benalaxýl og fenarímól.

Þó eru tiltæk gögn ófullnægjandi að því er varðar ákveðnar samsetningar varnarefna fyrir kornvörur/matvæli úr dýraríkinu. Ekki lengri en fjögurra ára frest þarf til þess að afla slíkra gagna. Því ber að ákveða hámarksmagn á grundvelli slíkra gagna eigi síðar en 30. júní 1999. Reynist ekki unnt að afla fullnægjandi gagna fyrir þann tíma verður magnið ákveðið með hliðsjón af gildandi ákvörðunarmörkum.

Til þess að meta betur inntöku varnarefnaleifa með fæðu ber að ákveða samtímis, ef unnt er, hámarksmagn einstakra varnarefnaleifa í öllum meginefnisþáttum fæðunnar. Þetta magn jafngildir því lágmarksmagni varnarefna sem notað er til að ná viðunandi árangri þannig að magn leifa verður eins lítið og unnt er og ásættanlegt í eiturefnafræðilegu tilliti.

Endurskoða verður hámarksmagn varnarefnaleifa sem ákveðið er í þessari tilskipun með hliðsjón af endurmati á virkum efnem sem kveðið er á um í starfsáætlun 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(3)</sup>.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 189, 23. 7. 1994, bls. 67, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/57/EBE (Stjtið. EB nr. L 211, 23. 8. 1993, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 43. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/57/EBE (Stjtið. EB nr. L 211, 23. 8. 1993, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/71/EBE (Stjtið. EB nr. L 221, 31. 8. 1993, bls. 27).

**1. gr.**

Eftirfarandi varnarefnaleifum skal bætt við hluta A í II. viðauka:

Varnarefnaleifar	Hámarks magn í mg/kg (ppm)
42. SÝFLÚTRÍN, þ.m.t. önnur blönduð ísómerísk innihaldsefni (samtala ísómera)	0,05(*): maís 0,02(*): annað korn
43. METALAXÝL	0,05(*)
44. BENALAXÝL	0,05(*)
45. FENARÍMÓL	a): hveiti, bygg 0,02(*): annað korn
46. PRÓPÍKÓNASÓL	0,05(*)
47. DAMÍNÓSÍÐ, (samtala af damínósíði og 1,1-dímetýlhýdrasín gefið upp sem damínósíð)	0,02(*)
48. LAMBDA-SÝALÓTRÍN	0,05: bygg 0,02(*): annað korn
49. ETEFÓN	b): maís 0,2: hveiti og rúghveiti 0,5: bygg og rúgur 0,05(*): annað korn
50. KARBÓFÚRAN (samtala karbófúrans og 3-hýdroxý-karbófúrans gefið upp sem karbófúran)	c): hrísgrjón og hafrar 0,1(*): annað korn
51. KARBÓSÚLFAN	0,05(*)
52. BENFÚRAKARB	b): maís 0,05(*): annað korn
53. FÚRAÞÍÓKARB	0,05(*)

(\*) Sýnir önnur mörk greiningarákvörðunar.

a) b) c) Hafi annað ekki verið samþykkt skulu eftirfarandi hámarks mörk gilda frá og með 30. júní 1999:

a): 0,02(\*),

b): 0,05(\*),

c): 0,1(\*)

## 2. gr.

1. Eftirtöldum varnarefnaleifum skal bætt við hluta A í II. viðauka tilskipunar 86/363/EBE:

Varnarefnaleifar	Hámarksgildi í mg/kg (ppm)		
	í kjöti, kjötvörum, öðrum hlutum og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir tollskrárnúmerum úr 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00, 1602 <sup>(1)</sup> , <sup>(4)</sup>	fyrir ógerilsneydda mjólk og nýmjólk úr kúm sem skráð eru í I. viðauka undir tollskrárnúmeri 0401: fyrir önnur matvæli undir tollskrárnúmerum 0401, 0402, 0405 00, 0406 samkvæmt <sup>(2)</sup> og <sup>(4)</sup>	af skurnlausum ferskum eggjum, fyrir fuglsegg og eggjarauður sem skráð eru í I. viðauka undir tollskrárnúmeri úr 0407 og 0408 <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>
15. SÝFLÚTRÍN, þ.m.t. önnur blönduð ísómerísk innihaldsefni (samtala ísómera)	0,05	0,02(*)	0,02(*)
16. LAMBDA-SÝALÓTRÍN, þ.m.t. önnur blönduð ísómerísk innihaldsefni (samtala ísómera)	0,5 (þó ekki 0207 kjöt af alifuglum) 0,02(*) (0207 kjöt af alifuglum)	0,05(*)	0,02(*)

(\*) Sýnir mörk greiningarákvörðunar.

<sup>(1)</sup> Þegar um er að ræða matvæli með 10% fituinnihald eða minna miðað við þyngd miðast leifarnar við heildarþyngd úrbeinaðra matvæla. Í slíkum tilvikum er hámarks magnið einn tíundi af magninu miðað við fituinnihald, en verður að vera að minnsta kosti 0,01 mg/kg.

<sup>(2)</sup> Þegar ákvarða skal varnarefnaleifar í ógerilsneyddri kúamjólk og nýmjólk er miðað við 4% fituinnihald af þyngd. Fyrir ógerilsneydda mjólk og nýmjólk úr öðrum dýrum eru leifarnar gefnar upp miðað við fituinnihald.

Fyrir önnur matvæli sem talin eru upp í I. viðauka undir tollskrárnúmerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406:

- með fituinnihald innan við 2% miðað við þyngd, er hámarksgildið helmingur af því sem sett er fyrir ógerilsneydda mjólk og nýmjólk.

- með fituinnihald 2% eða meiri miðað við þyngd, er hámarksgildið gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 25 sinnum það sem sett er fyrir ógerilsneydda mjólk og nýmjólk.

<sup>(3)</sup> Fyrir eggjaafurðir með meira fituinnihald en 10% skal gefa hámarksgildi upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 10 sinnum hærra en hámarksgildi fyrir fersk egg.

<sup>(4)</sup> Neðanmálgreinar (1), (2) og (3) gilda ekki þegar mörk greiningarákvörðunar eru sýnd.



2. Eftirtöldum varnarefnaleifum skal bætt við hluta B í II. viðauka tilskipunar 86/363/EBE:

Varnarefnaleifar	Hámarksgildi í mg/kg (ppm)		
	í kjöti, kjötvörum, öðrum hlutum og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir tollskrárnúmerum úr 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	fyrir mjólk og mjólkurafurðir sem skráðar eru í I. viðauka undir tollskrárnúmerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406	af skurnlausum ferskum eggjum, fyrir fuglasegg og eggjarauður skráðar í I. viðauka undir tollskrárnúmeri úr 0407 00 og 0408
17. FENARÍMÓL	úr 0208 a) lifur + nýra 0,02(*) aðrar afurðir	0,02(*)	0,02(*)
18. METALAXÝL	0,5(*)	0,05(*)	0,05(*)
19. BENALAXÝL	0,5(*)	0,05(*)	0,05(*)
20. DAMÍNÓSÍÐ (samtala damínósíðs og 1,1-dímetyl- hýdrasín gefið upp sem damínósíð)	0,05	0,05(*)	0,05(*)
21. ETEFÓN	0,05(*)	0,05(*)	0,05(*)
22. PRÓPÍKÓNASÓL	úr 0206 0,1 lifur úr jörturdýrum	0,1(*)	0,05(*)
23. KARBÓFÚRAN (samtala karbófúran og 3-hýdroxý-karbófúran gefið upp sem karbófúran)	0,1(*)	0,1(*)	0,1(*)
24. KARBÓSÚLFAN	0,5(*)	0,05(*)	0,05(*)
25. BENEFÚRAKARB	0,5(*)	0,05(*)	0,05(*)
26. FÚRAÐÍÓKARB	0,5(*)	0,05(*)	0,05(*)

(\*) Sýnir mörk greiningarákvörðunar.

(a) Hafi annað ekki verið samþykkt skulu eftirfarandi hámarksörk gilda frá og með 30. júní 1999: 0,02

**3. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1995.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

**5. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 23. júní 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**G. MORAITIS**

forseti

## Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/57/04

nr. 33/94

frá 15. desember 1994

### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

#### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3457/92 frá 30. nóvember 1992 um nákvæmar reglur varðandi skoðunartottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum til bandalagsins eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu á landbúnaðarvörum og upplýsingar þar að lútandi um landbúnaðarvörur og matvæli<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 frá 22. desember 1992 um að fresta gildistöku 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu á landbúnaðarvörum og upplýsingar þar að lútandi um landbúnaðarvörur og matvæli, hvað varðar innflutning frá tilteknum þriðju löndum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 468/94 frá 2. mars 1994 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu á landbúnaðarvörum og upplýsingar þar að lútandi um landbúnaðarvörur og matvæli<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 688/94 frá 28. mars 1994 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 um að fresta gildistöku 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu á landbúnaðarvörum og upplýsingar þar að lútandi um landbúnaðarvörur og matvæli, hvað varðar innflutning frá tilteknum þriðju löndum<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 350, 1. 12. 1992, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 378, 23. 12. 1992, bls. 21.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 59, 3. 3. 1994, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 84, 29. 3. 1994, bls. 9.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

- a) Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn, á milli reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2083/92 (392 R 2083) og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2608/93 (393 R 2608):

„- **392 R 3457:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3457/92 frá 30. nóvember 1992 (Stjttíð. EB nr. L 350, 1. 12. 1992, bls. 56),

- **392 R 3713:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 frá 22. desember 1992 (Stjttíð. EB nr. L 378, 23. 12. 1992, bls. 21).“

- b) Eftirfarandi undirliðir bætast við á undan aðlögunarliðunum:

„- **394 R 0468:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 468/94 frá 3. mars 1994 (Stjttíð. EB nr. L 59, 3. 3. 1994, bls. 1),

- **394 R 0688:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 688/94 frá 28. mars 1994 (Stjttíð. EB nr. L 84, 29. 3. 1994, bls. 9).“

##### 2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3457/92, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 468/94 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 688/94 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3457/92****frá 30. nóvember 1992**

**um nákvæmar reglur um skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum til bandalagsins, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(\*)**

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (1), einkum b-lið 3. mgr. og 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að ákveða innihald og fyrirmynd skoðunarvottorðs sem á að fylgja framleiðsluvörum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum og ætlaðar til markaðssetningar sem vörur framleiddar með lífrænum aðferðum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

1. Skoðunarvottorðið sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er gefið út af útgefanda, sem er samþykktur að lokinni þeirri athugun sem kveðið er

á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 (2) með það fyrir augum að semja skrá sem er sett fram í viðauka við þá reglugerð, að því er varðar þriðja land þar sem afurðin var framleidd og tilreidd og þaðan sem hún var send til bandalagsins.

Gefa skal út vottorð fyrir sérhvern viðtakanda.

2. Skoðunarvottorðið skal samið á einu af opinberum tungumálum bandalagsins og fyllt út, að undanskilinni stimplun og undirskrift, annaðhvort eingöngu með hástöfum eða eingöngu með vélritun og helst á einu af opinberum tungumálum ákvörðunaraðildarríkis.
3. Skoðunarvottorðið skal vera ein síða og skal frumritið fylgja framleiðsluvörinni. Á öll afrit af vottorðinu skal prenta eða stimpla „afrit“ eða „eftirrit“.
4. Fyrirmynd að skoðunarvottorðinu er sett fram í viðaukanum.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á fimmtánda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ray MAC SHARRY**

framkvæmdastjóri

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 350, 1. 12. 1992, bls. 56, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 11, 17. 1. 1992, bls. 14.

## VIÐAUKI

### **Fyrirmynd að skoðunarvottorði vegna innflutnings lífrænna framleiðsluvara til Evrópubandalagsins.**

Fyrirmynd að vottorðinu er ákveðið að því er varðar:

- texta,
- snið,
- staðsetningu og stærð reita.

**VOTTORÐ EVRÓPUBANDALAGSINS  
VEGNA INNFLUTNINGS LÍFRÆNNA FRAMLEIÐSLUVARA TIL EVRÓPUBANDALAGSINS**

1. Útgefandi vottorðs (nafn og heimilisfang)	2. Reglugerð (EBE) nr. 2092/91, 11. gr. Tilvísunarnúmer vottorðs
3. Útflytjandi framleiðsluvöru (nafn og heimilisfang)	4. Gæðaeftirlit* (nafn og heimilisfang)
5. Framleiðandi eða vinnslustöð framleiðsluvöru* (nafn og heimilisfang)	6. Sendingarland
7. Viðtakandi framleiðsluvöru í bandalaginu (nafn og heimilisfang)	8. Viðtökuland
	9. Heimilisfang viðtökustaðar*
10. Merki og númer, númer á umbúðum, fjöldi og tegund. Viðskiptaheiti framleiðsluvöru.	11. Brúttó massi (kg)
	12. Nettó massi (kg)
	13. Aðrar einingar *
14. Yfirlýsing útgefanda vottorðsins. Hér með vottast að fyrrnefndar framleiðsluvörur eru framleiddar í samræmi við framleiðslureglur og skoðunarreglur um lífrænar framleiðsluaðferðir, settar fram af gæðaeftirlitinu sem um getur í 4. reit sem fylgist með því að þeim sé hlítt.	
15. Viðbótaryfirlýsing (ef við á)	
16. Útgáfustaður vottorðs  Dagsetning  Nafn og undirskrift umboðsmanns	Stimpill útgefanda

\* Skýringar

4. reitur: Gæðaeftirlit þar sem fylgst er með því að farið sé að reglum um lífrænar framleiðsluaðferðir.

5. reitur: Fyrirtæki þar sem síðast var unnið við framleiðslulotuna (að vinnslu, þökkun, merkingu).

9. reitur: Heimilisfang fyrirtækis þar sem framleiðslulotan er afhent, ef heimilisfangið er ekki það sama og í 7. reit.

13. reitur: T.d. magn í lítrum ef um vökva er að ræða, sem ber að tilgreina sem viðbót við yfirlýsingarnar í 11. og 12. reit, ef við á.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3713/92****frá 22. desember 1992****um frestun á beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, með tilliti til innflutnings frá tilteknum þriðju löndum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, einkum öðrum undirlið 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nokkur þriðju lönd hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um að verða bætt í skrána yfir þriðju lönd sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ásamt upplýsingunum sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 <sup>(2)</sup>.

Fyrsta könnun fyrrnefndra upplýsinga hefur leitt í ljós að í sumum þessara landa eru í gildi reglur um framleiðslu og eftirlit sem virðast fullnægja kröfunni um samsvörum sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91. Samt sem áður ber að ljúka rannsókninni varðandi ákveðin atriði og kanna gögnin í smáatriðum, sem hefur í för með sér að ekki er unnt, á því stigi sem rannsókn fyrrnefndra upplýsinga er, að taka ákvörðun um að bæta þessum þriðju löndum inn á skrána sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. fyrir 1. janúar 1993, sem er gildistökudagur þessa ákvæðis.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Framkvæmd ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er frestað um sex mánuði frá gildistökudegi núgildandi reglugerðar að því er varðar framleiðsluvörur sem eru innfluttar frá eftirtöldum þriðju löndum:

- Argentína, vegna afurða sem vottað er af Instituto Argentino para la Certificacion y Promocion de los Productos Biologicos eða Fundacion de Alimentos Ecologicos Argentinos að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum ;
- Austurríki, vegna afurða sem vottað er af opinberum stofnunum í hverju fylki sem sjá um matvælaeftirlit að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum;
- Ástralía, vegna afurða sem vottað er af Australian Quarantine and Inspection Service (AQUIS) að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum;
- Ísrael, vegna afurða sem vottað er af landbúnaðarráðuneytinu, plöntuverndar- og plöntuskoðunardeild (DPPI) eða skoðunarþjónustu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í tengslum við útflutning matvæla og jurtaafurða, að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum;
- Sviss, vegna afurða sem vottað er af Vereinigung Schweizerischer Biologischer Landbau-Organisationen (VSBLO) að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ray MAC SHARRY**

framkvæmdastjóri

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtfð. EB nr. L 378, 23. 12. 1992, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtfð. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

(2) Stjtfð. EB nr. L 11, 17. 1. 1992, bls. 14.



**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 468/94****frá 2. mars 1994****um breytingu á VI. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2608/93 <sup>(2)</sup>, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er notkun efna, sem ótalin eru í VI. viðauka óheimil í 12 mánuði eftir að ákvæði VI. viðauka hafa verið ákveðin og gildir þetta einnig um efni sem áður hafa verið heimilud samkvæmt gildandi innlendum ákvæðum.

Tiltekin aðildarríki telja rétt að bæta tilteknum efnum við VI. viðauka og hafa sent framkvæmdastjórninni beiðni um að styðja þá málaleitan.

Í beiðninni kemur fram að tiltekin innihaldsefni sem eru ekki upprunnin í landbúnaði eru afar nauðsynleg til að framleiða og geyma tiltekin matvæli á viðunandi hátt. Efni þessi eru einnig mjög algeng í náttúrunni.

Í beiðninni kemur fram að nauðsynlegt er að bæta tilteknum landbúnaðarafurðum við C-hluta VI. viðauka og þær eru nauðsynlegar vegna þess að svo virðist sem þessar afurðir séu ekki framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni í nægilegu magni í bandalaginu og því ber að fella út aðrar tilteknar afurðir.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt samkvæmt skilgreiningu í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 15 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 59, 3. 3. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttö. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttö. EB nr. L 239, 24. 9. 1993, bls. 10.

## VIÐAUKI

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þætti A. 1. (Aukefni í matvælum, þar með talin burðarefni):

- á eftir E 330 (sítónusýra) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 333	Kalsíumsítrat	-“
- á eftir E 336 (kalfumtartrat) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 341 i)	Mónókalsíumfosfat	lyftiduft fyrir sjálfhefandi hveiti“
- á eftir E 300 (askorbínsýra) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 306	Tókóferólfrukur kjarni	þrávarnarefni í fitu og olíu“
- á eftir E 406 (agar) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 407	Karragenan	-“
- á eftir E 516 (kalsíumsúlfat) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 524	Natríumhýdroxíð	yfirborðsmeðferð Laugengebäck“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-hluta:

- eftirfarandi efni bætast við á eftir „Kalfumkarbónat“:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„Natríumkarbónat		Sykurframleiðsla
Natríumhýdroxíð		Sykurframleiðsla, meðhöndlun ólífa
Brennisteinssýra		Sykurframleiðsla“
- Í stað sérstöku skilyrðanna „smurnings- eða slípiefni“ vegna efnisins „Jurtaolía“ kemur „smurnings-, slípi- eða froðueyðandi efni“:
- Eftirfarandi efni bætist við á eftir „Heslihnetuhýði“:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„Hrís mjöl		-“

## 3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á C-hluta:

- Eftirfarandi afurðum er bætt við lið C.1.1. á eftir „hreðkufra“:  
  
Akarn  
Geitasmári  
Akeróla  
Kaffifill
- Eftirfarandi afurðir eru felldar brott í lið C.1.1.:  
Graskersfra
- Eftirfarandi afurðir eru felldar brott í lið C.1.3.:  
Hirsi
- Eftirfarandi afurðum er bætt við í lið C.2.2.: Ávaxtasykur
- Í lið C.2.3. breytist „Edik úr gerjuðum drykkjum öðrum en víni“ í „Annað edik en edik úr víni og eplasafa“.
- Í lið C.3. breytist „Mjólkurduft og undanrennuduft“ í „Súrmjólkurduft“.
- Eftirfarandi afurðum er bætt við í lið C.3.:  
Laktósi

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 688/94****frá 28. mars 1994****um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 um frestun á beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, með tilliti til innflutnings frá tilteknum þriðju löndum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2608/93 <sup>(2)</sup>, einkum öðrum undirlið 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3713/92 frá 22. desember 1992 <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 1593/93 <sup>(4)</sup>, var beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 frestað í 15 mánuði með tilliti til innfluttra afurða frá tilteknum þriðju löndum.Nokkur þriðju lönd hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um að verða bætt í skrána yfir þriðju lönd sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ásamt tilteknum upplýsingum sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 <sup>(5)</sup> áður en fresturinn sem um getur í öðrum undirlið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 rennur út.

Gagnvart sumum tiltekinna þriðju landa hefur athugun á fyrrnefndum upplýsingum leitt í ljós að í gildi eru reglur um framleiðslu og eftirlit sem virðast í aðalatriðum fullnægja kröfunni

um samræmi sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91. Samt sem áður ber að ljúka athuginni varðandi ákveðin atriði og kanna gögnin í smáatriðum sem hefur í för með sér að ekki er unnt, á því stigi sem athugun fyrrnefndra upplýsinga er, að taka ákvörðun um að bæta þessum þriðju löndum inn á skrána sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

Að því er tiltekin EFTA-lönd varðar mun fyrirkomulag á innflutningi frá þeim löndum til landa bandalagsins brátt heyrja undir ákvæði EES-samningsins.

Af þessu leiðir að þörf er á að lengja frestinn til að ljúka athuginni.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3713/92: orðin „í 26 mánuði“ komi í stað „í sex mánuði“.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1994.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 84, 29. 3. 1994, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 9.

(2) Stjtið. EB nr. L 239, 24. 9. 1993, bls. 10.

(3) Stjtið. EB nr. L 378, 23. 12. 1992, bls. 21.

(4) Stjtið. EB nr. L 153, 25. 6. 1993, bls. 15.

(5) Stjtið. EB nr. L 11, 17. 1. 1992, bls. 14.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****94/EES/57/05****nr. 34/94  
frá 15. desember 1994****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 94/30/EB frá 23. júní 1994 um breytingu á II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum, og skrá yfir hámarks magn<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **394 L 0030:** Tilskipun ráðsins 94/30/EB frá 23. júní 1994 (Stjtið. EB nr. L 189, 23. 7. 1994, bls. 70).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/30/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 189, 23. 7. 1994, bls. 70.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 94/30/EB

frá 23. júní 1994

### um breytingu á II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum, og skrá yfir hámarksmagn(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(1)</sup>, einkum 1. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/470/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í fjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu)<sup>(2)</sup>, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/471/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til stafrænna þráðlausra fjarskipta í Evrópu (DECT)<sup>(3)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að talsímakröfum sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT)<sup>(4)</sup> skulu felldar inn í samninginn.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við lið 4b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/12/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4c. **394 D 0470:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/470/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í fjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu) (Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 87).

4d. **394 D 0471:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/471/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til stafrænna þráðlausra fjarskipta í Evrópu (DECT) (Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 89).

4e. **394 D 0472:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að talsímakröfum sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT) (Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 91).“

## 2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/470/EB, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/471/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1, eins og hann var leiðréttur í Stjtið. EB nr. L 263, 13. 10. 1994, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1, eins og hann var leiðréttur í EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 38, 13. 10. 1994, bls. 8.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 87.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 89.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 91.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 18. júlí 1994

**um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu)(\*)**

(94/470/EB)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samþæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 91/263/EBE, og ekki síst í samræmi við álit sem samþykkisnefnd notendabúnaðar (ACTE) lagði fram hinn 23. apríl 1992, hefur framkvæmdastjórnin mælt fyrir um hvaða gerð af notendabúnaði skuli falla undir þessa sameiginlegu tækniforskrift og lagt fram tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Viðkomandi stöðlunaraðili hefur samið samþæfðu staðlana til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram drög að ákvæðum fyrir samþykkisnefndina með álit í samræmi við annan undirlið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE í huga.

Samkvæmt ákvæðum annars undirliðar 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE ber framkvæmdastjórnin ábyrgð á því að settir verði samsvarandi samþæfðir staðlar til framkvæmdar grunnkröfum sem síðan verða að sameiginlegum tækniforskriftum.

Sameiginlega tækniforskriftin sem er samþykkt með þessari ákvörðun er í samræmi við álit samþykkisnefndar notendabúnaðar (ACTE) sem var lagt fram 14. desember 1993.

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um notendabúnað sem á að tengja við nettengipunktinn fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu), þar sem 120 ohma skilfletir eru notaðir, og fellur undir gildissvið samþæfða staðalsins sem er tilgreindur í 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir leigulínur í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu), eins og um getur í 1. mgr.

#### 2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samþæfða staðalsins sem viðkomandi stöðlunaraðili hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í c-, d- og f-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, að því marki sem þær eiga við. Tilvísun í þennan staðal er tilgreind í viðaukanum.

2. Notendabúnaður sem fellur undir þessa ákvörðun skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, auk þess að uppfylla kröfur annarra tilskipana sem gilda um búnaðinn, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE<sup>(3)</sup> og 89/336/EBE<sup>(4)</sup>.

#### 3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru útnefndir til að hafa umsjón með framkvæmd þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu sjá til þess að samþæfði staðallinn sem er tilgreindur í viðaukanum sé notaður fyrir notendabúnaðinn sem fjallað er um í 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. þessarar ákvörðunar, í síðasti lagi frá þeim degi er þessi ákvörðun öðlast gildi.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 87, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

**4. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI

## Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal

Heiti samhæfða staðalsins sem vísað er til í lok 2. gr. þessarar ákvörðunar er:

Tæknilegar kröfur í tengslum við frjálsan aðgang að netum (ONP)

Stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu (D2048 U)

Tengikröfur sem eru gerðar til skilflata fyrir notendabúnað

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

TBR 12 - desember 1993

(að formálsorðunum undanskildum)

## Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE <sup>(1)</sup>.

Samhæfði staðallinn sem um getur hér að framan er saminn samkvæmt umboði gefnu út í samræmi við viðeigandi málsmeðferð í tilskipun 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu  
(European Telecommunications Standards Institute),  
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1993, bls. 8.



## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 18. júlí 1994

um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til stafrænna þráðlausra fjarskipta í Evrópu (DECT)(\*)

(94/471/EB)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samþæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 91/263/EBE, og ekki síst í samræmi við álit sem samþykkisnefnd notendabúnaðar (ACTE) lagði fram hinn 23. apríl 1992, hefur framkvæmdastjórnin mælt fyrir um hvaða gerð af notendabúnaði skuli falla undir þessa sameiginlegu tækniforskrift og lagt fram tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Viðkomandi stöðlunaraðili hefur samið samþætta staðlana til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram drög að ákvæðum fyrir samþykkisnefndina með álit í samræmi við annan undirlið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE í huga.

Samkvæmt ákvæðum annars undirliðar 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE ber framkvæmdastjórnin ábyrgð á því að settir verði samsvarandi samþættri staðlar til framkvæmdar grunnkröfum sem síðan verða að sameiginlegum tækniforskriftum.

Sameiginlega tækniforskriftin sem er samþykkt með þessari ákvörðun er í samræmi við álit samþykkisnefndar notendabúnaðar (ACTE) sem var lagt fram 14. desember 1993.

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um notendabúnað sem á að tengja við, eða sem gert er ráð fyrir samkvæmt 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/263/EBE að verði tengdur við almennt fjarskiptanet og sem fellur undir gildissvið samþættra staðalsins sem er tilgreindur í 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.
2. Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT) sem notar tíðnisviðið 1 880 til 1 900 Mhz.

#### 2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samþættra staðalsins sem viðkomandi stöðlunaraðili hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í a-, d- og e-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, að því marki sem þær eiga við. Tilvísun í þennan staðal er tilgreind í viðaukanum.
2. Notendabúnaður sem fellur undir þessa ákvörðun skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, auk þess að uppfylla kröfur annarra tilskipana sem gilda um búnaðinn, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE<sup>(3)</sup> og 89/336/EBE<sup>(4)</sup>.

#### 3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru útnefndir til að hafa umsjón með framkvæmd þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu sjá til þess að samþættri staðallinn sem er tilgreindur í viðaukanum sé notaður fyrir notendabúnaðinn sem fjallað er um í 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. þessarar ákvörðunar, í síðasti lagi frá þeim degi er þessi ákvörðun öðlast gildi.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 89, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

# VIÐAUKI

## Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal

Heiti samhæfða staðalsins sem vísað er til í lok 2. gr. þessarar ákvörðunar er:

Loftskjotábúnaður og -kerfi (RES: Radio Equipment and Systems)

Stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT: Digital European Cordless Telecommunications)

Almennar tengikröfur sem eru gerðar til notendabúnaðar

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

TBR 6 - desember 1993

(að formálsorðunum undanskildum)

## Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE<sup>(1)</sup>.

Samhæfði staðallinn sem um getur hér að framan er saminn samkvæmt umboði gefnu út í samræmi við viðeigandi málsmeðferð í tilskipun 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu  
(European Telecommunications Standards Institute),  
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1993, bls. 8.

# ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 18. júlí 1994

um sameiginlega tækniforskrift að talsímakröfum  
sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT)(\*)

(94/472/EB)

## FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samþefingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 91/263/EBE, og ekki síst í samræmi við álit sem samþykkisnefnd notendabúnaðar (ACTE) lagði fram hinn 23. apríl 1992, hefur framkvæmdastjórnin mælt fyrir um hvaða gerð af notendabúnaði skuli falla undir þessa sameiginlegu tækniforskrift og lagt fram tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Viðkomandi stöðlunaraðili hefur samið samþætta staðlana til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram drög að ákvæðum fyrir samþykkisnefndina með álit í samræmi við annan undirlið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE í huga.

Samkvæmt ákvæðum annars undirliðar 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE ber framkvæmdastjórnin ábyrgð á því að settir verði samsvarandi samþættdir staðlar til framkvæmdar grunnkröfum sem síðan verða að sameiginlegum tækniforskriftum.

Sameiginlega tækniforskriftin sem er samþykkt með þessari ákvörðun er í samræmi við álit samþykkisnefndar notendabúnaðar (ACTE) sem var lagt fram 14. desember 1993.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

### 1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um notendabúnað sem á að tengja við almennt fjarskiptanet og sem fellur undir gildissvið samþættra staðalsins sem er tilgreindur í 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.
2. Að því er þessa ákvörðun varðar tekur sameiginlega tækniforskriftin til talsímakrafna sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT) sem notar tíðnisviðið 1 880 til 1 900 MHz.

### 2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samþættra staðalsins sem viðkomandi stöðlunaraðili hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í g-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, að því marki sem þær eiga við. Tilvísun í þennan staðal er tilgreind í viðaukanum.
2. Notendabúnaður sem fellur undir þessa ákvörðun skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfunar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, auk þess að uppfylla kröfur annarra tilskipana sem gilda um búnaðinn, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE<sup>(3)</sup> og 89/336/EBE<sup>(4)</sup>.

### 3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru útnefndir til að hafa umsjón með framkvæmd þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu sjá til þess að samþættdir staðallinn sem er tilgreindur í viðaukanum sé notaður fyrir notendabúnaðinn sem fjallað er um í 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. þessarar ákvörðunar, í síðasti lagi frá þeim degi er þessi ákvörðun öðlast gildi.

### 4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 91, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjttíð. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

(<sup>4</sup>) Stjttíð. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

# VIÐAUKI

## Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal

Heiti samhæfða staðalsins sem vísað er til í lok 2. gr. þessarar ákvörðunar er:

Stafrænt hólfskipt fjarskiptakerfi í Evrópu (European digital cellular telecommunications system)

Stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT: Digital European Cordless Telecommunications)

Almennar tengikröfur sem eru gerðar til DECT-notendabúnaðar - Talsími

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

TBR 10 - desember 1993

(að formálsorðunum undanskildum)

## Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE<sup>(1)</sup>.

Samhæfði staðallinn sem um getur hér að framan er saminn samkvæmt umboði gefnu út í samræmi við viðeigandi málsmeðferð í tilskipun 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu  
(European Telecommunications Standards Institute),  
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

<sup>(1)</sup> Stjóri. EB nr. L 109, 26. 4. 1993, bls. 8.



## Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/57/11

nr. 40/94

frá 15. desember 1994

## um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

- Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 83/189/EBE) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„- **394 L 0010:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 (Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).“

- Í 1. lið (tilskipun ráðsins 83/189/EBE)

a) í aðlögunarlið a) komi tilvísun í „1. mgr. 1. gr.“ í stað tilvísunar í „7. mgr. 1. gr.“ og í stað tölunnar „7“ komi talan „1.“;

b) eftirfarandi verði nýr aðlögunarliður b):

„b) Í stað annarrar undirgreinar í 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„Hugtakið „tækniforskrift“ tekur einnig til framleiðslu- og vinnsluáðferða sem notaðar eru að því er varðar vörur sem eru ætlaðar mönnum og dýrum til neyslu og í lyf svo sem skilgreint er í 1. gr. tilskipunar 65/65/EBE (1. liður XIII. kafla II. viðauka við samninginn), svo og framleiðslu- og vinnsluáðferðar að því er varðar aðrar vörur þar sem þær hafa áhrif á eiginleika þeirra.““

c) aðlögunarliður er áður var e) falli niður;

d) aðlögunarliðir er áður voru b), c) og d) verði aðlögunarliðir c), d) og e);

e) í aðlögunarlið d), þ.e. áður aðlögun c), komi orðið „fjórðu“ í stað „annarrar“;

f) í innganginum að aðlögunarlið g), komi orðin „II. viðauka“ í stað „lista nr. 1 í viðaukanum.“

## 2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/10/EB****frá 23. mars 1994****um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða(\*)****EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. A, 213. og 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. B í sáttmálanum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að stuðla að því að innri markaðurinn starfi eðlilega ber að tryggja gagnsæi eins og frekast er unnt með tilliti til innlends frumkvæðis við samþykki tæknilegra staðla eða reglugerða með því að breyta málsmeðferð um upplýsingamiðlun sem kveðið er á um í tilskipun 83/189/EBE (3).

Víkka ber gildissvið fyrrnefndrar tilskipunar í þeim tilgangi að fjarlægja hindranir fyrir eðlilegri starfsemi hins innri markaðar.

Breyta ber því með hvaða hætti tilkynnt er um vinnuáætlanir innlendra staðlastofnana í ljósi fenginnar reynslu í þeim tilgangi að skilgreina betur þær upplýsingar sem ber að tilkynna og gera málsmeðferðina sveigjanlegri og léttari í vöfum.

Kerfisbundnar tilkynningar eru í raun aðeins nauðsynlegar þegar um ný stöðlunarviðfangsefni er að ræða og að því marki sem innlend meðferð þessara viðfangsefna kann að leiða til fráviks í innlendum stöðlum sem kynni að trufla starfsemi markaðarins. Allar tilkynningar eða síðari orðsendingar um framvindu þeirrar vinnu sem fer fram á innlendum vettvangi eru komnar undir því mikilvægi sem þeir, sem þegar hefur borist orðsending um þetta nýja viðfangsefni, ætla slíkri vinnu.

Framkvæmdastjórnin skal engu að síður vera þess umkomin að æskja orðsendingar um allar innlendar stöðlunaráætlanir eða hluta

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 340, 23. 12. 1992, bls. 7.

(2) Stjtið. EB nr. C 201, 26. 7. 1993, bls. 11.

(3) Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun 92/400/EBE (Stjtið. nr. L 221, 6. 8. 1992, bls. 55).

þeirra til að henni sé gert kleift að endurskoða þróun stöðlunarstarfs í tilteknum atvinnuvegum.

Hlutaðeigandi aðilum ber að skipuleggja evrópska stöðlunarkerfið í eigin þágu á grundvelli samfellu, gagnsæis, hreinskilni, samstöðu, óháð sérhagsmunum, skilvirkni og ákvarðanatöku með þátttöku aðildarríkja.

Byggja ber stöðlun í bandalaginu á grundvallarrétti innlendra staðlastofnana, eins og að eiga kost á frumvarpi að staðli, fá upplýsingar um aðgerðir sem gripið er til í kjölfar athugasemda sem borist hafa, vera þátttakendur í innlendu stöðlunarstarfi eða mælast til þess að evrópskir staðlar séu undirbúnir í stað innlendra staðla. Aðildarríkjunum ber að grípa til viðeigandi ráðstafana í þeirra valdi til að tryggja að staðlastofnanir þeirra virði þennan rétt.

Samræma ber ákvæði í tilskipun 83/189/EBE um reglur um stöðvun sem gilda fyrir innlendar staðlastofnanir þegar evrópskur staðall er í undirbúningi og viðeigandi ákvæði sem innlendar staðlastofnanir samþykkja innan þeirra marka sem evrópsku staðlastofnanirnar setja.

Meðal ráðstafana sem ætlað er að tryggja eðlilega starfsemi eða áframhaldandi þróun markaðarins, að því er varðar tæknilegar reglugerðir um vörur, eru aukið gagnsæi fyrirætlaða á innlendum vettvangi og víkkun viðmiða og skilyrða með tilliti til þess að meta hugsanleg áhrif fyrirhugaðra reglugerða á markaðinn.

Því ber nauðsyn til að meta öll ákvæði sem gilda um vörur og taka mið af því með hvaða hætti löggjafarstarf einstakra aðildarríkja um vörur þróast.

Ákvæði, önnur en tækniforskriftir, sem tengjast líftíma vöru eftir að hún er markaðssett kunna að hafa áhrif á frjálsa flutninga hennar eða hindra eðlilega starfsemi hins innri markaðar.

Við framkvæmd tilskipunar 83/189/EBE hefur komið í ljós að nauðsyn ber til að skýra hugtakið „tæknileg reglugerð sem ber að hlíta í raun“. Reglur, sem opinber stjórnvöld nota til að vísa til tækniforskrifta eða annarra ákvæða, eða hvetja til að eftir þeim sé farið, og reglur um vörur sem opinber stjórnvöld taka þátt í að framfylgja í þágu almennings, hafa einkum áhrif í þá veru að gefa þessum ákvæðum eða forskriftum bindandi gildi í ríkari mæli en þau myndu annars hafa sakir síns eigin uppruna.

Því er brynt að samþykkingu bráðameðferð með þeim hætti að tekið sé mið af fenginni reynslu.

Við framkvæmd tilskipunar 83/189/EBE hefur og komið í ljós að nauðsyn ber til að skýra eða gera nákvæmar grein fyrir tilteknum skilgreiningum, reglum um málsmeðferð eða skuldbindingum aðildarríkjanna sem fjallað er um í tilskipuninni, með fyrirvara um skuldbindingar þeirra varðandi framkvæmd annarra tilskipana bandalagsins.

Tilgangurinn með innri markaðinum er að skapa umhverfi sem stuðlar að samkeppnishæfi fyrirtækja. Ein leið til að aðstoða fyrirtæki við að færa sér betur í nyt þá kosti sem felast í þessum markaði er að efla upplýsingamiðlun. Því ber nauðsyn til að gera atvinnurekendum kleift að leggja mat á áhrif innlendra tæknilegra reglugerða, sem önnur aðildarríki leggja fram, með því að kveða á um að yfirskriftir frumvarpa sem tilkynnt hefur verið um séu birtar reglulega og breyta ákvæðum sem gilda um trúnaðarkvaðir sem þessi frumvörp eru háð.

Vegna réttaröryggis er við hæfi að aðildarríkin tilkynni opinberlega að innlend tæknileg reglugerð hafi verið samþykkt í samræmi við formsatriðin í tilskipun 83/189/EBE, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

Á innri markaðinum er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin leggi fram tillögu um samþykki bindandi gerða á vettvangi bandalagsins, einkum þegar aðildarríkjunum er ókleift að viðhafa meginregluna um gagnkvæma viðurkenningu. Sérstakt tímabundið stöðvunartímabil hefur verið samþykkt til að koma í veg fyrir að samþykki innlendra ráðstafana torveldi ráðinu að samþykkingu tillögur framkvæmdastjórnarinnar á sama sviði.

Reynslan hefur leitt í ljós nauðsyn þess að lengja stöðvunartímabilið, eigi það að ná tilgangi sínum, til að veita ráðinu auknið svigrúm til umfjöllunar. Aðildarríkin skulu og, með það í huga að auðvelda ráðinu að samþykkingu tillögur framkvæmdastjórnarinnar, láta ógert að samþykkingu tæknilegar reglugerðir hafi ráðið mótað sameiginlega afstöðu til tillögu framkvæmdastjórnarinnar um sama efni.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 83/189/EBE:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr.:

a) 7. mgr. verði 1. mgr.;

b) eftirfarandi komi í stað 1. mgr.:

„2. „tækniforskrift“: forskrift í skjali þar sem tilgreindir eru þeir eiginleikar sem vara verður að hafa, þar með talið gæðastig, skil, öryggi eða

stærðir og aðrar kröfur er lúta að því heiti sem varan er seld undir, íðorðanotkun, táknum, prófunum og prófunaraðferðum, umbúðum, áletrun eða umbúðamerkingum og samræmismatsaðferðum.

Hugtakið „tækniforskrift“ gildir einnig um framleiðslu- og vinnsluaðferðir landbúnaðarvara, eins og um getur í 1. mgr. 38. gr. sáttmálans, matvæla og dýrafæðu og lyfja samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 65/65/EBE(\*) og um framleiðslu- og vinnsluaðferðir annarra vara, hafi þessar aðferðir áhrif á einkenni þeirra;

3. „önnur krafa“: önnur krafa en tækniforskrift, sem vara skal uppfylla í þeim tilgangi að vernda, einkum og sér í lagi, neytendur eða umhverfið og sem hefur áhrif á líftíma hennar eftir að hún er markaðssett, eins og skilyrði fyrir notkun, endurvinnsla, endurnotkun eða förgun, geti þessi skilyrði haft veruleg áhrif á samsetningu eða eðli vörunnar eða markaðssetningu hennar;

(\*) Stjtið. EB nr. 22, 9. 2. 1965, bls. 369/65. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE (Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 22).“;

c) eftirfarandi komi í stað 2. mgr.:

„4. „staðall“: tækniforskrift sem viðurkenndur stöðlunaraðili hefur samþykkt og beita má með endurteknum hætti eða að staðaldri, en er ekki skylt að fara eftir og er einn eftirfarandi staðla:

- alþjóðlegur staðall: staðall sem alþjóðleg staðlastofnun samþykkir og almenningi stendur til boða,

- evrópskur staðall: staðall sem evrópsk staðlastofnun samþykkir og almenningi stendur til boða,

- innlendur staðall: staðall sem innlend staðlastofnun samþykkir og almenningi stendur til boða;“

d) eftirfarandi komi í stað 3. mgr.:

„5. „staðlaáætlun“: vinnuáætlun viðurkenndrar staðlastofnunar með yfirliti yfir efnissvið sem verið er að staðla;“

e) 4. mgr. verði 6. mgr.;

f) eftirfarandi komi í stað 7. mgr.:



„7. „evrópsk staðlastofnun“: stofnun sem um getur í I. viðauka;

g) eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„8. „innlend staðlastofnun“: stofnun sem um getur í II. viðauka;

9. „tæknileg reglugerð“: tækniforskriftir og aðrar kröfur, þar með talin viðeigandi stjórnsýsluákvæði, sem skylt er, samkvæmt lögum eða í raun, að fylgja við markaðssetningu eða notkun í aðildarríki eða stórum hluta þess og einnig lög eða stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkja, að undanskildum þeim sem kveðið er á um í 10. gr., sem banna framleiðslu, innflutning, markaðssetningu eða notkun tiltekinnar vöru.

Tæknilegar reglugerðir sem ber að hlíta í raun eru meðal annars eftirfarandi:

- lög eða stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkis sem annaðhvort gilda um tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða um siðareglur starfsgreinar eða framkvæmdareglur sem aftur gilda um tækniforskriftir eða aðrar kröfur og ætla má, sé eftir þeim farið, að séu í samræmi við skuldbindingar samkvæmt fyrrnefndum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,
- frjálsir samningar sem opinber stjórnvöld eru aðili að og kveða á um, í þágu almennings, að tækniforskriftum eða öðrum kröfum sé hlítt, að undanskildum útboðsskilmálum í tengslum við opinber innkaup,
- tækniforskriftir eða aðrar kröfur sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða fjármálum sem hafa áhrif á neyslu vara með því að hvatt er til að þessum tækniforskriftum eða öðrum kröfum sé hlítt; tækniforskriftir eða aðrar kröfur sem tengjast innlendum almannatryggingakerfum eru undanskildar.

Hér um ræðir tæknilegar reglugerðir sem þau stjórnvöld sem aðildarríkin tilnefna setja og sem birtast í skrá sem framkvæmdastjórnin mun semja, áður en þessi tilskipun gengur í gildi, innan þeirra marka sem nefndin sem um getur í 5. gr. setur.

Beita skal sömu aðferð við að breyta skránni.

10. „drög að tæknilegri reglugerð“: texti tækniforskriftar eða annarrar kröfu, þar með talin stjórnsýsluákvæði, sem áformað er að samþykkja

eða leggja fram til samþykkis sem tæknilega reglugerð, enda sé textinn á því samningsstigi að enn megi gera verulegar breytingar.

Þessi tilskipun gildir ekki um ráðstafanir sem aðildarríki telja nauðsynlegar, samkvæmt sáttmálanum, til að vernda einstaklinga, einkum launþega, þegar vörur eru notaðar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir hafi ekki áhrif á vörurnar.“

2. Eftirfarandi komi í stað 2. gr.:

„2. gr.

1. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og þeim staðlastofnunum sem um getur í I. og II. viðauka um ný efnissvið sem innlendar stofnanir, sem um getur í II. viðauka, hafa ákveðið, með því að fella þau inn í stöðlunaráform sín, að undirbúa eða breyta staðli fyrir, nema verið sé að innleiða með sama eða líkum hætti alþjóðlegan eða evrópskan staðal.

2. Í þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. skal koma fram hvort með viðkomandi staðli:

- sé gildandi alþjóðlegur staðall gerður að landsstaðli án þess að um sambærilegan staðal sé að ræða,
- sé um nýjan innlendan staðal að ræða, eða
- um breytingu á innlendum staðli sé að ræða.

Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við nefndina sem um getur í 5. gr., samið reglur er kveða á um heildræna framsetningu þessara upplýsinga og gert tillögur um og sett viðmið fyrir framsetningu þeirra sem miða að því að auðveldara verði að leggja mat á þær.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að óska eftir að henni berist allar staðlaáætlanir eða hluti þeirra.

Hún skal halda þessum upplýsingum til haga fyrir aðildarríkin þannig að leggja megi mat á mismunandi áætlanir og bera þær saman.

4. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, breyta II. viðauka á grundvelli orðsendinga frá aðildarríkjunum.

5. Ráðið skal taka ákvarðanir um breytingar á I. viðauka á grundvelli tillagna framkvæmdastjórnarinnar.“

## 3. Eftirfarandi komi í stað 3. gr.:

„3. gr.

Senda skal staðlastofnunum sem um getur í I. og II. viðauka og framkvæmdastjórninni öll frumvörp að stöðlum komi fram ósk þess efnis. Viðkomandi stofnun skal upplýsa þessa aðila um aðgerðir sem gripið er til í framhaldi athugasemda þeirra við frumvörpin.“

## 4. Eftirfarandi komi í stað 4. gr.:

„4. gr.

## 1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að staðlastofnanir þeirra:

- komi upplýsingum á framfæri í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr.,
- birti frumvörp að stöðlum með þeim hætti að aðilum með staðfestu í öðrum aðildarríkjum sé einnig gert kleift að gera athugasemdir,
- tryggi öðrum stofnunum sem um getur í II. viðauka rétt til að taka þátt í fyrirhuguðum verkefnum á virkan (með því að senda áheyrnarfulltrúa á vettvang) eða óvirkan hátt,
- standi ekki gegn því að fjallað sé um stöðlunarviðfangsefni á vinnuáætlun þeirra á evrópskum vettvangi í samræmi við reglur evrópsku staðlastofnananna og grípi ekki til ráðstafana sem kynnu að hafa áhrif á ákvörðun í þessu tilliti.

## 2. Aðildarríkin skulu sérstaklega forðast að viðurkenna, samþykka eða nota innlendan staðal, með því að vísa til hans, sem samþykktur er í trássi við ákvæði 2., 3. eða 4. gr.“

## 5. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 7. gr.:

„1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja, þegar verið er að undirbúa evrópskan staðal sem um getur í fyrsta undirlíð 3. mgr. 6. gr. eða eftir að hann hefur verið samþykktur, að staðlastofnanir þeirra grípi ekki til neinna aðgerða sem kynnu að hafa áhrif á samhæfingaráform og að þær, einkum og sér í lagi, birti ekki nýjan eða endurskoðaðan innlendan staðal, á því sviði sem um ræðir, sem er ekki fullkomlega í samræmi við gildandi evrópskan staðal.“

## 6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 8. gr.:

## a) eftirfarandi komi í stað 1. mgr.:

„1. Aðildarríkjunum ber, með fyrirvara um ákvæði 10. gr., að koma þegar á framfæri við framkvæmdastjórnina öllum drögum að tæknilegum reglugerðum, að undanskildum þeim, þar sem gildandi alþjóðlegur eða evrópskur staðall er tekinn upp í heild sinni; í slíkum tilvikum er nægilegt að veita henni upplýsingar um viðkomandi staðal. Þau skulu einnig láta framkvæmdastjórninni í té yfirlýsingu um ástæður fyrir því að umrædd tæknileg reglugerð sé lögleidd, komi það ekki skýrt fram í sjálfum drögnum.

Aðildarríkjunum ber, um leið og þar sem við á, koma texta laga eða reglugerða á framfæri, sem aðallega og beinlínis liggur til grundvallar, beri nauðsyn til að þekkja til þessa texta þegar leggja á mat á áhrif sem drög að tæknilegri reglugerð hafa, nema hann hafi áður verið sendur með orðsendingu.

Aðildarríkjunum ber að koma drögnum aftur á framfæri samkvæmt fyrrnefndum skilmálum geri þau breytingar á þeim sem hafa umtalsverðar breytingar á gildissviði þeirra í för með sér, stytta upphaflega framkvæmdatímaáætlun, hafa nýjar forskriftir eða kröfur í för með sér eða herðar þessar kröfur.

Aðildarríkjunum ber og sérstaklega, ef drögnum er ætlað að takmarka markaðssetningu eða notkun kemísks efnis, efnablöndu eða vöru vegna heilsu almennings eða í þeim tilgangi að vernda neytendur eða umhverfi, að senda annaðhvort yfirlit um eða tilvitnun til allra upplýsinga sem máli skipta um viðkomandi efni, efnablöndu eða vöru og þekktar og fánlegar hliðstæðar vörur liggi þessar upplýsingar á lausu og koma upplýsingum á framfæri um fyrirjáanleg áhrif þessara ráðstafana á heilsu almennings og verndun neytenda og umhverfis ásamt áhættumati sem fram fari, eftir því sem við á, í samræmi við meginreglur sem gilda um áhættumat kemískra efna, eins og um getur í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93(\*), þegar um er að ræða efni sem eru til, eða 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 92/32/EBE(\*\*), þegar um er að ræða ný efni.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum um þau drög og öll skjöl sem hún fær í hendur; henni er einnig heimilt að leita álits nefndarinnar, sem um getur í 5. gr. á drögnum og, ef við á, þeirrar nefndar sem fjallar um viðkomandi svið.

Ítarlegar umsagnir eða álit framkvæmdastjórna-  
rinnar eða aðildarríkjanna varðandi tæknifors-  
kriftir eða aðrar kröfur, sem um getur í þriðja  
undirlíð 9. mgr. 1. gr., skulu aðeins fjalla um þá  
þætti sem kunna að hindra viðskipti og ekki um  
þá þætti aðgerðanna sem lúta að skatta- eða  
fjármálum.

(\*) Stjútö. EB nr. L 84, 5. 4. 1993, bls. 1.

(\*\*) Stjútö. EB nr. L 154, 5. 6. 1992, bls. 1.“;

b) eftirfarandi komi í stað 3. og 4. mgr.:

„3. Aðildarríkjunum ber að koma endanlegum texta  
tæknilegrar reglugerðar á framfæri við  
framkvæmdastjórnina án tafar.

4. Ekki skal fara með upplýsingar sem veittar eru  
samkvæmt þessari grein sem trúnaðarmál, nema  
aðildarríkið sem tilkynningu sendir fari þess  
eindregið á leit. Allar slíkar beiðnir skal rökstyðja.

Í slíkum tilvikum, séu nauðsynlegar varúðar-  
ráðstafanir gerðar, er framkvæmdastjórninni og  
innlendum yfirvöldum heimilt að leita  
sérfræðiráðgjafar hjá einstaklingum eða  
lögpersónum í einkageiranum.“;

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Aðildarríkjunum er heimilt, þegar drög að  
tæknilegum reglugerðum eru hluti aðgerða sem  
koma skal á framfæri við framkvæmdastjórnina  
á undirbúningsstigi með skírskotun til annarrar  
gerðar á vettvangi bandalagsins, að koma  
orðsendingu á framfæri í skilningi 1. mgr. 8. gr.  
þessarar tilskipunar með skírskotun til  
viðkomandi annarrar gerðar, að því tilskildu að  
þau gefi formlega til kynna að fyrrnefnd  
orðsending feli einnig í sér orðsendingu að því  
er varðar þessa tilskipun.

Jafnvel þó engin viðbrögð komi frá  
framkvæmdastjórninni við drögum að tæknilegri  
reglugerð samkvæmt ákvæðum þessarar  
tilskipunar hefur það engin áhrif á ákvarðanir sem  
kunna að verða teknar á grundvelli annarra gerða  
á vettvangi bandalagsins.“

7. Eftirfarandi komi í stað 9. gr.:

„9. gr.

1. Aðildarríkin skulu fresta að samþykkja drög að  
tæknilegri reglugerð í þrjá mánuði frá þeim degi er

framkvæmdastjórninni berst orðsendingin sem um  
getur í 1. mgr. 8. gr.

2. Aðildarríkin skulu fresta:

- að samþykkja drög að tæknilegri reglugerð í  
formi frjáls samnings í skilningi annars undir-  
líðar 9. mgr. 1. gr. í fjóra mánuði,

- að samþykkja drög að öllum öðrum tæknilegum  
reglugerðum í sex mánuði, með fyrirvara um  
ákvæði 3., 4. og 5. mgr.,

frá þeim degi er framkvæmdastjórninni berst  
orðsendingin sem um getur í 1. mgr. 8. gr. komi  
framkvæmdastjórnin eða annað aðildarríki fram  
með ítarlegt álit, innan þriggja mánaða frá þeim  
degi, þess efnis að fyrirhugaðar ráðstafanir kunni  
að hindra frjálsa vöruflutninga innan hins innri  
markaðar.

Viðkomandi aðildarríki skal gefa fram-  
kvæmdastjórninni skýrslu um með hvaða hætti  
það hyggst bregðast við þessu ítarlega álit.  
Framkvæmdastjórnin skal tjá sig um þessi  
viðbrögð.

3. Aðildarríkin skulu fresta að samþykkja drög að  
tæknilegri reglugerð í 12 mánuði frá þeim degi  
er framkvæmdastjórninni berst orðsendingin sem  
um getur í 1. mgr. 8. gr. tilkynni framkvæmda-  
stjórnin, innan þriggja mánaða frá þeim degi, um  
þá ætlun sína að gera tillögu um eða samþykkja  
tilskipun, reglugerð eða ákvörðun um málið í  
samræmi við ákvæði 189. gr. sáttmálans.

4. Aðildarríkin skulu fresta að samþykkja drög að  
tæknilegri reglugerð í 12 mánuði frá þeim degi  
er framkvæmdastjórninni berst orðsendingin sem  
um getur í 1. mgr. 8. gr., tilkynni framkvæmda-  
stjórnin innan þriggja mánaða frá þeim degi, um  
þá niðurstöðu sína að drögin að tæknilegu  
reglugerðinni fjalli um sama málefni og tillaga  
að tilskipun, reglugerð eða ákvörðun liggur fyrir  
um, sem er lögð fyrir ráðið í samræmi við ákvæði  
189. gr. sáttmálans.

5. Móti ráðið að sameiginlega afstöðu á stöðvunar-  
tímabilinu sem um getur í 3. og 4. mgr. skal  
lengja þetta tímabil í 18 mánuði með fyrirvara  
um ákvæði 6. mgr. 9. gr.

6. Þær skuldbindingar sem um getur í 3., 4. og 5.  
mgr. falli niður:

- tilkynni framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum að hún hyggist ekki lengur gera tillögu um eða samþykkja bindandi gerð á vettvangi bandalagsins,
  - tilkynni framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum að hún dragi drög sín eða tillögu til baka,
  - hafi framkvæmdastjórnin eða ráðið samþykkt bindandi gerð á vettvangi bandalagsins.
7. Ákvæði 1. til 5. mgr. gilda ekki ef aðildarríki neyðist, af brýnum ástæðum sem rekja má til alvarlegra og ófyrirséðra atvika sem tengjast því að vernda heilsu almennings eða öryggi, vernda dýr eða plöntur, til að undirbúa tæknilega reglugerð á mjög skömmum tíma í þeim tilgangi að samþykkja og hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd án tafar án þess að samráð komi til. Aðildarríkið skal, í orðsendingunni sem um getur í 8. gr., tilgreina brýnar ástæður fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið er til. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram álit sitt á orðsendingunni eins fljótt og við verður komið. Hún skal grípa til viðeigandi aðgerða þegar um það er að ræða að þessari málsmeðferð er beitt með óviðeigandi hætti. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið um málið.“
8. Eftirfarandi komi í stað 10. gr.:
- „10. gr.
1. Ákvæði 8. og 9. gr. gilda ekki um lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna eða frjálsa samninga sem þau beita til að:
- fara eftir bindandi gerðum á vettvangi bandalagsins þar sem stefnt er að því að samþykkja tæknilegar reglugerðir;
  - uppfylla skuldbindingar vegna alþjóðlegra samninga þar sem stefnt er að því að samþykkja almennar tæknilegar reglugerðir á vettvangi bandalagsins;
  - færa sér í nyt öryggisákvæði í bindandi gerðum á vettvangi bandalagsins;
  - beita ákvæðum 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru(\*);
  - aðeins í þeim tilgangi að fullnægja dómi sem dómstóll Evrópubandalaganna fellir;
- aðeins í þeim tilgangi að breyta tæknilegri reglugerð í skilningi 9. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, í samræmi við óskir framkvæmdastjórnarinnar, með það í huga að ryðja viðskiptahindrun úr vegi.
2. Ákvæði 9. gr. gilda ekki um lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna sem banna framleiðslu svo fremi þau hefti ekki frjálsa vöruflutninga.
3. Ákvæði 3. til 6. mgr. 9. gr. gilda ekki um frjálsa samninga sem um getur í öðrum undirlið 9. mgr. 1. gr.
4. Ákvæði 9. gr. gilda ekki um tæknilegar reglugerðir eða aðrar kröfur sem um getur í þriðja undirlið 9. mgr. 1. gr.“
- 
- (\* Stjóttíð. EB nr. L 228, 11. 8. 1992, bls. 24.“.
9. Eftirfarandi komi í stað 11. gr.:
- „11. gr.
- Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu á tveggja ára fresti um þann árangur sem hlýst af því að beita ákvæðum þessarar tilskipunar. Birta skal árlega í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins skrár yfir stöðlunarverkefni, sem evrópskum staðlastofnunum er falið að leysa samkvæmt þessari tilskipun, ásamt skýrslum yfir tilkynningar sem hafa borist. “
10. Eftirfarandi komi í stað 12. gr.:
- „12. gr.
- Þegar aðildarríkin samþykkja tæknilega reglugerð skal vera í henni tilvísun í þessa tilskipun eða henni fylgja slík tilvísun þegar hún verður birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
11. I. og II. viðauki, sem eru í viðauka við þessa tilskipun, komi í stað viðaukans.
- 2. gr.**
1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
- Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

***E. KLEPSCH***

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

***Th. PANGALOS***

forseti

# VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

### Evrópskar staðlastofnanir

CEN

Staðlasamtök Evrópu (Comité Européen de Normalisation)

Cenelec

Rafstaðlasamtök Evrópu (Comité Européen de Normalisation Electrotechnique)

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (European Telecommunications Standards Institute)

## II. VIÐAUKI

### Innlendar staðlastofnanir

- |  |  |
|--|--|
| 1. BELGÍA  | 4. GRIKKLAND   |
| IBN/BIN  | ELOT   |
| Institut Belge de Normalisation                      | Hellenic Organization for Standardization                                    |
| Belgisch Institut voor Normalisatie                  | 5. SPÁNN   |
| CEB/BEC  | AENOR  |
| Comité Électrotechnique Belge                        | Asociación Española de Normalización y Certificación                         |
| Belgisch Elektrotechnisch Comité                     |  |
| 2. DANMÖRK   | 6. FRAKKLAND   |
| DS   | AFNOR  |
| Dansk Standardiseringsråd                            | Association Française de Normalisation                                       |
| DEK  | UTE  |
| Dansk Elektroteknisk Komité                          | Union Technique de l'Électricité - Bureau de Normalisation auprès de l'AFNOR |
| 3. ÞÝSKALAND   |  |
| DIN  | 7. ÍRLAND  |
| Deutsche Institut für Normung e.V.                   | NASI   |
| DKE  | National Standards Authority of Ireland                                      |
| Deutsche Elektrotechnische Kommission im DIN und VDE | ETCI   |
|  | Electro-Technical Council of Ireland   |

## 8. ÍTALÍA

UNI  
Ente Nazionale Italiano di Unificazione

CEI  
Comitato Elettrotecnico Italiano

## 9. LÚXEMBORG

ITM  
Inspection du travail et des mines

SEE  
Service de l'Énergie de l'État

## 10. HOLLAND

NNI  
Nederlands Normalisatie Instituut

NEC  
Nederlands Elektrotechnisch Comité

## 11. PORTÚGAL

IPQ  
Instituto Português da Qualidade

## 12. BRESKA KONUNGSRÍKID

BSI  
British Standards Institution

BEC  
British Electrotechnical Committee.\*

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****94/EES/57/12****nr. 41/94****frá 15. desember 1994****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins frá 16. júní 1994 um þróun samvinnu á sviði stjórnsýslu við framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri markaðinum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 11. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 92/579/EBE) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„12. **C/179/94/bls. 1:** Ályktun ráðsins frá 16. júní 1994 um þróun samvinnu á sviði stjórnsýslu við framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri markaðinum (Stjtfð. EB nr. C 179, 1. 7. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins C/179/94/bls. 1 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

(<sup>1</sup>) Stjtfð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtfð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtfð. EB nr. C 179/94, bls. 1.



## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 16. júní 1994

### um þróun samvinnu á sviði stjórnsýslu við framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri markaðinum(\*)

(94/C 179/01)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

sem hefur hliðsjón af yfirlýsingu um framkvæmd laga bandalagsins sem var samþykkt á ríkisstjórnarráðstefnunni 7. febrúar 1992 og fylgir stofnsáttmála Evrópusambandsins,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins frá 2. desember 1992 um starfsemi innri markaðs bandalagsins eftir 1992 - í framhaldi af Sutherlandskýrslunni,

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins frá 7. desember 1992 um framkvæmd innri markaðarins<sup>(1)</sup>,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins frá 22. desember 1992 um skipulagsáætlunina sem ber yfirskriftina „Hámarksnýting innri markaðarins“,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins frá 16. febrúar 1994 um þróun samvinnu á sviði stjórnsýslu við framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri markaðinum,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar frá 16. desember 1993 um meðferð knýjandi mála í tengslum við framkvæmd á reglum bandalagsins,

sem hefur hliðsjón af ályktun Evrópuþingsins frá 20. apríl 1994 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins sem ber yfirskriftina „Hámarksnýting innri markaðsins: skipulagsáætlun“,

sem hefur hliðsjón af ályktun sem ráðið samþykkti 30. maí 1994 um að samræma upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana,

og tekur tillit til eftirfarandi:

Samkvæmt 5. gr. sáttmálans ber aðildarríkjunum að auðvelda bandalaginu að rækja skyldur sínar og í því augnamiði er þörf á samvinnu milli aðildarríkjanna annars vegar og milli þeirra og stofnana bandalagsins hins vegar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 179, 1. 7. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 334, 18. 12. 1992, bls. 1.

Til að bandalagið geti starfað eðlilega verður að auka gagnkvæmt traust og gagnsæi milli stjórnsýslustofnana og tryggja þannig að löggjöf bandalagsins verði framfylgt með árangursríkum, skilvirkum og samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.

Samvinna á sviði stjórnsýslu ætti að koma atvinnulífina og neytendum til góða með því að auðvelda þeim að nýta sér réttindi sín á innri markaðinum.

Stofnun innri markaðarins útheimtir aukna samvinnu milli stjórnsýslustofnana til að tryggja að farið sé að reglum bandalagsins.

Við samvinnu á sviði stjórnsýslu ber að virða regluna um hlutföll milli þeirra krafna sem gerðar eru til stjórnsýslustofnana og ávinnings sem slík samvinna getur leitt af sér og regluna um nauðsynlegar trúnaðarkvaðir, viðskiptaleynd og þagnarskyldu og forðast óþarfa skrifræði og skörun núverandi kerfa og virða stjórnskipulag aðildarríkjanna.

Samvinna á sviði stjórnsýslu skal vera í fullu samræmi við gildandi ákvæði bandalagsins og innlend ákvæði um verndun persónulegra upplýsinga,

FAGNAR orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um þróun samvinnu á sviði stjórnsýslu við framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri markaðinum;

FAGNAR orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar um meðferð knýjandi mála í tengslum við framkvæmd á reglum bandalagsins og tillögum framkvæmdastjórnarinnar um úrbætur á gildandi fyrirkomulagi;

FAGNAR því frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar að hrinda í framkvæmd áætlun um viðræður við þá embættismenn sem framfylgja skulu ákvæðunum í aðildarríkjunum, til að meta þörfina á stjórnsýslulegri samvinnu á hinum ýmsu sviðum;

SAMÞYKKIR að áframhaldandi viðleitni til að bæta samskiptin milli stjórnsýslustofnana sé nauðsynleg til að ákvæðum bandalagsins verði framfylgt með árangursríkum, skilvirkum og samræmdum hætti á innri markaðinum og að skoða verði þarfirnar á hverju sviði sérstaklega;

SKORAR Á aðildarríkin að greiða fyrir slíkri samvinnu milli stjórnsýslustofnana sinna annars vegar og milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar, einkum með því að tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir lok 1994 um tengiliði og mikilvægar upplýsingar um stjórnskipulag sitt til að hún geti öðlast betri skilning á stjórnskipulagi hvers aðildarríkis um sig á þeim sviðum sem eru tilgreind í viðaukanum, nema framkvæmdastjórnin láti þess getið að slík tilkynning hafi þegar verið send;

STAÐFESTIR að tengiliðirnir skuli vera einstaklingar eða þjónustuaðilar sem aðildarríkin fela sérstaklega að annast innri samræmingu á þeim sviðum sem eru tilgreind í viðaukanum, í því skyni að tryggja tengslin annars vegar milli innlendra stjórnvalda sem skulu sjá um að framfylgja reglum viðvikjandi innri markaðinum og hins vegar milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar;

VIÐURKENNIR að helsta hlutverk tengiliðanna sé að vinna saman með sveigjanlegum, raunhæfum og hagkvæmum upplýsingaskiptum og að stuðla að gagnkvæmu trausti að því er varðar framkvæmd reglna bandalagsins og forðast óþarfa skrifræði og skörun núverandi kerfa og virða stjórnskipulag aðildarríkjanna og kröfur um hlutföll, trúnaðarkvaðir, viðskiptaleynd og þagnarskyldu og verndun persónuupplýsinga;

HVETUR framkvæmdastjórnina og aðildarríkin:

- a) til að halda áfram virkri framkvæmd viðræðuáætlunarinnar í viðkomandi nefndum, þar sem þær eru fyrir hendi, í þeim tilgangi að meta þarfir og koma sér saman um viðeigandi starfshætti eða málsmeðferð á hverju sviði fyrir sig;
- b) til að halda áfram að starfa í viðeigandi stofnunum með það í huga að meta forgangsverkefni svo unnt sé að setja upp fjargagnanet (telematic networks) á milli stjórnsýslustofnana og auk þess að starfa áfram að uppsetningu netkerfa sem hefur þegar verið ákveðið að séu nauðsynleg og arðbær;

HVETUR framkvæmdastjórnina:

- a) til að gegna lykilhlutverki í beinni skipulagningu á samvinnu lögbærra stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna og þjónustudeilda framkvæmdastjórnarinnar, einkum innan ramma núverandi stofnana og nefnda;
- b) til að gera tillögur að breytingum á löggjöf bandalagsins leiði reynslan af samvinnu á sviði stjórnsýslu í ljós að þess sé þörf;
- c) til að gera viðbótarráðstafanir, eftir því sem við á, til stuðnings samvinnu á sviði stjórnsýslu, til dæmis með því að skipuleggja námskeið og birta leiðbeiningar um hvernig túlka beri ákvæðin;
- d) til að skýra frá framvindu í samvinnu á sviði stjórnsýslu í ársskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um innri markaðinn;

GERIR SÉR LJÓST að framkvæmdastjórnin mun leggja fram viðeigandi tillögur, ef nauðsyn krefur, um frekari úrræði sem þörf kann að vera á sem stuðningsráðstafanir;

SKULDBINDUR SIG til að fjalla um tillögur frá framkvæmdastjórninni um bætt stjórnsýslutengsl milli aðildarríkjanna annars vegar og milli þeirra og bandalagsins hins vegar með það fyrir augum að stuðla að frjálsum vöruflutningum, frjálsum fólksflutningum, frjálstri þjónustustarfsemi og frjálsum fjármagnsflutningum.

## VIÐAUKI

### ÁÆTLUN UM VIÐRÆÐUR VARÐANDI SAMVINNU Á SVIÐI STJÓRNSÝSLU VIÐ FRAMKVÆMD OG FULLNUSTU LAGA BANDALAGSINS Á INNRI MARKAÐINUM

#### Efnissvið

- Tæknileg samhæfing: Tilskipanir um afnám viðskiptahindrana
- Opinber innkaup
- Skotvopn
- Vörur sem þjóna tvenns konar tilgangi
- Tilskipun um almennt öryggi vara
- Fjarskipti
- Matvæli, heilbrigði dýra og plantna, dýralyf
- Tilkynningar um tæknilegar reglugerðir
- Tollar
- Sköttun
- Hráefni til vinnslu ávana- og fíkniefna
- Menningarverðmæti
- Staðfesturéttur
- Félagaréttur
- Tryggingar- og bankastarfsemi, verðbréf
- Hugverkaréttur
- Útvarps- og sjónvarpssendingar
- Flutningar

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar** **94/EES/57/13**  
**nr. 42/94**  
**frá 15. desember 1994**  
**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB frá 17. janúar 1994 um sameiginlegar verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisamþykki<sup>(1)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

„2. **394 D 0023:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB frá 17. janúar 1994 um sameiginlegar verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisamþykki (Stjtið. EB nr. L 17, 20.1.1994, bls. 34).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað annarrar málsgreinar í kafla 3.2.2. í viðaukanum:

„Ef samstaða næst innan tækniráðs EOTA um umsóknir samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE eru nauðsynlegar

upplýsingar sendar með samþykki formanns EOTA til sameiginlegu EES-nefndarinnar til að fá leyfi til að veita evrópskt tæknisamþykki. Ef samstaða næst ekki innan tækniráðs EOTA er málinu vísað til framkvæmdanefndar sem ákveður hvort leggja skuli það fyrir sameiginlegu EES-nefndina.“

- b) Í þriðju málsgrein í kafla 3.2.2. í viðaukanum komi hugtakið „sameiginlega EES-nefndin“ í stað „framkvæmdastjórn EB“.

- c) Í síðasta málslið í kafla 3.2.5. í viðaukanum komi „skal málinu vísað til sameiginlegu EES-nefndarinnar“ í stað „skal málinu vísað til fastanefndar um byggingarmál (2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar) í gegnum framkvæmdastjórn EB“. “.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 17, 20. 1. 1994, bls. 34.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

### um sameiginlegar verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisamþykki(\*)

(94/23/EB)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur (1), einkum II. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 8. gr. áðurnefndrar tilskipunar er gert ráð fyrir því að veita megi evrópskt tæknisamþykki fyrir tilteknar vörur, meðal annars vörur sem ekki er til samræmdur staðall né landsstaðall fyrir og eins vörur sem víkja verulega frá samræmdum eða viðurkenndum landsstöðlum.

Það hefur verið ákveðið að taka upp sameiginlegar verklagsreglur um umsóknir, gerð og veitingu slíks samþykkis. Í II. viðauka áðurnefndrar tilskipunar er enn fremur ákveðið að sameiginlegar

verklagsreglur verði samþykktar af framkvæmdastjórninni á grundvelli álitsgerðar nefndarinnar í samræmi við 20. gr. tilskipunarinnar.

Nefndin sem gert er ráð fyrir í tilskipuninni afgreiddi þessar sameiginlegu reglur á fundi sínum 22. apríl 1993 í samræmi við settar starfsreglur í tilskipuninni.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*Stök grein*

Samkvæmt tilskipun 89/106/EBE skulu umsóknir um evrópskt tæknisamþykki og gerð og veiting á slíku samþykki fara fram í samræmi við sameiginlegar verklagsreglur sem koma fram í viðauka við þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 17. janúar 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 17, 20. 1. 1994, bls. 34, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

# VIÐAUKI

## SAMEIGINLEGAR VERKLAGSREGLUR VARÐANDI UMSÓKNIR, GERÐ OG VEITINGU Á EVRÓPSKU TÆKNISAMÞYKKI

### 0. Inngangur

- 0.1. Þessar sameiginlegu reglur segja til um hvaða málsmeðferð skuli viðhöfð við umsóknir, gerð og veitingu evrópsks tæknisamþykkis samkvæmt 3. lið II. viðauka tilskipunar ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur<sup>(1)</sup>, sem er nefnd hér á eftir „tilskipunin“.
- 0.2. EOTA eru heildarsamtök þeirra samþykktarstofa sem aðildarríki EB veita leyfi til að gefa út evrópskt tæknisamþykki samkvæmt tilskipuninni.

### 1. Almennar reglur

- 1.1. Skrifstofa EOTA færir skrá yfir veitingar á evrópsku tæknisamþykki. Skráin er birt opinberlega minnst einu sinni á ári.
- 1.2. Tækniráð EOTA skal skipa nauðsynlegar nefndir til að skipuleggja og samræma veitingu á evrópsku tæknisamþykki.
- 1.3. Samþykktarstofurnar birta opinberlega, hver á sínu tungumáli, yfirlit yfir veitingar á evrópsku tæknisamþykki.
- 1.4. Vandamálum sem koma upp í sambandi við tilskipunina og framkvæmdanefnd EOTA getur ekki leyst verður vísað til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna (hér á eftir „framkvæmdastjórn EB“) til úrlausnar.

### 2. Reglur varðandi umsókn um evrópskt tæknisamþykki

- 2.1. Framleiðandi eða fulltrúi með staðfestu í bandalaginu, hér á eftir nefndur „umsækjandi“, getur sótt um evrópskt tæknisamþykki. Fulltrúinn verður að hafa sérstakt umboð frá framleiðanda til að koma fram fyrir hans hönd.
- 2.2. Umsókn skal senda þar til bærri EOTA-stofu á viðkomandi svæði; óleyfilegt er að senda umsókn um sömu vöru til fleiri en einnar stofu.
- 2.3. Við umsókn samkvæmt þessari reglu heimilar umsækjandi samþykktarstofunni, sem hann leitaði til, að greina framkvæmdastjórn EB, öðrum EOTA-stofum og skrifstofu EOTA frá efni umsóknarinnar.
- 2.4. Áður en umsækjandi leggur inn umsókn skal hann
  - ef hann óskar þess og hefur skilað inn þeim gögnum sem stofan fer fram á
  - fá upplýsingar um eftirfarandi:
  - hvernig samþykki er afgreitt,
  - hversu langan tíma stofan telur sig þurfa til að afgreiða umsókn fyrir tiltekna vöru,
  - hver sé áætlaður kostnaður við afgreiðslu umsóknar og hvernig beri að greiða hann.

<sup>(1)</sup> Stjútís. EB nr. L40, 11.2.1989.

Ef vörusviðið hefur ekki verið viðurkennt sem heppilegt fyrir evrópskt tæknisamþykki, eða ef varan víkur verulega frá samræmdum stöðlum eða viðurkenndum landsstöðlum, þá skulu ofangreindar upplýsingar aðeins veittar umsækjanda eftir að ákvörðun um möguleika á evrópsku tæknisamþykki hefur verið tekin samkvæmt málsmeðferðinni í lið 3.2.

Umsækjanda verður greint frá ákvörðuninni.

- 2.5. Umsókn skal lögð fram á stöðluðu eyðublaði (sjá 1. viðbæti) á tungumáli aðildarríkisins þar sem samþykktarstofan er, nema hún leyfi annað.
- 2.6. Umsókninni skal fylgja lýsing á byggingarvörðunni, skilgreiningar, teikningar og prófunarskýrslur með nákvæmri greinargerð um vöruna og til hvers á að nota hana.
- 2.7. Í umsókninni skal umsækjandi tilgreina alla framleiðslustaði. Hann verður að sjá til þess að samþykktarstofan eða fulltrúar hennar geti skoðað þá á vinnutíma með hliðsjón af veitingu evrópsks tæknisamþykkis.
- 2.8. Samþykktarstofan skal innan tveggja mánaða staðfesta móttöku umsóknar og staðfesta að afgreiðsla hefjist (sjá staðlað eyðublað í 2. viðbæti).

Ef umsókn er hafnað verður samþykktarstofa að rökstyðja það. Umsækjandi getur þá vísað málinu til annarrar samþykktarstofu.

- 2.9. Samþykktarstofa skal upplýsa umsækjanda um það hvaða skjöl, prófniðurstöður, útreikninga o.s.frv. hann þarf að leggja fram svo stofan getið metið hvort varan henti til áætlaðra nota.

Umsækjanda er skylt að útvega samþykktarstofunni nauðsynleg gögn og aðstoða hana við matið.

- 2.10. EOTA-stofur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja leynd viðkvæmra trúnaðarupplýsinga sem þær fá í hendur vegna starfs síns.
- 2.11. Umsækjandi verður að staðfesta, með bindandi hætti samkvæmt lögum, að hann muni greiða allan kostnað í tengslum við afgreiðslu umsóknar og vegna tilheyrandi fylgiskjala í samræmi við landslög.
- 2.12. Ef umsækjandi sinnir ekki skyldum sínum eins og segir í þessu skjali, þá getur samþykktarstofa ógilt umsókn eftir vissan tíma.

### **3. Reglur varðandi veitingu á evrópsku tæknisamþykki**

- 3.0. Evrópska tæknisamþykkið varðar einungis þá eiginleika vöru sem tengjast grunnkröfunum í I. viðauka tilskipunarinnar og grunnskjölunum í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. CE-merkingin snertir aðeins þessi atriði.

Ef aðrir eiginleikar eru metnir skal því mati haldið skýrt aðgreindu frá mati á grunnkröfum, eftir samkomulag milli meðlima EOTA. Slíkt mat er frjálst.

Uppsetning evrópsks tæknisamþykkis skal svara til „almennrar fyrirmyndar“ sem framkvæmdastjórn EB samþykkti.

- 3.1. Veiting evrópsks tæknisamþykkis á grundvelli viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki (sbr. 1. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar)
  - 3.1.1. Inntak og form evrópsks tæknisamþykkis skal samsvara viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki.

3.1.2. Samþykktarstofan sem veitir evrópskt tæknisamþykki sendir það:

- öllum öðrum EOTA-stofum,
- aðalskrifstofunni og sendir hún afrit til framkvæmdastjórnar EB.

3.1.3. Á aðlögunartíma, sem EOTA ákveður fyrir sérhverjar viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki til að tryggja að samþykki sé sambærilegt milli samþykktarstofa, er uppkast að evrópsku tæknisamþykki, ásamt fylgiskjölum (prófniðurstöðum), lagt fyrir viðkomandi EOTA-stofu til skoðunar<sup>(1)</sup>.

3.1.4. Ef framkvæmdastjórn EB finnur, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar og eftir álitsgerð fastanefndarinnar, galla í veittu evrópsku tæknisamþykki sem á rætur í gölluðum viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki, þá má samþykktarstofan ekki veita oftar evrópskt tæknisamþykki á grundvelli þeirra viðmiðunarreglna.

3.2. Veiting evrópsks tæknisamþykkis án þess að viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki séu til (sbr. 2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar)

3.2.1. Inntak og form evrópsks tæknisamþykkis skal samsvara viðeigandi viðmiðunarreglum.

3.2.2. Samþykktarstofa, er fær fyrirspurn samkvæmt lið 2.4 eða umsókn um evrópskt tæknisamþykki fyrir vöru af tegund sem hefur ekki verið sótt um fyrir áður, skal fyrst ráðfæra sig við tækniráð EOTA um það hvort veita megi evrópskt tæknisamþykki fyrir þá vöru að öllu jöfnu og fylgja tiltekinni málsmeðferð við samræmismatið.

Ef samstaða næst innan tækniráðs EOTA um umsóknir samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar eru nauðsynlegar upplýsingar, sem framkvæmdastjórn EB hefur óskað eftir, sendar með samþykki formanns EOTA til framkvæmdastjórnar EB til að fá leyfi til að veita evrópskt tæknisamþykki. Ef samstaða næst ekki innan tækniráðs EOTA er málinu vísað til framkvæmdanefndar sem ákveður hvort leggi skuli það fyrir framkvæmdastjórn EB.

Við umsóknir um evrópskt tæknisamþykki samkvæmt b-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar mun framkvæmdastjórn EB ákveða, á grundvelli mats EOTA og viðeigandi upplýsinga, hvort vara af tegund, sem samræmdir staðlar eða viðurkenndir landsstaðlar ná til, vikur verulega frá þeim og hvort veita megi evrópskt tæknisamþykki.

3.2.3. Ef samkomulag næst samkvæmt lið 3.2.2 skal samþykktarstofa sem fær umsókn ráðfæra sig við aðrar viðkomandi EOTA-stofur og gera grein fyrir því hvernig hún hyggst afgreiða umsóknina, meðal annars hvað snertir prófáætlun, kröfur um skil og hvernig samræmisvottun fer fram.

Samþykktarstofan skal taka tillit til athugasemda hinna EOTA-stofanna.

3.2.4. Ef umsókn um evrópskt tæknisamþykki er fyrir vöru af tegund sem málsmeðferðin í lið 3.2.3 gildir um, þá verður tæknisamþykkið að byggjast á þeirri málsmeðferð.

3.2.5. Áður en samþykktarstofa veitir evrópskt tæknisamþykki sendir hún uppkast að því ásamt gögnum umsækjanda til viðkomandi EOTA-stofa og til aðalskrifstofunnar og skulu þær svara innan tveggja mánaða.

Samþykktarstofa veitir evrópskt tæknisamþykki þegar allar viðkomandi EOTA-stofur hafa skriflega lýst sig sammála því með hliðsjón af þriðja málslið 2. liðar II. viðauka tilskipunarinnar.

Evrópsku tæknisamþykki er dreift í samræmi við lið 3.1.2.

Ef ekki tekst að leysa vandamál eru þau sett á dagskrá hjá tækniráðinu.

(<sup>1</sup>) Þar til bærar EOTA-stofur: Stofur útnefndar af aðildarríkjunum til starfa á því vörusviði.



Ef samstaða næst innan tækniráðsins veitir samþykktarstofan evrópskt tæknisamþykki.

Ef samstaða næst ekki er málið sett á dagskrá hjá framkvæmdanefndinni og tekur hún ákvörðun um frekari aðgerðir.

Ef samstaða næst ekki innan framkvæmdanefndarinnar skal málinu vísað til fastanefndar um byggingarmál (2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar) í gegnum framkvæmdastjórn EB.

#### 4. Afturköllun á evrópsku tæknisamþykki

4.1. Samþykktarstofa skal afturkalla evrópskt tæknisamþykki ef framkvæmdastjórn EB hefur sent tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

4.2. Samþykktarstofa skal greina öðrum EOTA-stofum og aðalskrifstofunni frá afturkölluninni. Aðalskrifstofan kemur boðum til framkvæmdastjórnar EB.

#### 5. Breyting á evrópsku tæknisamþykki

5.1. Sækja skal um breytingu á evrópsku tæknisamþykki eftir venjulegum leiðum.

Umsóknin skal send samþykktarstofunni sem veitti upphaflega samþykkið.

5.2. Ákvæðin í liðum 3.1 og 3.2 gilda í þessu sambandi: Afgreiðsla umsóknarinnar nær aðeins til þeirra atriða sem snerta breytinguna beint.

5.3. Veitt er nýtt evrópskt tæknisamþykki sem kemur í stað hins gamla.

#### 6. Framlenging gildistíma

6.1. Í samræmi við 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar má framlengja gildistíma tæknisamþykkis (almennt) um fimm ár, að því tilskildu að framkvæmdastjórn EB hafi ekki tilkynnt viðkomandi samþykktarstofum og/eða EOTA-stofum að skilyrði sem upphaflega samþykkið hvíldi á hafi breyst.

Umsóknir skulu vera skriflegar og berast samþykktarstofu í síðasta lagi sex mánuðum áður en gildistíminn rennur út.

Ákvæðin í liðum 3.1 og 3.2 gilda í þessu sambandi.

6.2. Umsókn um framlengingu skulu fylgja tilskilin tæknileg gögn samkvæmt viðmiðunarreglum um framlengingu evrópsks tæknisamþykkis. Ef slíkar viðmiðunarreglur eru ekki til mun samþykktarstofa, að höfðu samráði við EOTA-stofur, kynna umsækjanda hvaða tæknilegu gögn hann þarf að leggja fram.

6.3. Slíkar framlengingar eru á ábyrgð stofunnar sem veitir þær og afgreiðslan á að vera eins ítarleg og við upphaflega matið.

## 1. VIÐBÆTUR

### UMSÓKN UM EVRÓPSKT TÆKNISAMÞYKKI, SAMANBER III. KAFLA TILSKIPUNAR RÁÐSINS 89/106/EBE

**1. Umsóknin er send til:**

(Heiti tilnefndu samþykktarstofunnar samkvæmt 10. gr. III. kafla í tilskipun 89/106/EBE).

**2. Umsækjandi:**

(Framleiðandi eða löglegur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu; ef umsókn er lögð fram af fulltrúa með staðfestu í bandalaginu þarf umboð framleiðanda að fylgja með).

**3. Byggingarvörutegund:**

**4. Vörumerki eins og það verður í tæknisamþykkinu:**

**5. Skilgreining á byggingarvörunni og áætluð notkun:**

(Fylgiskjöl skal senda með umsókninni, sbr. lið 2.6 í sameiginlegu verklagsreglunum um umsóknir, gerð og veitingu evrópsks tæknisamþykkis).

**6. Framleiðslustaðir þar sem byggingarvaran verður framleidd:**

**7. Yfirlýsing umsækjanda:**

Ég lýsi yfir hér með

(\*) - að ég hef ekki sótt um evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru sem um getur í liðum 3 og 4 til annarrar EOTA-stofu,

(\*) - að ég hef sótt um evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru sem um getur í liðum 3 og 4 til

.....  
(nafn hinnar EOTA-stofunnar)

Sú umsókn var ekki samþykkt.

(\*) **Krossið í viðeigandi reit.**

(staður og stund)

(lögleg undirskrift)

**2. VIÐBÆTIR**

(Nafn og heimilisfang viðurkenndrar samþykktarstofu)

**STAÐFESTING Á MÓTTÖKU UMSÓKNAR UM VEITINGU EVRÓPSKS  
TÆKNISAMÞYKKIS SAMKVÆMT TILSKIPUN RÁÐSINS 89/106/EBE**

1. Umsóknin sem er send af  
 .....  
 .....  
 .....  
 .....  
 og dagsett.....

(dagsetning umsóknar)

um evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru

.....

(sbr. liði 3 og 4 í umsókninni)

er hér með samþykkt og afgreiðsla umsóknarinnar hafin.

2. Afgreiðsla umsóknarinnar fær eftirfarandi tilvísunarnúmer:  
 .....

3. Afgreiðslan byggist á:

- eftirfarandi lagaákvæðum:  
 .....

(lagaákvæði sem hafa verið tekin upp í innlenda löggjöf vegna tilskipunar ráðsins 89/106/EBE)

- sameiginlegum verklagsreglum um umsóknir, gerð og veitingu evrópsks tæknisamþykkis,
- (viðeigandi ákvæðum samþykktarstofu, samþykktum, samningstextum eða því um líku, þar sem þess er krafist).

4. Kostnaður við afgreiðslu umsóknarinnar er ákveðinn á grundvelli:  
 .....  
 .....  
 .....

(taxtar, lagaákvæði eða önnur ákvæði sem gilda um samþykktarstofuna (með tilvísun))

.....

(staður og stund)

.....

(lögleg undirskrift)



**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****94/EES/57/14****nr. 43/94****frá 15. desember 1994****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi túlkunarskjöl í tilskipun ráðsins 89/106/EBE<sup>(1)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi ný fyrirsögn og nýr liður bætist við á eftir 2. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

„GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilarnir taki mið af efni eftirtalinna gerða:

3. **C/62/94/bls. 1:** Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi túlkunarskjöl í tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. EB nr. C 62, 28. 2. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**H. Hafstein**

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. C 62, 28. 2. 1994, bls. 1.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****94/EES/57/15****nr. 44/94  
frá 15. desember 1994****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi nýr kafli bætist við í II. viðauka við samninginn:

**„XXXI. SKEMMTIBÁTAR****GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL**

1. **394 L 0025:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta (Stjttö. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 15).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/25/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

(<sup>1</sup>) Stjttö. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttö. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttö. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 15.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/25/EB

frá 16. júní 1994

### um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta(\*)

#### EVROÞUPINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í stofnsáttmála Evrópubandalagsins (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Innri markaðurinn á að mynda svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Lög og stjórnsýslufyrirmæli sem í gildi eru í aðildarríkjunum, að því er varðar öryggi skemmtibáta, eru mismunandi að umfangi og innihaldi. Þessi mismunur hindrar viðskipti og kann að leiða til mismunandi samkeppnis skilyrða innan hins innri markaðar.

Eina leiðin til að afnema þessar hindranir af frjálsum viðskiptum er að samræma innlenda löggjöf. Einstök aðildarríki geta ekki náð þessum markmiðum á fullnægjandi hátt. Í þessari tilskipun er einungis mælt fyrir um kröfur sem eru nauðsynlegar til að tryggja frjálsan flutning skemmtibáta.

Þessi tilskipun tekur einungis til skemmtibáta að lágmarkslengd 2,5 m og hámarkslengd 24 m miðað við ISO-staðla.

Þegar ekki er hægt að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á sviði skemmtibáta og fhluta þeirra með því að aðildarríkin viðurkenni gagnkvæmt jafngilda sín á milli ber að ryðja þeim úr vegi í samræmi við hina nýju aðferð sem grein var gerð fyrir í ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 (4), en það krefst skilgreiningar á

grunnkröfum um öryggi og öðrum þáttum sem eru mikilvægir almannaheill. Í 3. mgr. 100. gr. a er kveðið á um að tillaga framkvæmdastjórnarinnar um heilsu, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd byggji á mikilli vernd. Grunnkröfurnar fela í sér viðmiðanir sem skemmtibátar, hálfsmíðaðir bátar og fhlutar þeirra, ósamsettir eða samsettir skulu samræmast.

Í þessari tilskipun eru því einungis settar fram grunnkröfur. Til að auðvelda framleiðendum að sýna fram á að grunnkröfum sé hlítt er nauðsynlegt að koma á samhæfðum stöðlum í Evrópu um skemmtibáta og fhluta þeirra eins og kveðið er á um í II. viðauka. Samhæfðir Evrópustaðlar eru samdir af einkaaðilum og er því ekki skylt að fara eftir þeim. Í framangreindum tilgangi eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) viðurkennd sem bærir aðilar til að samþykkja samhæfða staðla samkvæmt almennum viðmiðunarreglum um samstarf framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja samtaka, undirrituðum 13. nóvember 1984. Í tilskipun þessari er samhæður staðall tækniforskrift (evrópskur staðall eða samræmingarskjal) sem önnur eða bæði þessi samtök hafa samþykkt í umboði framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (5) og samkvæmt almennum viðmiðunarreglum sem um getur hér að framan.

Í ljósi eðlis þeirrar áhættu sem notkun skemmtibáta og fhluta þeirra felur í sér er nauðsynlegt að samþykkja reglur til að meta hvort farið sé að grunnkröfum þessarar tilskipunar. Þessar reglur skulu taka mið af því hversu mikla hættu skemmtibátar og fhlutar þeirra hafa í för með sér. Til viðbótar hverjum samræmingarflokki skal því vera viðeigandi regla eða val á milli nokkurra jafngildra reglna. Reglurnar sem samþykktar eru skulu samrýmast ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismarkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu (6).

Ráðið hefur kveðið á um að annaðhvort framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans í bandalaginu beri að sjá um CE-merkinguna. Merkið táknar að skemmtibátur og fhlutar hans samræmist öllum grunnkröfum og matsreglum sem kveðið er á um í bandalagslögum sem gilda um vöruna.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 123, 15. 5. 1992, bls. 7.

(2) Stjttíð. EB nr. C 313, 30. 11. 1992, bls. 38.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 16. nóvember 1992 (Stjttíð. EB nr. C 337, 21. 12. 1992, bls. 17). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 16. desember 1993 (Stjttíð. EB nr. C 137, 19. 5. 1994, bls. 1). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjttíð. EB nr. C 91, 28. 3. 1994).

(4) Stjttíð. EB nr. C 136, 4. 6. 1985, bls. 1.

(5) Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 88/182/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

(6) Stjttíð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 23.

Æskilegt er því að aðildarríkin geti, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 100. gr. a í sáttmálanum, gert bráðabirgðaráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu eða notkun skemmtibáta eða íhluta þeirra í þeim tilvikum þegar þeir hafa í för með sér umtalsverða hættu fyrir öryggi manna, og eftir því sem við á, húsdýra eða eigna, að því tilskildu að ráðstafanirnar heyri undir eftirlitskerfi bandalagsins.

Þeir sem ákvörðunin, sem tekin er með hliðsjón af þessari tilskipun, beinist að skulu fá upplýsingar um rök fyrir henni og hvaða möguleika þeir hafa til að áfrýja henni.

Nauðsynlegt er að kveða á um aðlögunarfyrirkomulag sem gerir kleift að markaðssetja og taka í notkun skemmtibáta og íhluta þeirra sem samræmast innlendum reglum sem í gildi eru daginn sem tilskipun þessi er samþykkt.

Í þessari tilskipun eru engin ákvæði sem miða að því að takmarka notkun skemmtibáta eftir að þeir hafa verið teknir í notkun.

Smíði skemmtibáta getur haft áhrif á umhverfið þar eð bátar geta gefið frá sér mengandi efni. Því er nauðsynlegt að í þessari tilskipun séu ákvæði um verndun umhverfisins enda snerti þessi ákvæði smíði skemmtibáta og bein áhrif hennar á umhverfið.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna, í samræmi við sáttmálann, til að mæla fyrir um þær kröfur varðandi siglingar á siglingaleiðum sem þeir álíta nauðsynlegar til að vernda umhverfi, gerð vatnaleiða og til að tryggja öryggi þeirra, að því tilskildu að bátunum verði ekki breytt á einhvern þann veg sem ekki er tilgreint í þessari tilskipun.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### 1. KAFLI

#### 1. gr.

1. Þessi tilskipun tekur ekki til skemmtibáta, hálfsmíðaðra báta og íhluta þeirra sem um getur í II. viðauka, hvort sem þeir eru samsettir eða ósamsettir.
2. „Skemmtibátur“ merkir allar tegundir af bátum, óháð knúningsmáta, frá 2,5 m til 24 m að skrokklengd, mælt í samræmi við viðeigandi samhæfða staðla, ætlaður til íþróttu og tómsunda. Sú staðreynd að hægt er að nota sama bátinn til leiguflutninga eða til að kenna skemmtisiglingar ætti ekki að koma í veg fyrir að hann heyri undir tilskipun þessa þegar hann er settur á markað í tómsundaskyni.
3. Eftirfarandi er undanskilið frá gildissviði þessarar tilskipunar:
  - a) bátar sem eru eingöngu ætlaðir til keppni, þar með taldir kappróðrabátar og árabátar til þjálfunar sem eru flokkaðir sem slíkir af framleiðendum;
  - b) kanóar og kajakar, gondólar og hjólabátar;

- c) seglbretti;
- d) vélknúin brimbretti, einkabátar og aðrir svipaðir vélknúinir bátar;
- e) upprunalegir sögulegir bátar og einstakar eftirlíkingar þeirra sem eru smíðaðir fyrir 1950 og sem eru alfarið smíðaðir úr upprunalegum efnivið og flokkaðir sem slíkir af framleiðendum;
- f) tilraunabátar, að því tilskildu að þeir verði ekki síðar meir settir á markað í bandalaginu;
- g) bátar smíðaðir til eigin nota, að því tilskildu að þeir verði ekki settir á markað í bandalaginu um fimm ára skeið;
- h) bátar sem sérstaklega er gert ráð fyrir að hafi áhöfn og flytji farþega í ábataskyni, með fyrirvara um 2. mgr., einkum þeir sem eru skilgreindir í tilskipun 82/716/ EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, óháð farþegafjölda;
- i) kafbátar;
- j) svifbátar;
- k) skíðabátar.

#### 2. gr.

##### Markaðssetning og heimild til notkunar

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins sé unnt að markaðssetja og taka í notkun vörurnar sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr. í samræmi við fyrirhugaða notkun þeirra ef þær hafa ekki í för með sér hættu fyrir öryggi og heilsu manna, eignir eða umhverfið þegar þær eru smíðaðar og viðhaldið á réttan hátt.
2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin samþykki, í samræmi við sáttmálann, ákvæði varðandi siglingar á tilteknum siglingaleiðum til að vernda umhverfi, gerð vatnaleiða og til að tryggja öryggi þeirra, að því tilskildu að þetta geri ekki kröfu um að bátum verði breytt í samræmi við tilskipun þessa.

#### 3. gr.

##### Grunnkröfur

Vörurnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skulu uppfylla grunnkröfur um öryggi, heilsu, umhverfisvernd og neytendavernd sem kveðið er á um í I. viðauka.

#### 4. gr.

##### Frjáls flutningur vara sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

1. Aðildarríki skulu ekki banna, takmarka eða hindra að settar verði á markað eða teknar í notkun á yfirráðasvæði þeirra vörurnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og eru merktar CE-

<sup>(1)</sup> Stjót. EB nr. L 301, 28. 10. 1982, bls. 1.



merkinu sem um getur í IV. viðauka sem gefur til kynna samræmi þeirra við öll ákvæði þessarar tilskipunar, þar með taldar samræmingarreglurnar í II. kafla.

2. Aðildarríkin skulu ekki banna, takmarka eða hindra að settir verði á markað hálfsmíðaþír bátar ef bátasmiðurinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu eða einstaklingur sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu lýsir því yfir, í samræmi við a-lið í III. viðauka, að þeir verði fullgerðir af öðrum.
3. Aðildarríkin skulu ekki banna, takmarka eða hindra að íhlutar sem um getur í II. viðauka og eru merktir með CE-merkinu, sem gefur til kynna samræmi þeirra við viðeigandi grunnkröfur, verði settir á markað og teknir í notkun, ef ætlunin er að setja þessa íhluti í skemmtibáta, í samræmi við yfirlýsingu, sem um getur í b-lið III. viðauka, frá framleiðandanum, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu eða, í tilviki innflutnings frá þriðja landi, frá einstaklingi sem setur þessa íhluta á markað í bandalaginu.
4. Aðildarríki skulu ekki hindra, á kaupstefnum, vörusýningum, í auglýsingum o.s.frv. að vörurnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og eru ekki í samræmi við þessa tilskipun verði komið á framfæri, að því tilskildu að sjáanlegt tákni gefi greinilega til kynna að slíkar vörur megi ekki markaðssetja eða taka í notkun þar til samræmingu er náð.
5. Ef vörurnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. heyra undir aðrar tilskipanir á öðrum sviðum sem kveða einnig á um CE-merkingu skal hið síðarnefnda gefa til kynna að slíkar vörur uppfylli ákvæði slíkra tilskipana. Ef ein eða fleiri þessara tilskipana heimila framleiðandanum, á aðlögunartímabili, að velja hvaða fyrirkomulag hann vilji hafa skal CE-merkingin þó gefa til kynna að varan uppfylli aðeins ákvæði þeirra tilskipana sem framleiðandinn notar. Í slíku tilviki skulu upplýsingar í þessum tilskipunum, eins og þær birtast í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, tilgreindar í skjölum, auglýsingum eða leiðbeiningum sem krafist er í þessum tilskipunum og fylgja slíkum vörum.

#### 5. gr.

Aðildarríki skulu ganga út frá því að vörurnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr., og eru í samræmi við viðeigandi innlenda staðla sem samþykktir eru samkvæmt samhæfðum stöðlum, uppfylli grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. ef tilvísanir í þá hafa verið birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Aðildarríkin skulu birta tilvísanir í slíka innlenda staðla.

#### 6. gr.

1. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin er þeirrar skoðunar að samhæfðu staðlarnir sem um getur í 5. gr. uppfylli ekki grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. ber framkvæmdastjórninni eða aðildarríkinu að tilkynna það nefndinni sem komið er á fót samkvæmt tilskipun 83/189/

EBE og gera grein fyrir ástæðunum. Nefndin skilar álitum eins fljótt og auðið er.

Með hliðsjón af álitum nefndarinnar tilkynnir framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum hvort afturkalla eigi viðkomandi staðla í ritunum sem um getur í 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur, samkvæmt 3. mgr., samþykkt hvaða viðeigandi ráðstöfun sem er í því skyni að tryggja að þessi tilskipun sé notuð eins alls staðar.
3. Framkvæmdastjórnin nýtur aðstoðar fastanefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fastanefndin setur sér starfsreglur.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitum sínu fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja, eftir því hversu brýnt málið er, ef nauðsynlegt með því að greiða atkvæði.

Álitid skal skráð í fundargerð. Þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

4. Því til viðbótar getur fastanefndin skoðað allar spurningar sem vakna varðandi beitingu þessarar tilskipunar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

#### 7. gr.

##### Öryggisákvæði

1. Þegar aðildarríki kemst að raun um að skemmtibátar eða íhlutar þeirra sem um getur í II. viðauka, merktir með CE-merkinu sem um getur í IV. viðauka, rétt smíðaþír, útbúnir, viðhaldið og notaðir á fyrirhugaðan hátt, geti stofnað öryggi og heilsu manna í hættu og skaðað eignir eða umhverfið ber því að gera allar viðeigandi tímabundnar ráðstafanir til að innkalla þá af markaðinum eða banna eða takmarka markaðssetningu þeirra eða að þeir verði teknir í notkun.

Hlutaðeigandi aðildarríki ber að tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um allar slíkar ráðstafanir og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni, meðal annars hvort skortur á samræmi stafi af því að:

- a) grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. eru ekki uppfylltar;
- b) stöðlunum sem um getur í 5. gr. hafi verið beitt á rangan hátt, svo framarlega sem staðhæft hefur verið að þessum stöðlum hafi verið beitt;

- c) annmarkar eru á stöðlunum sem um getur í 5. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila hið fyrsta. Telji framkvæmdastjórnin, að höfðu slíku samráði, að:
- ráðstafanirnar séu réttmætar ber henni þegar í stað að tilkynna það aðildarríkinu sem greip fyrst til ráðstafananna og hinum aðildarríkjunum. Þegar ákvörðunin sem um getur í 1. mgr. á rætur að rekja til annmarka á stöðlunum ber framkvæmdastjórninni, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, að leggja málið innan tveggja mánaða fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 6. gr. ef aðildarríkið sem greip til ráðstafananna hefur í hyggju að halda þeim áfram og hefja málsmeðferð þá sem um getur í 1. mgr. 6. gr.,
  - ráðstafanirnar séu óréttmætar ber henni þegar í stað að tilkynna það aðildarríkinu sem greip fyrst til ráðstafananna og framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.
3. Ef íhluti sem samræmist ekki ákvæðum II. viðauka er merktur með CE-merkinu skal aðildarríki sem hefur lögsögu yfir hverjum þeim sem sá um merkinguna gera viðeigandi ráðstafanir. Þetta aðildarríki tilkynnir hinum aðildarríkinu og framkvæmdastjórninni um þetta.
4. Framkvæmdastjórninni ber að sjá til þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framhald og lyktir þessa máls.

## II. KAFLI

### Samræmismat

#### 8. gr.

Áður en framleiðsla og markaðssetning hefst sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu fara eftir eftirfarandi reglum um bátahönnunarflokka A, B, C og D eins og um getur í 1. lið í I. viðauka.

1. Flokkar A og B
- fyrir báta með skrokk lengd undir 12 m; innri framleiðslustýring og prófanir (aðferðareining Aa) sem um getur í VI. viðauka,
  - fyrir báta með skrokk lengd frá 12 m til 24 m; EB-gerðarprófun (aðferðareining B) sem um getur í VII. viðauka ásamt aðferðareiningu C (gerðarsamræmi) sem um getur í VIII. viðauka eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B + D eða B + F eða G eða H.
2. Flokkur C
- a) fyrir báta með skrokk lengd frá 2,5 m til 12 m:

- þar sem samhæfðir staðlar varðandi liði 3.2 og 3.3 í I. viðauka eru uppfylltir; innri framleiðslustýring (aðferðareining A) sem um getur í V. viðauka,

- þar sem samhæfðir staðlar varðandi liði 3.2 og 3.3 í I. viðauka eru ekki uppfylltir; innri framleiðslustýring ásamt prófunum (aðferðareining Aa) sem um getur í VI. viðauka.

- b) fyrir báta með skrokk lengd frá 12 m til 24 m; EB-gerðarprófun (aðferðareining B) sem um getur í VII. viðauka ásamt aðferðareiningu C (gerðarsamræmi) sem um getur í VIII. viðauka eða einhver af eftirfarandi aðferðareiningum: B + D eða B + F eða G eða H.

#### 3. Flokkur D

Fyrir báta með skrokk lengd frá 2,5 m til 24 m; innri framleiðslustýring (aðferðareining A) sem um getur í V. viðauka.

4. Fyrir íhluta sem um getur í II. viðauka: ein af eftirfarandi aðferðareiningum: B + C eða B + D eða B + F eða G eða H.

#### 9. gr.

##### Tilkynntir aðilar

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þá aðila sem þeir hafa útnefnt til að inna verkefni af hendi sem lúta að reglum um samræmismat sem um getur í 8. gr., ásamt sérverkefnum sem þessir aðilar hafa verið útnefndir til að inna af hendi og kenninúmerin sem framkvæmdastjórnin hefur úthlutað þeim fyrirfram.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir tilkynnta aðila, ásamt skrá yfir kenninúmerin sem hún hefur úthlutað þeim og verkefni sem þeim hefur verið tilkynnt um að inna af hendi, í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Hún skal sjá til þess að þessi skrá verði uppfærð.

2. Aðildarríkin skulu nota viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í XIV. viðauka til að meta hvaða aðila eigi að útnefna. Litið skal svo á að aðilar sem uppfylla matsviðmiðanirnar sem ákveðnar eru með samhæfðum stöðlum uppfylli þessar viðmiðanir.
3. Aðildarríki sem hefur útnefnt aðila skal draga útnefninguna til baka ef aðilinn telst ekki lengur uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í XIV. viðauka. Það skal án tafar tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.

**III. KAFLI****CE-merki****10. gr.**

